


skoðun 20

**Orri Vigfússon**
*Veiði í Selá í Vopnafirði hefur nærri tvöfaldast á fimm árum.*
**veiði 46**





**2 SÉRBLÖÐ**
í Fréttablaðinu
Allt
Heilsa






# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

22. júlí 2010 — 170. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Björgólfur semur um 1.200 milljarða skuld

**Engar skuldir verða afskrifaðar í samningum um uppgjör gríðarhárra skulda Björgólfs Thors Björgólfssonar við lánardrottna. Björgólfur telur að það muni taka um fimm ár að greiða upp allar skuldir. Hann segist engin lög hafa brotið.**

**VIÐSKIPTI** Björgólfur Thor Björgólfsson hefur samið við lánardrottna um uppgjör á tæplega 1.200 milljarða króna skuldum. Engar skuldir verða afskrifaðar, en Björgólfur áætlar að um fimm ár geti liðið þar til hann verði skuldlaus. Þangað til mun hann vinna fyrir lánardrottna sína.

Samkvæmt uppgjörinu nema skuldir Björgólfs við innlenda og erlenda lánardrottna tæplega 1.200 milljörðum króna, segir Ragnhildur Sverrisdóttir, talsmaður Novators, félags Björgólfs Thors. Skuldin nemur því ríflega tvöföldum fjárlögum Íslands í ár, en þau voru ríflega 555 milljarðar króna. Ragnhildur segir skuldir vegna Actavis langstærsta bitann, en Björgólfur hafi verið í miklum persónulegum ábyrgðum vegna annarra viðskipta. Til dæmis hafi fallið á hann 40 milljarða króna skuld við gjaldþrot Samsonar.

„Með þessu skuldauppgjöri er staða mín ljós. Ég bý enn að traustu viðskiptasambandi við öfluga erlenda banka og hef allt frá hruni lagt áherslu á að byggja upp á nýjan leik, til dæmis með því að laða erlent fjármagn að íslensku atvinnulífi,“ er haft eftir Björgólfi í fréttatilkynningu.

„Starfsemi mín mun, hér eftir sem hingað til, einkennast af raunverulegum viðskiptum með raunverulegar eignir, en ekki málamyndaviðskipti með ímynduðar eignir, sem því miður voru of ríkjandi í íslensku viðskiptalífi á undanförnum árum.“

Haft er eftir Björgólfi að ekkert hafi komið fram sem gefið hafi tilefni til málshöfðunar eða þess að samningum sem hann hafi gert verði rift. „Ég er þess fullviss að ekkert slíkt tilefni gefst, enda tel ég mig engin lög hafa brotið.“

Björgólfur vildi ekki veita viðtal vegna málsins í gær. - bj / sjá síðu 6



NORDICPHOTOS/AFP

**HEIMSMET Í HAAG** Um 250 sóldýrkendur settu heimsmet á ströndinni í Haag í Hollandi í gær. Metið var metnaðarfullt og fólst í því að sem flestir bæru á sig sólarvörn á sama tíma á ákveðnum fermetrafjölda.

Lög um erlenda fjárfestingu verða tekin til umræðu á Alþingi í haust:

# Titringur í stjórninni vegna Magma

**STJÓRNMÁL** Lög um erlenda fjárfestingu verða tekin til umræðu á Alþingi í haust, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Eftir kaup Magma á HS orku virðast stjórnarflokkarnir sammála um að á þeim þurfi að skerpa. Þeir eru þó ósammála um tilvik Magma.

Æ fleiri framámenn Vinstri grænna krefjast þess nú að samningum verði rift, enda sé um málamyndagjörning að ræða. Árni Þór Sigurðsson tók í gær undir orð Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra um að kaupin orkuðu tvímælis. Árni Þór ýjar að því að öðrum fjárfestum hafi verið haldið frá samningnum og kallar eftir því að Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra sinni rannsóknarskyldu sinni. Þá vex þeirri kröfu fiskur um hrygg innan flokksins að forsætisráðherra stígi fram fyrir skjöldu í málinu.

Samfylkingin óttast að verði hróflað við samningnum tapist fjárfesting fyrirtækisins úr landi og það gæti haft skaðleg áhrif á aðra fjárfesta.

Náist ekki samkomulag milli stjórnarflokkanna um rannsókn á kaupunum eru allar líkur á að einhver þingmanna Vinstri grænna leggi fram frumvarp um slíka nefnd á þingi í haust. - kóp / sjá síðu 16




**Agent Fresco í stúdíó**
*Hljómsveitin Agent Fresco vinnur nú að upptökum á fyrstu breiðskífu sinni.*
**fólk 50**

**Þekkti einn á staðnum**
*Sigurður Valur Ásbjarnarson er nýr bæjarstjóri Fjallabyggðar.*
**tímamót 26**





**Landsmótið að hefjast**
*Stærsta golfmót ársins hefst í Kiðjabergi í dag.*
**sport 44**


**veðrið í dag**




**BJART NA-LANDS** Í dag verður fremur hæg suðvestlæg átt á landinu, skýjað með köflum og dálítil væta S-og V-til en yfirleitt léttskýjað NA-lands. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4


Fréttablaðið er með 180% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.




**SKRADDARAR** Kjartan Ágúst Pálsson er nemi í klæðskurði hjá Árna Gærdbo.

Karlkyns klæðskerum fjölgar:

# Ungur nemur, gamall temur

**TÍSKA** Aðeins einn karlkyns klæðskeri er skráður í 90 manna fagfélagi hér á landi. Sá er Árni Gærdbo í saumaverkstæðinu Skraddarinn á horninu. Hann hefur starfað í greininni í yfir fimmtíu ár, ýmist á Íslandi eða í Færeyjum. Nú er hann í fyrsta skipti með karlkyns nema og það þykir honum ánægjuleg þróun.

„Klæðskurður hefur orðið kvennafag á síðustu áratugum og erfitt hefur reynst að snúa því við en Kjartan Ágúst Pálsson er ungur og áhugasamur maður og hann getur gert allt,“ segir Árni sem verður áttræður á næsta ári. - gun / sjá allt í miðju blaðsins

Íþrótta- og menningarhátíð:

# Íslenskt félag á Gay Games

**HEILSA** Stærsta íþrótta- og menningarhátíð samkynhneigðra í heimi, Gay Games, fer fram í lok mánaðarins og sendir íþróttafélagið Styrmir í fyrsta sinn þátttakendur til leiks. Tíu þúsund íþróttamenn frá yfir sjötíu löndum taka þátt í hátíðinni.

„Við sendum sundlið, blaklið og lið sem keppir í skotfimi. Svo eru nokkrir fótboltastrákar,“ segir Jón Þór Þorleifsson, sem er í sundliði Styrmis. Blak- og skotfimiliðin voru stofnuð í vetur en stefnt hefur verið að þátttöku á hátíðinni frá því á síðasta ári. - mmf / sjá Heilsu







## SPURNING DAGSINS



*„Borgþór, er Surtsey að vaxa úr grasi?“*

„Já, það má með sanni segja, en þar kennir þó enn margra grasa.“

Borgþór Magnússon er vistfræðingur á Náttúrufræðistofnun. Í Fréttablaðinu í gær var rætt við hann um gróðurfar í Surtsey en plöntutegundum þar hefur fækkað undanfarin ár.

Síðasti kjarafundur slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna algerlega tilgangslaus:

# Verkfall skellur á klukkan átta á morgun

**KJARAMÁL** Allt stefnir í verkfall hjá slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum á morgun. Valdimar Leó Friðriksson, framkvæmdastjóri Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fyrrum þingmaður Samfylkingarinnar, segir síðasta kjarafund sambandsins í gærdag hafa verið algjörlega tilgangslausan og ekkert hafi verið reynt til þess að koma til móts við slökkviliðsmenn.

„Sveitarfélögin buðu ekki upp á neitt og enginn samningsvilji var fyrir hendi,“ segir Valdimar Leó. „Nú er verið að skipuleggja undanþágunefndir fyrir verkfallið. Þetta skellur á af fullum þunga á föstudaginn klukkan átta.“

Verkfallið mun standa í átta klukkustundir. Millistofnanasjúkraflutningar munu liggja niðri og engum aukaútköllum verður sinnt, sem þýðir að menn á frívöktum munu ekki mæta til vinnu og því verður ekki hægt að kalla út aukamenn ef alvarlegur bruni mun verða. Um 40 slökkviliðsmenn á frívöktum voru kallaðir út þegar stóri bruninn varð við Lækjartorg í apríl 2007.

Ef verkfall skellur á verður engin varðstaða á Akureyrarflugvelli, sem þýðir að engin flug verða á milli klukkan átta um morguninn og fjögur síðdegis á föstudag. Boðið verður upp á aukaflug klukkan 7.50 og svo klukkan 16.10, samkvæmt Ara Fossdal, stöðvarstjóra Flugfélags Íslands á Akureyri. **- sv**



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**MÁLIN RÆDD** Á skrifstofu Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna við Brautarholt 30 ræddu menn um kjaramál og hugsanlegt verkfall.

# Gefur skólabörnum töskur og öll ritföng

**Atvinnurekandi á Dalvík hefur keypt allar nauðsynlegar skólavörur fyrir þau börn sem hefja nám við grunnskóla bæjarins í haust. Hann segir slíkt nýtast betur en hefðbundna styrki til félagasamtaka og hvetur aðra til slíkra gjafa.**

**FÓLK** „Fyrirtæki eru svolítíð föst í því að styrkja alltaf sömu hlutina, íþróttahreyfinguna og eitthvað slíkt – sem er bara mjög gott mál – en við ákváðum að kanna það núna hvort peningarnir nýttust hugsanlega betur annars staðar,“ segir Björn Snorrason, eigandi og forstjóri fyrirtækisins Dalpay á Dalvík, sem hefur gefið öllum börnum sem hefja nám í Dalvíkurskóla í haust allar þær skólavörur sem krafist er.

„Fyrirtækin hafa ekkert endilega endalaust magn af aurum til að henda í allar áttir – annars mundi maður ábyggilega gera það – þannig að við vildum bara koma þessu fyrir á sem bestum stað,“ bætir Björn við. Dalpay hafði því samband við skólann og kynnti stjórnendum hans hugmyndina og fékk upplýsingarnar um þær vörur sem krafist væri. Þær eru af ýmsum toga; skólatöskur, pennaveski, ýmiss konar möppur og stílabækur, blýantar, trélitir, yddarar, lím og skæri, svo fátt eitt sé nefnt.

Börnin eru tuttugu og úr því að Dalpay keypti aðföngin í slíku magni fékkst afsláttur. Heildarpakkinn kostaði tæpar 400 þúsund krónur. „Þannig að þetta kemur sér vel fyrir alla,“ segir Björn.

Björn segir að fleira en fjármálasjónarmið geri þetta snjalla gjöf. Til dæmis geti það komið í veg fyrir stríðni í skólanum ef allir verða jafn settir við upphaf skólagöngunnar og með sams konar búnað. Það sé enda ekki á færi allra foreldra að útbúa börn sín ríkulega.

Björn segir uppátækinu hafa verið vel tekið, þótt einhverjir foreldrar hefðu þegar verið búnir að kaupa sitthvað af vörunum fyrir börnin áður en fréttist af því. Þau geti þó mögulega skilað þeim.

Björn vonar að önnur fyrirtæki fari að fordæmi hans. „Það þætti mér alveg kjörið því þetta er ágæt búbót fyrir fólk. Þetta eru í raun ekki stórir peningar. Hugsaðu þér öll fyrirtækin – nú veit ég svo sem ekki með höfuðborgarsvæðið – en á flestum þessum litlu svæðum úti á landi eru öflug fyrirtæki sem mundi sjálfsagt ekki muna um þetta,“ segir hann.

Fyrirtækið Dalpay sér um svokallaða færslumiðlun, eða greiðslukerfi fyrir kreditkort á vefsíðum. Fyrirtækið var stofnað árið 2004 og skipti í fyrstu aðallega við erlend fyrirtæki. Upp á síðkastið hefur innanlandsmarkaður verið að glæðast, að sögn Björns.

stigur@frettabladid.is



**GJAFMILDUR ATVINNUREKANDI** Björn Snorrason gefur um tuttugu börnum, sem eru að hefja nám í Dalvíkurskóla, skólatöskur og ritföng.

Deilur um hvíldarstaðinn:

## Ceausescu grafinn upp í gær

**RÚMENÍA, AP** **Jarðneskar leifar fyrrum einræðisherrans Nicolae Ceausescu og Elenu, konu hans, voru grafnar upp í gær. Tilgangurinn var sá að sanna hvort raunverulega væri um þau að ræða.**

**Ceausescu-hjónin voru tekin af lífi á jóladag 1989, eftir að einræðisherranum hafði verið steypt af stóli. Börn hjónanna eru meðal margra Rúmena sem hafa efast um að þau hafi raunverulega verið grafin í herkirkjugarðinum í Ghencea. Sýni voru því tekin úr jarðneskum leifum í kistum þeirra. Allt að sex mánuði gæti tekið að fá niðurstöður úr þeim að sögn yfirvalda.** **- þeb**

Sýknaðir af stríðsglæpum:

## Réttað aftur yfir leiðtoga

**HOLLAND, AP** Rétta á aftur yfir Ramush Haradinaj, fyrrverandi forsætisráðherra Kósóvó, fyrir stríðsglæpadómstólnum í Haag. Haradinaj var einn helsti leiðtogi Frelsishers Kósóvó í sjálfstæðisbaráttu landsins gegn Serbíu.

Hann var sakaður um morð, pyntingar og nauðganir meðal annars ásamt Idriz Balaj og Lahi Brahimaj. Brahimaj var sakfelldur en hinir sýknaðir vegna skorts á sönnunum. Dómari segir að þeir hafi haft í hótunum við þau.

Hann verður ákærður fyrir morð, pyntingar og slæma meðferð á föngum. **- þeb**

## LÖGREGLUMÁL

### Freonleki í Hagkaupum

Slökkvilið var með mikinn viðbúnað eftir að tilkynnt var um freonleka úr kælikerfi í Hagkaupum í Skeifunni í gærkvöldi. Lekinn reyndist minni háttar og hægt var að opna verslunina á ný eftir hreinsun. Lekinn varð ekki í verslunarrými og engin slys urðu á fólki vegna hans, að sögn slökkviliðs.

Ný stjarna fundin:

## Er þyngri og skærari en sólin

**BRETLAND** Vísindamenn telja að þeir hafi fundið eðlisþyngstu stjörnu sem vitað er um. Hún er hundruðum sinnum þyngri en sólin, og gæti hafa verið allt að 320 sinnum þyngri, þegar hún var sem stærst.

Stjarnan nefnist R136a1 og fannst í miðju þyrpingar í Tarantula Nebula, í Stóra Magellan skýinu, stjörnuþoku sem er í 165 þúsund ljósára fjarlægð frá Vetrarbrautinni. Stjarnan skín nærri því tíu milljón sinnum skærar en sólin. Stjörnur eins og þessi hafa stuttan líftíma miðað við aðrar, þrjár milljónir ára, og er það meðal ástæða þess hversu erfitt er að finna þær. **- þeb**

Starfsmenn Dögunar:

## Styðja frjálsar rækjuveiðar

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** **Tuttugu starfsmenn rækjuvinnslunnar Dögunar á Sauðárkróki lýsa ánægju með þá ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að gefa veiðar á úthafsrækju frjálsar.**

**Í yfirlýsingu þeirra segir að ákvörðunin muni „tvímælalaust auka atvinnu til sjós og lands“.**

**Í sama streng tekur Þjóðareign, samtök um auðlindir í almannaþágu. Í yfirlýsingu samtakanna er ákvörðun ráðherra fagnað og skorað á hann að „láta eiginhagsmunabaráttu hagsmunaafla eins og vind um eyru þjóta og hvika hvergi frá ákvörðuninni“.** **- sh**

## DANMÖRK

### Danskur hermaður lést

Einn danskur hermaður lést og annar særðist þegar sprengja sprakk í Helmand-héraði í Afganistan í gær. Hermennirnir voru við hefðbundin eftirlitsstörf þegar sprengjan sprakk. Alls hafa 33 danskir hermenn látist í Afganistan frá árinu 2002.






Talið að bilun í bremsum hafi getað valdið því að rúta valt á leið niður brekku:

# Þrír illa slasaðir eftir rútuslys

**SLYS** Þrír erlendir ferðamenn eru alvarlega slasaðir eftir að lítil rúta fór út af þjóðvegi 1 og valt skammt frá bænum Einarsstöðum í Reykjadal í Þingeyjarsýslu á sjöunda tímanum í gærkvöldi.

„Þetta var ljót aðkoma, það slösuðust allir í rútunni,“ segir Guðrún Jóna Svavarsdóttir. Hún býr á bænum Jaðri, en rútan hafnaði á túninu við bæinn.

Að sögn lögreglu voru engin hemlaför á veginum, og því er talið líklegt að bremsur rútunnar hafi bilað. Málið verður rannsakað.

Tvær konur voru fluttar með sjúkraflugi á Landspítalann í gærkvöldi, samkvæmt upplýsingum frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Þær voru með beinbrot og innvortis áverka.

Sautján voru um borð í rútunni: bílstjóri, leiðsögumaður og fimmtán erlendir ferðamenn. Allir voru fluttir á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til aðhlynningar.

Samhæfingarmiðstöð Almannavarna var virkjuð vegna slyssins, og bæði þyrla Landhelgisgæslunnar og sjúkraflugvél á Akureyri settar í viðbragðsstöðu. **- bj**



**VALT** Fjölmennt lið lögreglu, sjúkraflutningamanna og björgunarsveitarmanna flykktist á vettvang slyssins.

MYND/ÓLÖF DÓMHILDUR JÓHANNSDÓTTIR


ALLAR
TRJÁPLÖNTUR
OG SUMARBLÓM
50%
afsláttur
TOPPAR
ýmsar tegundir
1.250
2.490
TRJÁPLÖNTU
ÚTSALA
NÚ ER TÍMINN!
BIRKIPLANTA
Í POTTI
575
1.149
EINIR
JUNIPERUS BLUE CARPET
995
2.190
GARÐÁLFAR
25%
afsláttur
FROSTÞOLNIR
ÚTIPOTTAR
30%
afsláttur
EINIR
JUNIPERUS MEYERI
995
2.190
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

## GENGIÐ 21.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,03 | 123,61 |
| Sterlingspund | 187,86 | 188,78 |
| Evra | 157,55 | 158,43 |
| Dönsk króna | 21,14 | 21,264 |
| Norsk króna | 19,636 | 19,752 |
| Sænsk króna | 16,648 | 16,746 |
| Japanskt jen | 1,4127 | 1,4209 |
| SDR | 185,24 | 186,34 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
201,7201

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Veiðar má ekki gefa frjálsar nema Hafrannsóknastofnunin leggi það til:

# Endurskoðunarákvæði vantar í fiskveiðistjórnarlögin

**SJÁVARÚTVEGUR** Í lög um fiskveiðistjórnun vantar ákvæði sem gera ráðherra kleift að endurskoða grundvöll upphaflegrar kvótaúthlutunar, svo sem vegna breytinga á útbreiðslusvæði tegunda, breyttra útgerðarhátta, vistkerfisbreytinga eða breyttra veiðiaðferða. Þetta kemur fram í áliti sem Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður vann fyrir landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið í júlí í fyrra.

Óskað hafði verið eftir áliti á því hvaða leiðir væru færar í afnámi kvótaúthlutunar vegna úthafsrækju og skötusels. Niðurstaða Ástráðs er að lögin bindi hendur ráðherra í því að sé ákveðinn heildarafli, þá beri að ráðstafa honum með úthlutun veiðiheimilda. „Séu veiðar hins vegar gerðar frjálsar er ráðherra ekki heimilt að takmarka þær að öðru leyti,“ segir í álitinu.

Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra kynnti fyrir helgi ákvörðun sína um að gefa rækjuveiðarnar frjálsar næsta fiskveiðiár. Í áliti Ástráðs segir að það verði að óbreyttum lögum þó tæpast gert nema Hafrannsóknastofnunin geri tillögu um slíkt. Hún leggur hins vegar til sjö þúsund tonna aflamark á næsta fiskveiðiári. „Ráðherra þyrfti að undirbyggja slíka ákvörðun vel og því skemur sem tegund yrði haldið utan kvóta því viðkvæmari yrði ákvörðunin fyrir gagnrýni,“ segir í álitinu. **- óká**



**RÆKJUVINNSLA** Í lögum um fiskveiðistjórnun segir að ákvörðun um kvótaafnám þurfi stuðning Hafrannsóknastofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FÓLK** Launavísitala og kaupmáttarvísitala hækkuðu báðar í júní og má því gera því skóna að fólk hafi eilítið meira milli handanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kaupmáttarvísitala hækkar:

## Launavísitala hækkar í júní

**KJARAMÁL Launavísitala hækkaði um 2,2 prósent í júní og var hún 378,3 stig. Síðastliðna 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 6,1 prósent. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.**

**Laun hækkuðu um 6.500 krónur, eða að lágmarki 2,5 prósent, 1. júní, samkvæmt kjarasamningum aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Sambærilegar hækkanir voru hjá aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Vísitala kaupmáttar hækkaði einnig í júní, eða um 2,6 prósent, og er nú 106,6 stig. Hún hefur hækkað um 0,3 prósent síðastliðna tólf mánuði.** **- kóp**

### KÓPAVOGUR

## Geta sent tillögur netleiðis

Kópavogsbúar geta nú komið ábendingum og tillögum á framfæri við stjórnendur bæjarins í gegnum ábendingakerfi á vef Kópavogs, kopavogur.is. Sendandi þarf að gefa upp nafn, heimilisfang og netfang og fær fljótlega upplýsingar um það hver fær ábendingu hans til úrvinnslu. Hann getur þannig fylgst með framgangi málsins hjá stjórnsýslu bæjarins.

# Skattkerfið dragi úr tekjutengingu bóta

**Unnið er að tillögum um nýtt skattkerfi sem verði tilbúnar um áramót. Skoðað er að tekjutengja skatta áfram en draga á móti úr tekjutengingu bóta og stokka kerfið upp. Leigubætur og vaxtabætur sameinaðar í húsnæðisbætur.**

**EFNAHAGSMÁL** Tillögur að nýju skattkerfi verða lagðar fram um áramót, ef allt gengur eftir. Um síðustu áramót var kerfinu breytt og tekið upp þrepaskipt kerfi. Þær breytingar voru kynntar til eins árs á meðan heildarendurskoðun færi fram. Sú vinna stendur yfir.

Fjármálaráðherra skipaði nefnd til að endurskoða kerfið. Þar eru ýmsar hugmyndir uppi á borðum: þrepaskipting skatta og uppstokkun bótakerfis.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, segir góða samvinnu milli stjórnarflokkanna um málið og það sé á forræði fjármálaráðherra. Ráðuneyti hans á fulltrúa í nefndinni. Árni Páll segir að það hversu mörg skattþrepin verði þurfi að skoðast í samhengi við skerðinguna bótamegin. Ekki gangi að tekjutengja bæði skatta og bætur.

Árni Páll segir það í samræmi við kerfið á Norðurlöndunum, þar sé tekjutengingin skattamegin, en ekki bóta. Horfa verði til þess að tekjutenging sé ein tegund skattlagningar.

„Þá er grunnvinna í gangi varðandi nýtt barnatryggingakerfi sem tæki við af barnabótakerfi. Það ætti að mæta betur hag barnmargra lágtekjufjölskyldna og hvetja fólk til atvinnuþátttöku og auðvelda þannig leið út úr atvinnuleysi,“ segir Árni Páll.

Þá er til skoðunar að koma á fót nýju húsnæðisbótakerfi, sem leysti af vaxtabætur og húsaleigubætur. Þá yrði komið á fót einu húsnæðisbótakerfi óháð því hvort menn kaupa eða leigja.

„Það lá alltaf fyrir að um næstu áramót yrði lagt fram nýtt kerfi sem yrði endurskoðað í heild sinni og við stefnum að því.

Við viljum kerfi sem styður enn frekar en nú við þær fjölskyldur sem eiga á hættu að lenda í fátæktargildrum og mæti betur framfærsluþörf vegna barna og húsnæðis.“ **- kóp**



**FÓLK** Unnið er að breytingum á skattkerfinu og gert er ráð fyrir að þær liggi fyrir um áramót. Skattar verða tekjutengdir en dregið verður úr tekjutengingum bóta. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fjöldapóstur um Evrópumál:

## Heimssýn vill rétta myndina

**EVRÓPUMÁL** Tölvupósturinn sem Nigel Farage, Evrópuþingmaður og formaður Breska sjálfstæðisflokksins, sendi á kollega sína að beiðni Heimssýnar, samtaka andstæðinga Evrópusambandsaðildar Íslendinga, var hugsaður í því skyni að gefa fólki rétta mynd af stöðu mála hér á landi.



**PÁLL VILHJÁLMSSON**

Þetta segir Páll Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Heimssýnar og höfundur bréfsins, sem bendir á að utanríkisráðuneytið hafi einungis haldið á lofti afstöðu ráðherrans í málinu.

„Ég sendi þennan texta vítt og breitt með ósk um frekari dreifingu,“ segir Páll. „Utanríkisráðuneytið hefur ekki endurspeglað aðra afstöðu en Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra sem er aðildarsinni. Þar með er hætta á að umheiminum fái brenglaða mynd af vilja þjóðarinnar.“ **- sh**

### SVEITARSTJÓRNARMÁL

## Gunnsteinn nýr sveitarstjóri

Gunnsteinn R. Ómarsson hefur verið ráðinn sveitarstjóri Rangárþings ytra. Hann hefur störf 1. september. Alls sóttu 36 um sveitarstjórastöðuna.

### VIÐSKIPTI

## Sendinefnd til Sádi-Arabíu

Íslandsstofa kannar nú áhuga hérlendra fyrirtækja á þátttöku í viðskiptasendinefnd til Jedda í Sádi-Arabíu í október. Sendinefndin er skipulögð í tengslum við þátttöku íslenskra vatnsútflytjenda í sýningunni Saudi Water and Power. Þátttaka í nefndinni er ekki bundin þátttöku á sýningunni.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SÓL OG SUMAR FYRIR NORÐAN**

Veðurspáin fyrir Norðausturland er hreint frábær næstu daga en það er útlit fyrir hæglætis veður, sól og 17-22°C. Mesta blíðan verður líklega í Ásbyrgi á laugardag og á veðrið eflaust eftir að laða að mikinn fjölda þátttakenda í Jökulsárhlaupið.



**Á MORGUN** 8-13 m/s SV-til annars hægari.

**LAUGARDAGUR** Fremur hæg SV-átt en hæglætis veður NA-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 31° |
| Berlín | 33° |
| Billund | 23° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 30° |
| Gautaborg | 24° |
| Kaupmannahöfn | 24° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 20° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 32° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 24° |
| París | 24° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 26° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar:**

Geysir Haukadal.
Geysir Skólavörðustígur 16.

**KJÖRKASSINN**



*Var það rétt ákvörðun hjá sjávarútvegsráðherra að gefa frjálsar veiðar á úthafsrækju?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 70,6% |
| NEI | 29,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú komið til Vestmannaeyja á síðustu fimm árum?*

Segðu þína skoðun á visir.is **vísir**

Allt bendir til þess að pest sem lagst hefur á íslenska hestastofninn megi rekja til streptókokkasýkingar:

# Telja að fjórða hvert hross geti smitast aftur

**DÝRAHALD** Einkenni sýkingarinnar sem herjað hefur á íslensk hross undanfarna mánuði má að öllum líkindum rekja til streptókokkasýkingar í hálsi hrossanna, samkvæmt niðurstöðum úr sýnum úr veikum hrossum á Tilraunastöðinni á Keldum.

Fram kemur á vef Matvælastofnunar að enn sé unnið að rannsóknum á uppruna sýkingarinnar, en reikna verði með því að fjórða hvert hross sem fengið hafi veikina eigi á hættu að veikjast aftur. Ræktun á streptókokkum úr sýktum hrossum bendir til þess að sýkingin búi fyrst og fremst um sig í slímhúð í hálsi og breiðist síðar út í nefhol og barka.

Faraldurinn náði hámarki í húshrossum um mánaðamótin apríl/maí, samkvæmt könnun sem gerð var meðal eigenda hrossa. Algengast var að hross hóstuðu í þrjár vikur eða minna, og sjaldgæft var að þau hefðu einkenni lengur en í sex vikur. Meirihluti hrossanna er nú kominn yfir veikina, að mati þeirra sem svöruðu könnuninni.

Matvælastofnun mælir með því að smituðum hrossum sé haldið frá heilbrigðum hrossum. Þá sé nauðsynlegt að þrífa vel og sótthreinsa hesthús. Talið er að draga megi verulega úr hættu á nýjum faraldri í haust fylgi hestaeigendur þessum leiðbeiningum. **- bj**



**PEST** Hægt er að meðhöndla sýkinguna með pensilíni, og sjálfsagt að gera það séu hross enn að kljást við sýkinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Segir engar skuldir verða afskrifaðar

**Björgólfur Thor Björgólfsson hefur samið um uppgjör skulda við lánardrottna. Skuldirnar nema tæplega 1.200 milljörðum króna. Vonast til að hlutur hans í Actavis dugi til að greiða upp skuldir. Ítrekar afsökunarbeiðni vegna mistaka.**

**VIÐSKIPTI** Björgólfur Thor Björgólfsson athafnamaður hefur gengið frá samkomulagi við lánardrottna sína um heildaruppgjör skulda. Fram kemur í tilkynningu frá Björgólfi að engar skuldir verði afskrifaðar.

Samkvæmt uppgjörinu nema skuldir Björgólfs við innlenda og erlenda lánardrottna tæplega 1.200 milljörðum króna, segir Ragnhildur Sverrisdóttir, talsmaður Novators, félags Björgólfs Thors. Það eru um tvöföld fjárlög íslenska ríkisins, sem eru 555 milljarðar króna í ár.

Björgólfur Thor verður áfram hluthafi í félögum á borð við Actavis, Play, CCP og Verne Holding. Arður af eignarhlutum í félögunum, sem og verðmæti þeirra verði þeir seldir, munu fara upp í skuldir Björgólfs Thors við innlenda og erlenda lánardrottna. Sama gildir um persónulegar eignir hans, til dæmis húseign í Reykjavík og sumarhús við Þingvelli.

Samhliða allsherjar uppgjöri á skuldum Björgólfs Thors var gert samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu lyfjafyrirtækisins Actavis. Björgólfur verður áfram leiðandi hluthafi í félaginu og mun áfram sitja í stjórn þess.

Haft er eftir Björgólfi í tilkynningu að hann muni eyða næstu árum í störf í þágu lánardrottna, og umsvif hans verði þar af leiðandi mun minni en áður. Hann segist eigi að síður fagna þessari niðurstöðu, enda hafi hann alltaf stefnt að því að ljúka uppgjöri við lánardrottna sína með sóma.

„Ég hef alltaf litið svo á þegar ég hef höndlað með háar fjárhæðir í eigin þágu að ég geti ekki gengið frá viðskiptunum án nokkurra persónulegra eftirmála ef og þegar allt fer á versta veg,“ er haft eftir Björgólfi í tilkynningunni.

Hann segir að með samkomulaginu verði hægt að byggja upp eignir og selja á sanngjörnu verði síðar. Björgólfur segist jafnframt binda miklar vonir við að eignarhluti hans í Actavis muni ekki aðeins greiða allar hans skuldir, heldur vaxa umfram það.

„Á undanförnum árum tók ég margar ákvarðanir sem ég taldi skynsamlegar og réttar á þeim tíma. Ég vísa til þess að enn hefur ekkert það komið fram sem gefið hefur tilefni til málshöfðunar gegn mér eða leitt hefur til riftunar samninga sem ég er aðili að. Þvert á móti hefur komið fram í fjölmiðlum að engin tilefni séu til slíks, hvorki hjá Landsbanka né Straumi. Ég er þess fullviss að ekkert slíkt tilefni gefst, enda tel ég mig engin lög hafa brotið,“ er haft eftir Björgólfi í tilkynningunni.

„Ég hef beðið Íslendinga afsökunar á augljósum mistökum mínum í aðdraganda hruns íslenska bankakerfisins. Þá afsökunarbeiðni ítreka ég,“ segir þar. **brjann@frettabladid.is**



**UPPGJÖR** Björgólfur Thor Björgólfsson áætlar að um fimm ár muni taka að greiða upp skuldir við innlenda og erlenda lánardrottna. Hann mun starfa fyrir lánardrottnana þar til skuldirnar eru greiddar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jákvæð þróun á vinnumarkaði milli ára í fyrsta skipti frá hruni:

# Alls voru 16.200 án atvinnu

**VINNUMARKAÐUR** Alls voru 8,7 prósent vinnuafls atvinnulaus á öðrum ársfjórðungi 2010, en það jafngildir 16.200 manns. Það er fækkun um 500 frá öðrum ársfjórðungi 2009, en atvinnuleysi jókst þó frá fyrsta ársfjórðungi 2010, þegar það var 7,6 prósent. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Atvinnulausum fjölgar yfir sumartímann og skýrist það af aukinni þátttöku námsmanna. Þannig er atvinnuleysið mest meðal fólks á aldrinum 16 til 24 ára, eða 21,3 prósent. Atvinnuleysi er alltaf mest í þessum aldurshópum, en eykst yfir sumarmánuðina.

Fjöldi starfandi á öðrum ársfjórðungi 2010 var 169.500 manns og fjölgaði um 2.000 frá sama tíma ári áður. Á vinnumarkaði voru alls 185.700 manns sem jafngildir 83,3 prósenta atvinnuþátttöku. Atvinnuþátttaka karla var 86,9 prósent og kvenna 79,5 prósent.

Í Morgunkorni Íslandsbanka segir að þetta sé í fyrsta skipti frá hruni bankakerfisins, raunar frá öðrum ársfjórðungi 2008, sem lækkun mælist í atvinnuleysi og aukning í atvinnuþátttöku milli ára. „Bera tölurnar þess merki að kreppan hafi náð hámarki sínu.“ **- kóp**



# TAX FREE

# VSK

af allri útsöluvöru

# verð-lækkun

enn meiri lækkun

verð aðeins

# 200-2400 kr

fatnaður og skór á alla fjölskylduna

| UPPHAFLEGT VERÐ | TAX FREE VERÐ |
|---|---|
| ~~499~~ KR. | 200 KR. |
| ~~799-999~~ KR. | 400 KR. |
| ~~1.299-1.699~~ KR. | 800 KR. |
| ~~1.999-2.499~~ KR. | 1.200 KR. |
| ~~2.999-3.999~~ KR. | 1.600 KR. |
| ~~4.499-6.999~~ KR. | 2.400 KR. |

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin sem er 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvaða íslenska stórfyrirtæki hefur ákveðið að gefa Ómari Ragnarssyni tvær milljónir króna?*

*2. Hvaða sænska poppstjarna mun troða upp á Iceland Airwaves-hátíðinni þetta árið?*

*3. Hver skoraði fjögur mörk fyrir kvennalið Vals í leik gegn FH í fyrrakvöld?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Sjö af hverjum tíu telja ríkisstjórnina leggja meiri áherslu á bankana en heimilin samkvæmt könnun MMR:

# Fáir telja stjórnarandstöðu geta gert betur

**KÖNNUN** Sjö af hverjum tíu sem tóku þátt í skoðanakönnun MMR telja að ríkisstjórnin leggi meiri áherslu á afkomu bankanna en heimilanna í landinu. Þrátt fyrir þetta myndi aðeins tæpur þriðjungur treysta stjórnarandstöðunni til að stjórna landinu betur en sitjandi ríkisstjórn.

Alls sögðust 70,8 prósent þátttakenda í könnun MMR frekar eða mjög sammála því að ríkisstjórnin legði meiri áherslu á bankana en heimilin, en 13,8 prósent voru frekar eða mjög ósammála því.

Um 29,3 prósent segjast mjög eða frekar sammála því að stjórnarandstaðan myndi stjórna landinu betur en ríkisstjórnin, en 45,2 prósent sögðust mjög eða frekar ósammála þeirri fullyrðingu.

Aðeins 15,8 prósent þátttakenda í könnuninni sögðust sammála þeirri fullyrðingu að Alþingi standi vörð um hagsmuni almennings. Um 64,1 prósent var ósammála fullyrðingunni.

Könnunin var unnin dagana 7. til 12. júlí. Þátttakendur voru 859 einstaklingar á aldrinum 18 til 67 ára, valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. **- bj**




Nýr framkvæmdastjóri SI:

## Orri Hauksson ráðinn til starfa

**FÉLAGSMÁL Orri Hauksson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins (SI). Hann tekur við starfinu af Jóni Steindóri Valdimarssyni, sem hverfur til annarra starfa.**



ORRI HAUKSSON

**Orri hefur unnið fyrir Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, undanfarin ár, að því er fram kemur í tilkynningu frá SI. Hann sinnti meðal annars verkefnum á sviði fjarskipta og hreinna orkugjafa.**

**Orri var áður framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans, og aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar, þá forsætisráðherra, árin 1997 til 2000.**

**- bj**

Íbúar mótmæla á Siglufirði:

## Andstaða við háspennukapla

**FRAMKVÆMDIR** Íbúar á Siglufirði mótmæla lagningu sex háspennukapla í gegnum bæinn, að því er fram kemur á vefsíðunni siglo.is.

Óánægju gætir í bænum vegna háspennukaplanna sem verið er að leggja í gegnum bæinn. Kvarta sumir íbúar yfir því að framkvæmdin hafi hvorki farið í umhverfismat né grenndarkynningu.

Nokkrir íbúar við Norðurgötu mótmæltu í gærmorgun. Óhætt er að segja að mótmælin hafi verið friðsamleg; starfsmönnum Steypustöðvar Skagafjarðar, sem sjá um framkvæmdina fyrir Rarik, var boðið upp á kaffi og með því.

Von er á sérfræðingi til Siglufjarðar til þess að skoða málið en einnig ætla Geislavarnir ríkisins að taka málið til athugunar.

**- bs**

# Óvíst er hvort Keilir fær metan í afgreiðslustöð sína

**N1 hefur einkasöluleyfi á metangasi. Orku- og tækniskóli Keilis hefur fest kaup á metanafgreiðslustöð til að nota í tengslum við kennslu. Óvíst er að Keilir fær gas í stöðina frá N1. Stöðin er væntanleg á næstunni.**

**IÐNAÐUR** Vegna einkasölusamnings olíufélagsins N1 á metangasi ríkir óvissa um hvort hægt verður að nýta áfyllingarstöð sem til stóð að nota í tengslum við kennslu við Orku- og tækniskóla Keilis á Ásbrú á Keflavíkurflugvelli.

„Við vonum nú að það leysist farsællega úr þessu,“ segir Rúnar Unnþórsson, framkvæmdastjóri Orku- og tækniskólans. „En við erum búin að panta áfyllingarstöð sem kemur til landsins fyrir lok þessa mánaðar.“ Hann segist fyrst hafa snúið sér til Sorpu um kaup á gasi, en verið vísað á N1. „En félagið virðist vera með einkasölusamning við Metan, félagið sem tekur við gasinu frá Sorpu og selur það.“



RÚNAR UNNÞÓRSSON

Sorpa á 49,7 prósenta hlut í Metani, Orkuveita Reykjavíkur 21,3 prósent og REI, dótturfélag OR, 14,1 prósent. Þá á N1 14,9 prósenta hlut. Stærsti óbeini eigandi Metans er því Reykjavíkurborg í gegnum sín félög.

Rúnar segist hafa fengið þau svör hjá N1 að ef opnuð yrði stöð suður frá yrði það gert undir þeirra merkjum og ekki fyrr en komin yrði skuldbinding um áhugavert magn í sölu. Þetta segir Rúnar þýða að ekki sé hægt að manna stöðina nemendum, líkt og stefnt hafi verið að, en skólinn hafi viljað „mennta fólk í eldsneyti“, en þá áherslu vanti á háskólanám hér. „Við vildum líka hafa þetta verklegt og þar liggur metanið beint við.“

Rúnar segir undarlegt ef metangas fæst ekki afhent, enda sé núna verið að brenna gasi sem ekki selst. „Um leið og við heyrðum tóninn í N1 ákváðum við að leita annarra leiða,“ segir hann og kveðst hafa átt fundi með Reykjavíkurborg um málið. „En mér skilst að einkasölusamningur N1 sé til 20 ára og einhver átta ár búin af honum.“ Þá segir hann sérkennilegt hvernig olíufélögin virðist hafa skipt á milli sín markaði með nýtt eldsneyti. „Skeljungur leikur sér með vetnið, N1 með metanið og svo er Olís með metanól í samstarfi við Carbon Recycling.“

Metanafgreiðslustöð Keilis verður sett upp þegar hún kemur til landsins, en til stóð að taka hana í notkun strax í haust. „Við leggjumst í að leysa þetta svona þegar sumarfríum lýkur,“ segir Rúnar og kveður mikinn áhuga á gasinu hjá fyrirtækjum á Suðurnesjum, enda mikil sparnaðarvon vegna þess hve mikil keyrsla sé þaðan og til Reykjavíkur. Metangas er um 40 prósentum ódýrara en bensín.

**olikr@frettabladid.is**




**METANGASI DÆLT** Framkvæmdastjóri Orku- og tækniskóla Keilis segir sérkennilegt hvernig stóru olíufélögin virðist skipta á milli sín markaði með nýjungar á eldsneytismarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Tryggja þurfti tekjur á móti kostnaði

Á skortir að formlegt erindi hafi borist frá Orku- og tækniskóla Keilis vegna fyrirhugaðs metangasverkefnis þar, segir Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Metans. Hann kveðst vita til þess að N1 hafi verið viljugt til að taka þátt í verkefni með skólanum undir þeim formerkjum að um nemendaverkefni væri að ræða.

Björn bendir á að félögin sem standi að Metani hafi lagt í heilmikla fjárfestingu við að byggja upp hreinsi- og dreifikerfi það sem nú sé til staðar. „Og ósköp eðlilegt að gerður hafi verið samningur við N1 um smásölu á metani til ákveðins tíma.“ Hann bendir á að í upphafi hafi verið leitað til allra olíufélaganna, en N1 eitt ekki farið fram á að fá greiðslu fyrir að taka þátt. „Svona fer ekki af stað nema eitthvað sé fast í hendi. Þetta er jú þróunarverkefni og því þarf að koma af stað. Allt kostar það peninga og menn þurfa þá að hafa einhverja vissu um tekjur á móti.“




Starfshópur iðnaðarráðherra skilar fyrstu tillögum seinni hluta ágústmánaðar:

# Breytingar nái í gegn fyrir áramót

**IÐNAÐUR** Von er á fyrstu tillögum verkefnisstjórnar Grænu orkunnar til iðnaðarráðherra undir lok ágústmánaðar, að sögn Jóns Björns Skúlasonar verkefnisstjóra. Græna orkan er heiti á klasasamstarfi um orkuskipti sem miðar að því að auka hlut visthæfra innlendra orkugjafa í samgöngum á kostnað innflutts kolefnaeldsneytis.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra kynnti verkefnisstjórnina í byrjun júní og átti þá „á næstu vikum“ von á tillögum, svo sem varðandi ívilnanir handa fólki og fyrirtækjum sem breyta vilja ökutækjum þannig að þau noti visthæfa innlenda orkugjafa.

„Það er verið að vinna á fullu í málunum,“ segir Jón Björn, en bætir um leið við að brenna vilji við að minni hraði sé hér á hlutum í júlí en aðra mánuði.

„Við höfum stefnt á að kynna tillögur okkar 15. til 20. ágúst, en þær fara svo fyrir ríkisstjórn og Alþingi,“ segir hann og bætir við að því sé stefnt að tillögur verkefnisstjórnarinnar geti orðið að veruleika fyrir áramót.

„Tillögur, frumvörp og annað eiga að vera tilbúin þegar Alþingi kemur saman í október. En við erum núna að safna gögnum og ræða ólíkar leiðir sem henta hinu opinbera,“ segir Jón Björn. **- óká**



**METANBÍLAR** Hér á landi hefur um árabil verið horft til orkuskipta í samgöngum, meðal annars til þess að spara gjaldeyri við eldsneytiskaup.



SUMAR ÚTSALA
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
20-60%
AFSLÁTTUR AF GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM!
GARÐBEKKUR
60% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 12.990,-
4.990,-
NAMIBIA GARÐSTÓLL
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 16.990,-
8.495,-
50% AFSLÁTTUR
ST. MARTIN GARÐBORÐ
VERÐ ÁÐUR: 24.990,-
12.495,-
HAWAII GARÐSTÓLL
VERÐ ÁÐUR: 12.990,-
6.495,-
50% AFSLÁTTUR
TENNESSEE GARÐSTÓLL
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 19.990,-
9.990,-
OREGON GARÐBORÐ
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 16.990,-
8.495,-
SALERNO GARÐSTÓLL
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 2.995,-
1.495,-
ÁÐUR: 399,-
195,-
ÁÐUR: 795,-
395,-
ÁÐUR: 1.995,-
995,-
ALLT GARÐSKRAUT 50% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
MANILLA GARÐSTÓLL
VERÐ ÁÐUR: 12.990,-
6.495,-
65% AFSLÁTTUR
PLAST BORÐBÚNAÐUR
1 PAKKNING ÁÐUR: 595,-
199,-
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
ALLAR SESSUR 50% AFSLÁTTUR



**ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGUR** Skrúðganga fór fram á þriðjudag í Quibdó í Kólumbíu í tilefni af 200 ára sjálfstæðisafmæli landsins. Þessi hermaður hafði málað andlit sitt í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Menntamálaráðherra úthlutar styrkjum úr Tónlistarsjóði:

# Níu milljónir til 50 verkefna

**MENNING** Fimmtíu fá styrk úr Tónlistarsjóði fyrir síðari hluta þessa árs, ýmist til tónleika- eða hátíðahalda, plötuútgáfu eða kynningarstarfsemi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur úthlutað styrkjunum að tillögu tónlistarráðs og nemur heildarstyrkfjárhæðin 8,95 milljónum.

Hæsta styrkinn, eina milljón, fær Þjóðlagahátíðin á Siglufirði og Tónlistarhátíðin Við Djúpið hlýtur næsthæstan styrk, eða hálfa milljón. Sinfóníuhljómsveit unga fólksins fær 400 þúsund króna styrk til tónleikahalds og tónleikaferðar. Lægsti styrkurinn nemur fimmtíu þúsund krónum.

Alls bárust 82 styrkumsóknir frá 76 aðilum í þetta sinn og nam heildarfjárhæð umsókna rúmum 38 milljónum. - sh

**Hæstu styrkir úr Tónlistarsjóði 2010**

| Styrkþegi | Verkefni | Upphæð |
|---|---|---|
| Þjóðlagahátíðin á Siglufirði | Hátíðin 2010 | 1.000.000 |
| Við Djúpið | Tónlistarhátíðin Við Djúpið 2010 | 500.000 |
| Sinfóníuhljómsveit unga fólksins | Tónleikar og tónleikaferð | 400.000 |
| Djassklúbbur Egilsstaða | Djasshátíð Egilsstaða á Austurlandi | 300.000 |
| Pamela De Sensei | Tónleikarnir Töfrahurð og barmanámskeið | 300.000 |
| Hljómsveitin Hjaltalín | Markaðsstarf vegna útkomu Terminal | 300.000 |
| Hljómsveitin Amiina | Tónleikaferð til Evrópu og Bandaríkjanna | 300.000 |
| Hljómsveitin Dikta | Tónleikahald í Þýskalandi | 300.000 |

Breytingar hjá 60 ára og eldri:

# Geta átt rétt á endurgreiðslu

**FÉLAGSMÁL** Fólk 60 ára og eldri, sem hefur fengið skertar atvinnuleysisbætur vegna greiðslna úr séreignarlífeyrissjóði, getur nú sótt um endurútreikning á bótunum.

Þetta er vegna nýlegra breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar, sem verða meðal annars til þess að greiðslurnar verða ekki lengur skertar. Þeir sem eru á þessum aldri og hafa fengið skertar greiðslur frá því í mars í fyrra, geta því átt rétt á endurgreiðslu. - þeb






**ÞRJÚ SVÍN** Formaður Svínaræktarfélags Íslands segir samdrátt vera í hverjum einasta mánuði hjá svínabændum.

# Mikið offramboð á svínakjöti í landinu

**Enn er mikil offramleiðsla á svínakjöti þrátt fyrir mikinn samdrátt á síðustu mánuðum. Salan minnkar um rúm 10 prósent í svínakjöti og um 5 prósent í lambakjöti. Einhver samdráttur hjá svínabændum í hverjum einasta mánuði.**

**LANDBÚNAÐUR** Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélags Íslands, segir samdrátt vera í hverjum einasta mánuði hjá svínabændum. Á síðustu tólf mánuðum hefur neysla á svínakjöti minnkað um 10,2 prósent en framleiðslan um 9,2 prósent.

„Það er mjög lágt verð í verslunum, oft langt undir framleiðslukostnaði,“ segir Hörður. „Þrátt fyrir þennan mikla samdrátt í framleiðslu virðist enn vera framleitt of mikið, sem birtist í undirboðum á markaði.“

Sigmundur Ófeigsson, framkvæmdastjóri hjá Norðlenska, segir alla svínarækt á Íslandi rekna með tapi.

„Stórvirkjanir í góðærinu drógu með sér innflutt vinnuafl sem kom frá löndum þar sem svínakjöt er algengt á borðum. Á þeim tíma var gríðarleg svínakjötsneysla í landinu en nú er það fólk farið,“ segir hann. „Fólk er líka farið að nýta matinn betur í dag og heildarneysla hefur minnkað.“

Sigmundur segir sölu á nautakjöti og kjúklingi vera að aukast á síðustu misserum og fólk sé að sækja meira í sveigjanlegri matvörur.

„Nautahakkið er mjög vinsælt, enda til margs nýtanlegt,“ segir hann. „Íslenskar landbúnaðarvörur eins og grænmeti og fiskur eru líka að sækja í sig veðrið.“

Salan á lambakjöti dróst saman um 5,3 prósent á síðustu tólf mánuðum, en sé litið til sölu í júní 2010 jókst salan um 35 prósent miðað við sama mánuð í fyrra.

Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir þær niðurstöður virkilega ánægjulegar og greinilegt sé að málin séu á réttri leið.

„Útflutningur gengur vel og framleiðslan helst stöðug. Það hafa verið miklar sveiflur í innanlandssölunni, en þegar samdráttur er innanlands flytjum við bara meira út,“ segir hann.

Flutt voru út 170 tonn af kindakjöti í júní 2010, sem er 182 prósentum meira heldur en á sama tíma í fyrra. Byggja þessar tölur á gögnum um sölu á kjöti í verslunum, kjötvinnslum og veitingahúsum. sunna@frettabladid.is




Lið frá Háskóla Íslands komst í aðra umferð Airbus-keppninnar í fyrra:

# Tæpar fimm milljónir í boði

**IÐNAÐUR** Íslenskum háskólanemum býðst að móta framtíð flugs og vinna 30.000 evrur í alþjóðlegri samkeppni sem Airbus blés til í dag á alþjóðlegu flugsýningunni í Farnborough í Bretlandi. Vinningsupphæðin jafngildir um 4,7 milljónum íslenskra króna.

Keppnin kallast „Fly your ideas“ eða „Komdu hugmyndum þínum á flug“ og var fyrst haldin í fyrra. Þá tóku 2.350 nemar frá 82 löndum þátt. Í þeirri keppni komst lið frá Háskóla Íslands í aðra umferð.

Fram kemur í tilkynningu Airbus að markmið keppninnar sé að hvetja háskólanema um allan heim til þess að koma með nýjar hugmyndir um græna flug. „Í samkeppninni eru þrjár umferðir og hún endar með úrslitum sem fara fram á Le Bourget-flugsýningunni í París næsta sumar,“ segir í tilkynningunni.

Í fyrra vann fjölþjóðlegt lið, COz, frá háskólanum í Queensland í Ástralíu, með tillögu um að nota náttúrulegt trefjaefni, sem unnið er úr plöntum, í farþegarými flugvéla.

Til að taka þátt þurfa nemar að skrá sig sem þriggja til fimm manna lið á vefsíðu keppninnar www.airbus-fyi.com fyrir 30. nóvember næstkomandi. - óká



FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

**ÞOTUSMÍÐI** Airbus hvetur nemendur á öllum aldri, af mismunandi þjóðerni, kyni og úr öllum fögum til að taka þátt í keppninni Fly your ideas.

1.600 ára gömul Maya-gröf:

# Börn lágu með kóngi í gröf

**GVATEMALA** Óhreyfð gröf Maya-konungs fannst við fornleifauppgröft í Gvatemala. Fundurinn hefur vakið mikla athygli enda sjaldgæft að grafir sem þessar hafi sloppið við grafarræningja.

Konungsgröfin fannst undir píramídanum El Diablo í bænum El Zots. Krukkur, klæði, hnífar og önnur áhöld fundust í henni og er hún líklega um 1.600 ára gömul. Beinagrindur sex barna lágu með konunginum í gröfinni, en talið er að þau hafi verið færð honum sem fórnir við greftrun hans. **- sv**

Samtök vekja athygli á smekklausum aðgerðum fyrir heimilislausa:

# Fegurðarsamkeppni fyrir heimilislausa

**FÉLAGSMÁL** Í tilefni af Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun hafa smekklausustu aðgerðirnar í baráttunni gegn heimilisleysi verið teknar saman af Feantsa, alþjóðlegum samtökum sem berjast gegn heimilisleysi.

Meðal þess sem þykir hvað smekklausast er framleiðsla á svefnpokum í felulitum sem ætlaðir eru heimilislausu fólki. Svefnpokinn fékk hönnunarverðlaun á dögunum. Annað framtakið er tölvuleikur á Netinu þar sem þátttakendur slást, drekka áfengi og stela í hlutverki heimilislauss einstaklings. Forsvarsmenn leiksins segjast vera að auka meðvitund fólks um vandamál heimilislausra.

Fegurðarsamkeppni heimilislausra kvenna í Belgíu er þriðja framtakið sem þykir mjög smekklaust.

Fjórða framtakið var í Frakklandi, þar sem bæjarstjóri tók upp á því að láta úða fælandi lykt í anddyri verslunarmiðstöðvar, þar sem algengt var að heimilislaust fólk héldi til.

Síðast í röðinni er gerð raunveruleikaþáttar um heimilislaust fólk, þar sem fólkið var látið keppa um heimili, bíl og starf.

Samtökin segja þetta sýna neikvæða staðalímynd heimilislausra og að farnar séu rangar leiðir til að takast á við vandamálin. **- þeb**



**HEIMILISLEYSI** Samtökin fá ábendingar reglulega um smekklausa viðburði og hafa birt lista yfir þá verstu. NORDICPHOTOS/AFP

Mærudagar hefjast í dag:

# Fólk streymir til Húsavíkur

**HÚSAVÍK Bæjarhátíðin Mærudagar á Húsavík hefst í dag. Var fólk farið að streyma í bæinn þegar í gær, að sögn þingeyska fréttamiðilsins skarpur.is. Hátíðin stendur fram á mánudag.**

**Í tilefni hátíðarinnar var Stórigarðurinn malbikaður í gær og er því lokaður umferð en hann verður opnaður á ný í dag. Góðu veðri er spáð næstu daga.**

**Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá á hátíðinni, til dæmis íþróttamót, siglingar, tónleika og sögu- og ljósmyndasýningar.**



**VITALY KLITSCHKO** Úkraínski þungavigtarhnefaleikarinn er einn dyggasti stuðningsmaður SOS-barnaþorpanna í Úkraínu.

Barnaþorp SOS í Úkraínu:

# Fjármagnað frá Íslandi að hluta

**SAMFÉLAGSMÁL** Úkraína tók í notkun sitt fyrsta barnaþorp SOS á dögunum og var það að hluta til fjármagnað fyrir íslenskt fé.

Þorpið er í Brovary, skammt frá höfuðborginni Kíev, og samanstendur af þrettán fjölskylduhúsum, þar sem eitt var byggt fyrir framlög frá Íslandi.

Árið 2004 hófu SOS-samtökin hér á landi söfnun til að fjármagna húsið, þá í fyrsta sinn sem staðið var að slíkri söfnun. Bæði einstaklingar og fyrirtæki lögðu fram fé í söfnunina og þegar er hafinn undirbúningur framkvæmda við annað þorp. **- sv**


SUPER PIZZA
Nýbýlavegi 32
Tilboð
16" Tex Mex
Lamba Pizza
1,099- kr.

PIPAR\TBWA • SÍA • 101639

Landsvirkjun
hefur opið umhverfis landið




Landsvirkjun býður alla velkomna í stöðvar sínar í sumar. Í stöðvum Landsvirkjunar umhverfis landið má kynna sér orkuvinnslu úr vatnsafli og jarðvarma.




Samhliða orkufræðslu er boðið upp á sýningar af ýmsum toga, meðal annars í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Hönnunarmiðstöð Íslands.





**Komdu í heimsókn í sumar**
**Við tökum vel á móti þér**

**Opið alla eftirmiðdaga í sumar. Aðgangur ókeypis.**

**Verið velkomin til okkar í sumar:**

**Blanda** í Húnavatnssýslu: *Dimmir hratt á draugaslóð* – málverkasýning Baska
**Búrfell** í Þjórsárdal: *Gengið að verki* – ljósmyndasýning Jakobs Jakobssonar
*Andlit Þjórsdæla* – líf í Þjórsárdal í 1100 ár
*Þjóðveldisbærinn* – Lifandi vitni um húsakynni á þjóðveldisöld
**Krafla** í Mývatnssveit: *Kröflueldar* – kvikmynd og fræðsla um orku í iðrum jarðar
**Laxá** í Aðaldal: *Hvað er með Ásum?* – goðafræði og höggmyndir Hallsteins Sigurðssonar
**Ljósifoss** við Sog: *Náttúran í hönnun* – samstarfsverkefni með Hönnunarmiðstöð Íslands
**Végarður** í Fljótsdal: Framkvæmdin við Kárahnjúka í máli og myndum. Ferðir inn í Fljótsdalsstöð
**Allar stöðvar**: *Raunveruleikatékk* – hringferð um landið í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík

**Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is**

Landsvirkjun

**FRÉTTASKÝRING:** Hamfarir í Kína



**KOMIST Í BURTU** Flóðin hafa orðið til þess að rúm milljón Kínverja hefur þurft að flýja heimili sín á undanförnum vikum. Þetta fólk fór á litlum bátum eftir götu í Dazhou í suðvesturhluta landsins. NORDICPHOTOS/AFP

# Stærsta stífla heims heldur flóðum í skefjum

**Þriggja gljúfra stíflan í Yangtze-fljótinu í Kína hefur náð að koma í veg fyrir gríðarlegt mannfall og tjón vegna flóða á svæðinu. Rennslið um ána nær 70 þúsund rúmmetrum á sekúndu og hefur aldrei verið meira. 700 eru látnir vegna flóða á árinu.**

Sjö hundruð manns hafa látið lífið í flóðum og aurskriðum í Kína það sem af er árinu og 347 manna er saknað. Flóðin eru þau verstu frá árinu 1998, þegar um fjögur þúsund manns létust og átján milljónir misstu heimili sín.

Þriggja gljúfra stíflan í Yangtze-ánni í Kína, sem er lengsta fljót í Asíu, stendur nú frammi fyrir mestu flóðavörnum frá því að hún var kláruð árið 2008. Vatnsyfirborð ofan við stífluna hefur hækkað gríðarlega í miklum rigningum undanfarinna vikna og hækkaði síðast um fjóra metra á einum sólarhring. Vatnsrennslið varð mest 70 þúsund rúmmetrar á sekúndu, en stíflan ræður við tæplega 99 þúsund rúmmetra á sekúndu. Stíflan virðist vera að ráða við flóðavarnirnar en hún sleppir um 40 þúsund rúmmetrum af vatninu út í ána fyrir neðan stífluna á sekúndu, til þess að lágmarka skaðann af flóðunum. Það hefur hingað til tekist, þar sem tekist hefur að hlífa stórum svæðum við ána sem hefðu án stíflunnar farið undir vatn. Óttast hefur verið að stíflan bresti vegna álagsins, sem hefur aldrei verið meira, en ef slíkt gerðist myndi það valda gríðarlegri eyðileggingu og manntjóni á svæðinu.

75 prósent héraða landsins hafa að einhverju leyti orðið fyrir skaða vegna flóðanna. Þá hafa 25 ár í landinu náð methæð í rigningum síðustu vikna. Regntímabilinu er ekki lokið og er því hætt við því að flóðin haldi áfram um sinn.

Flóðavarnir voru notaðar sem ein helstu rökin fyrir því að stíflan yrði byggð árið 2003, en hún kostaði Kínverja 27,2 milljarða dollara. Stíflan er sú stærsta í heiminum og var mjög umdeild þar sem bygging hennar krafðist brottflutnings 1,4 milljóna manna.

Af þeim 701 sem hefur látist vegna flóða og aurskriða á árinu hafa 187 látist á síðustu tveimur vikum. Einnig er 173 saknað. Yfir 35 milljónir manna í landinu hafa orðið fyrir röskun vegna veðursins og 1,2 milljónir hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna þeirra. Flóðin hafa kostað 21 milljarð dollara frá áramótum. Hrísgrjónauppskera gæti dregist saman um tíu prósent og sú tala gæti farið upp í tuttugu prósent á sumum svæðum.

**Þórunn Elísabet Bogadóttir**
thorunn@frettabladid.is





**STÆRSTA STÍFLAN** Metmagni vatns var hleypt úr stíflunni í gær, en rennslið var 40 þúsund rúmmetrar á sekúndu.

## Stærstu stíflurnar í Kína og á Íslandi

Þriggja gljúfra stíflan er sú stærsta í heiminum, en er einnig hluti af stærsta rafmagnsorkuveri heimsins. Vinna við hana hófst árið 1994 og henni var lokið árið 2008. Hún er 2.335 metrar á lengd, 185 metrar á hæð og 115 metrar á breidd, þar sem mest er. Hámarksrennsli um hana er 98.800 rúmmetrar á sekúndu. Virkjunin framleiðir 100 þúsund gígavattstundir á ári.

Kárahnjúkastíflan er stærsta stíflan á Íslandi. Vinna við hana hófst 2003 og henni lauk árið 2006. Hún er 700 metrar á lengd og 198 metrar á hæð, sem gerir hana hærri en Þriggja gljúfra stífluna. Mesta mögulega rennsli er 144 rúmmetrar á sekúndu. Kárahnjúkavirkjun framleiðir 4.600 gígavattstundir á ári.

Hefur þú gengið á...

Arnarfell - Bárðarbungu - Bjarnarfell
- Blákoll - Borgarhóla - Brimlárhöfða - Búrfell í Mýrdal - Búrfell í Þjórsárdal - Dagmálafjall -
Dragafell - Dyngjufjöll ytri - Efstadalsfjall - Eiríkshnjúk - Eldhnjúka - Ennishnjúk - Esju - Eyrarfjall í Kjós - Eyrarfjall á Snæfellsnesi - Fagradalsfjall -
Fagrafell - Fell í Sléttuhlíð - Fíflavallafjall - Fjallið eina - Geitahlíð - Geldingafell - Grímsfjall - Grundarhlass - Grænudyngju - Grænavatnseggjar - Gusthnjúk - Hafratind - Hafursfell - Hamarinn - Háafell í Hvalfirði - Háafell í
S-Þingeyjarsýslu - Heiðina háu - Helgatind - Hestfjallahnúk - Hest - Hjartafell - Hofstaðahnjúk - Horn á Snæfellsnesi - Hrafnaskálafjall - Hreggnasa - Hróa - Hrómundartind - Hvalhnúk - Hyrning - Hött - Klakk - Korra - Krossbæjartind - Kvíahnúk - Laugarvatnsfjall -
Lágafell - Lágafellshyrnu - Lónfell - Lyngdalsheiði - Meðalfell - Miðdegishnúk - Miðfell - Miðfellsmúla - Miklafell - Molduxa - Móbergsfjall í Langadal - Múlafjall - Mælifell - Pálsfjall - Pétursey - Ragnarstind - Rauðafell - Rauðahnúkafjall og Svartatind -
Reyðarbarm - Reykjanesfjall - Svínadalsfjall og Reykjanibbu í Húnaþingi - Reynisfjall í Mýrdal - Reynivallaháls - Sandfell í Kjós - Selfjall í Hvalfirði - Sjónfríði - Skarðsfjall - Skálarfjall - Skefilsfjöll - Sólheimafjall - Stóra-Sandfell -
Stórahrút - Suðurnámur - Tindaskaga - Valadalshnjúk - Valafell - Vaxtrarhyrnu - Vestursúlu - Vikrafell - Víðhamrafjall - Vörðufell - Þingmúla - Þórðarhyrnu -
Þórðarhöfða - Þórólfsfell - Þríhyrning - Þursaborg - Ölver/Blákoll - Örkina




Þar sem þekkingin á sér samastað
OPNA

# Sportbúðin – Ódýra veiðibúðin

# í leiðinni úr bænum



Ódýrustu flugurnar í mörg ár?
Flugurnar okkar eru í hæsta gæðaflokki og á góðu verði.
**Silungaflugur frá 190 krónum og straumflugur á 290 krónur.**



Úrval af góðum og veiðnum spúnum.
**Bæjarinst besta verð? Aðeins 299 krónur stykkið.**



Hnífasett. Stál og hnífar ásamt bretti í plasttösku. **Ómissandi í veiðitúrinn. Aðeins 5.995.**



Okuma og DAM hjól í ótrúlegu úrvali. Traust merki í hjólum á stórmarkaðsverði. **Hjól með línu og tveim spólum á aðeins 3.995.**



DAM fleece undirfatasett á frábæru verði. Mjúkt og hlýtt efni. Treyja og buxur saman. **Tilvalið í alla útivist. Aðeins 9.995.**



DAM Taslan vöðlur. Léttar og sterkar vöðlur með áföstum stígvélum. Belti fylgir. **Ódýrustu vöðlurnar í bænum? Aðeins 8.995.**



RT neoprenvöðlupakki. Ron Thompson neoprenvöðlur og vatnsheldur veiðijakki með útöndun. **Alklæðnaður í veiðina á aðeins 26.995**



Ormar og makríll. Þú færð beituna í veiðiferðina í Sportbúðinni.



Ron Thompson öndunarvöðlupakki. Sterkar og liprar öndunarvöðlur ásamt léttum skóm með filtsóla. **Frábært verðtilboð. Aðeins 29.995.**



Scierra CC3 vöðlupakki. Vandaðar 3ja laga öndunarvöðlur og skór með filtsóla. **Tilboðsverð aðeins 39.900 fyrir settið.**



Scierra CC4 vöðlupakki. Sterkar 4ra laga öndunarvöðlur og skór með filtsóla. **Tilboðsverð aðeins 49.900 fyrir settið.**



Scierra nevada veiðivesti á sumarlegu tilboði. **Aðeins 5.995**



**Stream DeLuxe Veiðitaska. Stór og góð veiðitaska.**
**Fullt verð 8.995. Tilboð nú aðeins 5.995.**



Ron Thompson Travel Force flugustöng. 4ra hluta stöng og harður hólkur fylgir. **Hefurðu séð betra verð? Aðeins kr. 10.995.**



Ron Thompson Energizer flugulínur á ótrúlegu verði. **Aðeins 4.995**



Scierra tvíhendupakki. 4ra hluta stöng, skothaus, running lína, sökktaumur og vandað hjól. DVD kastkennsla og veiðihúfa í kaupbæti. Trúlega einhver bestu kaupin í tvíhendum. **Allur pakkinn á aðeins 49.995.**



Scierra einhendupakki. 4ra hluta stöng, góð flotlína, undirlína, taumur og vandað hjól. DVD kastkennsla og veiðihúfa í kaupbæti. **Vandaður pakki á góðu verði. Aðeins 29.995**



Pilkar á frábæru verði. **Verð frá 495 krónum. Ryðfríir frá 1.195**

**SPORTBÚÐIN**



Munið vinsælu gjafabréfin okkar



DAM tökuvarar í letingjaveiði. **Aðeins 1.695**

Sportbúðin • Krókhálsi 5 • 517 8050
sportbudin.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
EGILS APPELSÍN 1 LTR. ÞETTA EINA SANNA..!
129 KR. 1 LTR.
PEPSI / PESI MAX 2 LTR. FLASKAN
179 KR. 2 LTR.
FANTA ORANGE 2 LTR. FLASKAN
159 KR. 2 LTR.
EGILS APPELSÍN PEPSI & PESI MAX HÁLFS LÍTRA BAUKAR
74 KR. 500 ML
GOSDRYKKIR Á FRÁBÆRU VERÐI Í BÓNUS GOSDRYKKIR Á FRÁBÆRU VERÐI Í BÓNUS
359 KR. PK
BÓNUS KAFFI 500g
259 KR.STK
VÖFFLUMIX 500G 259 KR.BR
ÞEYTIRJÓMI 250ML 259 KR.PK
298 KR. FL
FROOSH SMOOTHIE 250 ML FRÁBÆRT Í FERÐALAGIÐ.
698 KR. PK
FJÓLA WC PAPPÍR 9 RÚLLUR
139 KR. 4 STK
BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ
179 KR. PK
E.S KEX MEÐ SÚKKULAÐI 125g
LJÓST OG DÖKKT SÚKKULAÐI.
189 KR. PK
HOMEBLEST SÚKKULAÐIKEX 300g
198 KR.160g
BÓNUS SNAKK 160 G
ALLAR TEG
111 KR. 5 STK
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK
298 KR. STK
MYLLU KRYDDKAKA 440g
159 KR. STK
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g
598 KR. 3 KS.
GÓU ÞRENNAN
AÐEINS 198 KR. KASSINN
179 KR. STK
ÍSLANDSÁLEGG SAMLOKUÁLEGG 150g (7 SNEIÐAR)
182 KR.DS
SMJÖRVI TILBOÐSASKJA 300g
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG 198 kr.stk
198 KR. STK
DUGAR Í 13 SAMLOKUR AÐEINS 15,2 KR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
698 KR. PK
Í.N UNGNAUTA RISAHAMBORGARAR 2 x 120g
MEÐ BRAUÐI OG SÓSU
2698 KR. KG
HOLLENSK FROSIN
NAUTALUND
698 KR. KG
MÓA TILBÚINN
ELDAÐUR KJÚKLINGUR
(KALDUR) ca 1100g
698 KR. KG
FROSNAR GRÍSAKÓTILETTUR CA 3 KG Í POKA
FRÁBÆRT
VERÐ Á
NAUTASTEIKINNI
BÓNUS
Kjúklingur
Bringur
1598 KR. KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1259 KR. KG
K.S FROSNAR LAMBALÆRISSNEIÐAR
1998 KR. KG
HOLLENSKT FROSIÐ
UNGNAUTA RIBEYE
AÐEINS ÞRJÚ TONN Í BOÐI !
HAUSTSLÁTRUN 2009
998 KR. KG
K.S FROSNAR LAMBASIRLONSNEIÐAR
TVÆR CLUB
STEIKARSAMLOKUR
ÍSLANDS NAUT
BERNAISSÓSA
2698 KR. KG
K.S FROSIÐ LAMBAFILLET
ÍSLANDSNAUT: CLUB STEIKARSAMLOKA
140g NAUTAKJÖT - BERNAISSÓSA 80ml TVÖ BRAUÐ
898 kr. bakkinn
998 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FRYST LAMBALÆRI
Þykkvabæjar
Grillkartöflur
259 KR. PK
ÞYKKVABÆJAR ELDAÐAR
BÖKUNARKARTÖFLUR 750g
BÓNUS
598 KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
SÆLGÆTISBARINN
ENGINN AFSLÁTTUR
BARA LÁGT VERÐ
ALLA DAGA
898 KR.KG.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**FRÉTTASKÝRING:** Er Magma-málinu lokið?



**DEILUEFNIÐ** Nýtingarréttur á jarðhitaauðlindum á Reykjanesskaga er nú í eigu Magma Energy Sweden, skúffufyrirtækis kanadíska fyrirtækisins Magma Energy, til næstu 65 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kaup Magma skekja ríkisstjórn

**Kaup Magma Energy á HS orku hafa valdið titringi milli stjórnarflokkanna og innan þeirra. Vilji er til að skerpa reglur í kjölfar kaupanna, Vinstri græn vilja stöðva þau en Samfylkingin læra af þeim. Kallað er eftir ábyrgð viðskiptaráðherra og forsætisráðherra þykir ekki hafa sýnt forystu í málinu.**

Enn og aftur hefur það fengist staðfest að heilmargt skilur að stjórnarflokkana í pólitík. Hingað til hafa þeir fundið fleira sem sameinar þá en sundrar, en þolinmæði margra er orðin ansi þunn.

Kaup Magma Energy á hlut Geysis Green Energy í HS orku, í gegnum fyrirtækið Magma Energy Sweden, hefur enn skerpt á þessum mismunandi áherslum. Þau draga fram mismunandi áherslur flokkanna varðandi auðlindir, orkunýtingu og umhverfismál; málefni sem Vinstri græn hafa lagt gríðarmikla áherslu á. Það er enda svo að margir viðmælenda Fréttablaðsins í þeim flokki kvarta yfir því að samstarfsflokkurinn skilji ekki hvað málið er flokknum mikilvægt.

### Sýndargjörningur?

„Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. [Sama rétt hafa einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.]“

Svo hljóðar 2. liður 4. greinar laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Um þetta stendur deilan að miklu leyti.

Óumdeilt er að Magma Energy er kanadískt fyrirtæki og á því að vera óheimilt samkvæmt lögunum að eiga HS orku. Það er hins vegar ekki Magma Energy sem á hlutinn, heldur Magma Energy Sweden. Líkt og fjölmiðlar hafa margsinnis greint frá hefur það fyrirtæki enga starfsemi og virðist vera hefðbundið skúffufyrirtæki. Það virðist með öðrum orðum aðeins stofnað til að fara framhjá lögunum og eignast hlut í íslenska fyrirtækinu.

Þetta vilja þingmenn Vinstri grænna kanna og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur tekið undir það. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra telur enga ástæðu til þess og Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingar, telur það beinlínis skaðlegt. Þessi sjónarmið verða trauðla sameinuð.

### Búið að lofa Magma?

Þetta er þó ekki eina atriðið sem Vinstri græn vilja láta kanna. Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, skrifaði pistil á heimasíðu sína í gær. Þar veltir hann upp þeirri spurningu, sem margir hafa spurt undanfarið, hvort fleira sé gruggugt við samningana. Hvort löngu hafi verið gengið frá hver eignaðist hlutinn.

„Aðdragandann að þessu máli öllu þarf einnig að rannsaka, m.a. orðróm um að öðrum erlendum fjárfestum (sem sannanlega eru starfandi á hinu Evrópska efnahagssvæði) hafi verið stuggað frá á þeirri forsendu að samningarnir við hið kanadíska félag hafi allan tímann verið frágengnir og útboðsferlið því sýndarleikur einn,“ skrifar Árni Þór.

Bent hefur verið á þá staðreynd að Ásgeir Margeirsson, forstjóri Magma Energy á Íslandi, var áður forstjóri Geysis Green Energy. Heimildir Fréttablaðsins herma að þingmenn setji margir spurningarmerki við þá staðreynd og telji að í raun hafi verið gengið frá kaupum kanadíska fyrirtækisins á hlutnum í HS orku um leið og Ásgeir skipti um vinnustað.



**TILKYNNT UM KAUP** Ásgeir Margeirsson, fyrrum forstjóri Geysis Green Energy, tilkynnir um kaup nýja vinnuveitanda hans, Magma Energy, á hlut Geysis í HS orku, ásamt Ross Beaty, forstjóra Magma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sögusagnir hafa verið á kreiki um aðra fjárfesta sem ekki hafi setið við sama borð og Magma og hefur nafn Norðuráls verið nefnt í því samhengi. Þar á bæ vilja menn hvorki játa því né neita að þeir hafi boðið í hlutinn.

Í það minnsta er ljóst að ríkur vilji er innan þingflokks Vinstri grænna og í ráðherraliði flokksins til að kanna hvort þessar sögusagnir eigi við rök að styðjast.

### Klofin nefnd og ráðherraábyrgð

Samkvæmt lögum á viðskiptaráðherra að taka afstöðu til kaupa Magma. Hann getur fengið álit nefndar um erlenda fjárfestingu áður en hann kveður upp úrskurð sinn, sem og hann gerði.

Nefndin klofnaði hins vegar og meirihluti myndaðist þvert á flokkslínur með Samfylkingu, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki. Þetta þykir mörgum Vinstri grænum súrt í brotið og einn heimildarmaður blaðsins spurði hvernig Samfylkingin tæki því upp ef Vinstri græn mynduðu meirihluta í Evrópumálum með sömu flokkum. Málin ættu að vera lögð að jöfnu.

Árni Þór og fleiri hafa kallað eftir því að Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra taki málið til rannsóknar. Ekki nægi að skýla sér á bak við álit meirihluta nefndarinnar í jafn veigamiklu máli. Ráðherraábyrgðin sé hans og hann verði því að gefa út rökstudda ákvörðun, eða kanna málið í þaula ella.

Þá þykir Jóhanna Sigurðardóttir ekki hafa gefið málinu athygli í réttu hlutfalli við það vægi sem samstarfsflokkurinn gefur því.

### Skerpa reglur

Kaup Magma eru heldur ekki óumdeild innan Samfylkingarinnar og margir heimildarmanna blaðsins telja þau vera óheppileg. Innan flokksins er hins vegar sú skoðun útbreidd að of seint sé í rassinn gripið. Sé bátnum ruggað núna geti það fælt erlenda fjárfesta frá frekari viðskiptum hér á landi.

Magnús Orri Schram, þingmaður flokksins, velti því líka upp við Fréttablaðið í vikunni hvort nýtingarréttur auðlindanna gæti endað í höndum erlendra kröfuhafa yrði kaupunum rift. Geysir Green er í gjaldþrotameðferð og því óljóst hvað verður um eignir fyrirtækisins, sem er gríðarlega skuldsett.

Samstaða virðist vera á meðal stjórnarflokkanna um að skerpa þurfi á reglum um erlenda fjárfestingu. Samfylkingin vill hins vegar ekki að slík endurskoðun sé afturvirk á Magma-samninginn, en Vinstri græn vilja beinlínis að hún komi í veg fyrir þann samning.

### Rannsóknarnefnd

Miðað við orð einstakra þingmanna Vinstri grænna má telja einboðið að einhver þeirra leggi fram þingsályktunartillögu um rannsóknarnefnd vegna samningsins, þegar Alþingi kemur aftur saman í haust. Það væri líka í takt við kröfu undirskriftarsöfnunar, sem Björk Guðmundsdóttir og fleiri hafa stutt. Hvort góðar undirtektir í þeirri söfnun hafi áhrif á afstöðu Samfylkingarinnar skal ósagt látið.

Þá hafa ýmsir velt því upp að málið eigi heima á borði umboðsmanns Alþingis, en hann er nú með málefni REI til skoðunar, þó með ólíkum hætti sé. Það mál hefur reyndar verið í skoðun hjá embættinu í rúm tvö ár. Til þess að svo verði þarf einhver aðili, málinu tengdur, að leggja inn kvörtun, eða umboðsmaður sjálfur að taka það upp hjá sér að rannsaka það.

Hvað sem öllu líður er ljóst að öll kurl eru hvergi nærri komin til grafar í málinu. Hvort ríkisstjórnarsamstarfið verður einnig borið til þeirrar grafar vegna ágreiningsins, skal ósagt látið.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



## Ferill málsins

- 2007 Ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks selur um 15 prósenta hlut í Hitaveitu Suðurnesja. Skilyrði að opinberir aðilar mega ekki kaupa. Geysir Greeen Energy kaupir hlutinn. Sveitarfélög nýta forkaupsrétt til að eignast hluta.
- 2007 Reykjanesbær selur 32 prósenta hlut til Geysis Green. Til stendur að selja 32 prósenta hlut Orkuveitu Reykjavíkur inn í Reykjavík Energy Invest og hluti Geysis Green átti að fylgja með og REI eiga 64 prósent. Gekk ekki eftir.
- 2008 Hitaveitu Suðurnesja skipt upp, 1. desember, í HS orku og HS veitu.
- 2009 Reykjanesbær selur eftirstöðvar sveitarfélagsins í HS orku til Geysis Green sem áframselur 10 prósenta hlut til Magma.
- 2010 Magma Energy Sweden, í eigu Magma Energy, kaupir hlut Geysis Green Energy í HS orku. Eignast við það 98,53 prósent í fyrirtækinu.

Nú er rétti tíminn til framkvæmda:

# 100% endurgreiðsla

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

## á virðisaukaskatti af keyptri vinnu og allt að 300.000 kr. frádráttur frá skattstofni.

Sjá nánar á www.allirvinna.is

## Gæða-múrvörur í BYKO!

### Íslensk framleiðsla í hæsta gæðaflokki.

Mikið úrval af múrvörum fyrir stór og smá múrverk. Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður tryggja betri endingu.
Í BYKO færðu gæðamúrvörur á frábæru verði.



BYKO

EXPO · www.expo.is

## Útgjöldin

> Verð á klippingu kvenna




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** Drífa Snædal, fyrrverandi framkvæmdastýra VG

## *Flugmiðar og gamall skrjóður*



„Mig grunar og ég vona að bestu kaupin mín séu flugmiðar fyrir mig og dótturina til Svíþjóðar í byrjun ágúst," segir Drífa Snædal, fyrrverandi framkvæmdastýra Vinstri grænna. „Þar er ætlunin að hefja nýtt líf og koma heim reynslu og prófgráðum ríkari. Af efnislegri kaupum má nefna yndislega, sparneytna bílinn minn sem ég þarf því miður að láta frá mér núna. Hann hefur þjónað mér óaðfinnanlega síðustu fjögur árin og gengur ýmist undir nafninu Mr. D´Arcy eða Kaktus. Þetta er Yaris sem nánast framleiðir bensín og kemst allt.

Verstu kaupin mín hljóta að vera Citroën-bíll sem ég og fyrrverandi sambýlismaður keyptum árið 1996 og eyddum drjúgum hluta tekna okkar næsta árið í að halda við – þangað til við gáfumst upp og hentum skrjóðnum. Mér er mjög minnisstætt eitt skipti þegar bíllinn ákvað að bila í Öxnadalnum og við vorum dregin til Akureyrar. Kannski ekki að undra að ég kunni að meta einfalda og góða bíla eftir reynsluna með Citroëninn."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### SALT Í SKÝJAÐA VASA

■ *Lögfræðingurinn Konráð Jónsson kann að þrífa blómavasa.*



Blómavasar eiga það til að skýjast þegar vatn hefur legið í þeim óralengi. Það eru ekki allir sem vita hvernig á að bregðast við þessu, en lögfræðingurinn Konráð Jónsson á ráð undir rifi hverju. „Ég las einhvers staðar að til að þrífa skýjaða blómavasa er gott að setja fullt af salti (gróft salt er betra en fínt) og fylla þá svo af vatni, þá verða þeir aftur hreinir og fínir," segir Konráð, sem starfar á lögmannsstofunni Opus.




# Fatnaður barna getur leitt til alvarlegra slysa

**Bönd í barnafötum hafa leitt til alvarlegra slysa undanfarin ár. Nauðsynlegt er fyrir foreldra að vera meðvitaðir um lengd og staðsetningu banda og reima í fatnaði barna sinna.**

Reimar og bönd í fatnaði barna og unglinga hafa valdið alvarlegum slysum í Evrópu undanfarin ár sem í sumum tilfellum hafa leitt til dauða. Algengt er að reimar séu í úlpum, útigöllum, regnfatnaði, vindjökkum, íþróttagöllum og kerrupokum ungbarna. Neytendastofu hafa borist yfir 300 tilkynningar á þessu ári um innköllun á fatnaði sem uppfyllir ekki öryggiskröfur í Evrópu.

Alþjóðasamtökin PROSAFE hófu átak í skoðun á barnafötum fyrir tveimur árum í ellefu aðildarríkjum EES og í ljós kom að enn er mikið um barnaföt á markaði með hættulegum áföstum böndum eða reimum, sem geta flækst í reiðhjólum, hurðum, bílhurðum og í leiktækjum. Neytendastofu hafa ekki borist neinar kvartanir um föt hér á landi hingað til en Sesselja Th. Ólafsdóttir, sérfræðingur öryggissviðs hjá Neytendastofu, segir að mikilvægt sé að foreldrar, verslanir og heildsalar séu meðvitaðir um lengd og staðsetningu reima og banda í fötum barna og unglinga.

„Það hefur gerst þegar börn hoppa út úr strætó eða bílum að mittisböndin hafa verið það löng að þau festast í bílhurðunum og börnin dragast á eftir," segir hún. „Einnig geta böndin fest í rólum eða rennibrautum sem getur leitt til alvarlegra slysa."

Sesselja segir að í ljósi tíðarandans og mikils prjóna- og saumaskapar sé mikilvægt að almenningur sé meðvitaður um reglurnar sem fylgja lengd reima í fatnaði barna og unglinga. Algengast er að reimar séu hafðar í hettum, hálssvæði eða neðan til í fatnaði.

„Það er vissulega gott að geta hert að til þess að napur vindurinn blási ekki niður hálsmálið hjá börnum en það er ekki nóg að huga einungis að notagildi fatnaðar. Hann þarf líka að vera öruggur," segir Sesselja.

sunna@frettabladid.is

### Reglur um bönd og reimar í fatnaði

- Bann við notkun reima í hettu eða á hálssvæði í fatnaði barna upp að 7 ára aldri.
- Takmörkun á notkun reima í hettu eða á hálssvæði í fatnaði barna á aldrinum 7-14 ára. Hér er einkanlega átt við lengd reima, teygjanleika þeirra og frágang.
- Takmarkanir á notkun allra gerða reima í fatnaði fyrir ung börn, aldur 0-14 mánaða.
- Hvað getur komið í stað reima í fatnaði? Hnappar Smellur Teygja Franskur rennilás



**HÆTTULEGUR KJÓLL** Þessi fallegi barnakjóll frá polarn o. pyret var innkallaður erlendis og samstundis tekinn af markaði hér á landi.



**BARNAFÖT** Fötin sem sýnd eru á myndinni eru af eftirlitsaðilum talin hættuleg börnum.




Verðsamanburður á bifreiðaskoðun:

# Skoðunin ódýrust hjá Tékklandi

Árleg alhliða skoðun bifreiða er nauðsynleg lögum samkvæmt og geta bifreiðaeigendur látið framkvæma slíka skoðun á yfir 20 stöðum á landinu.

Verðlag fyrirtækja á bifreiðaskoðunum er misjafnt. Fréttablaðið gerði verðsamanburð með því að skoða heimasíður þriggja fyrirtækja sem bjóða upp á bifreiðaskoðun á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækin sem um ræðir eru Aðalskoðun, Frumherji og Tékkland.

Samkvæmt því verði sem auglýst eru á síðum fyrirtækjanna er ódýrast að láta skoða bíl hjá fyrirtækinu Tékklandi. Er þá sama hvort um er að ræða skoðun á bifreið sem er þyngri en 3,5 tonn eða bifreið sem er léttari en 3,5 tonn. Enn fremur er ódýrast að fara með bíl í endurskoðun hjá Tékklandi, sem kom nýtt inn á markaðinn 20. maí síðastliðinn. - sv



### Verð á bifreiðaskoðun

| | Undir 3,5 tonn | Yfir 3,5 tonn | Endurskoðun |
|---|---|---|---|
| Aðalskoðun | 8.490 kr. | 9.550 kr. | 1.650 kr. |
| Frumherji | 8.400 kr. | 9.500 kr. | 1.600 kr. |
| Tékkland | 7.495 kr. | 8.600 kr. | 1.500 kr. |

Verð á heimasíðum fyrirtækjanna 21. júlí 2010.






24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 3. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eignarhald á fjölmiðlum:

## Hið ákjósanlega og raunveruleikinn

Eignarhald á fjölmiðlum er sígilt umræðu- og viðfangsefni í þeim ríkjum þar sem fjölmiðlun er frjáls. Við og við eru lög um eignarhald tekin til endurskoðunar og rætt er um ágæti eigendanna sjálfra.

Ýmis sjónarmið eru uppi um hvernig best sé að haga málum og eru lög misjöfn eftir því hvar borið er niður. Sums staðar er blaðaútgáfa háð skilyrðum en annars staðar er hún að mestu frjáls. Í norrænu ríkjunum er reglan almennt sú að blaðaútgáfa lúti almennum samkeppnisreglum.

SKOÐUN

Björn Þór Sigbjörnsson

bjorn@frettabladid.is



Íslendingar búa við mikið frjálsræði hvað þetta varðar. Hér eru hvorki takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla né er skylt að upplýsa um eignarhald þeirra. Á því kunna þó að verða breytingar. Í frumvarpi menntamálaráðherra til laga um fjölmiðla er kveðið á um upplýsingaskyldu og enn fremur að samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði verði könnuð og takmarkanir þar um bundnar í lög ef ástæða þykir til.

Það er afskaplega mikilvægt að ekki leiki vafi á hvernig eignarhaldi fjölmiðla er háttað. Almenningur á heimtingu á að vita hver eða hverjir standa að starfsemi þeirra. Galin er sú hugmynd að miðill sem vill láta taka sig alvarlega geti verið í eigu huldufólks. Eigendur þessa blaðs leyndu um skeið eignarhaldinu, sjálfum sér og blaðinu til óþæginda og jafnvel skaða.

Nauðsynlegt er að í skrám yfir eigendur verði getið um þá einstaklinga sem að baki standa en ekki látið við sitja að birta nöfn eignarhaldsfélaga með lögheimili á lögmannsstofum eins og við þekkjum svo vel úr viðskiptasögunni.

Þó enn sé óvíst hvort eignarhald á fjölmiðlum verður takmarkað með einhverjum hætti er víst að áfram verður rætt um ágæti eigendanna. Það er eðlilegt að fólk hafi skoðanir á hvort heppilegt eða jafnvel eðlilegt sé að þessi eða hinn eigi fjölmiðil þótt mismunandi ástæður geti legið að baki slíkum hugsunum.

Eigendur 365 hafa eðlilega ekki farið varhluta af svoleiðis vangaveltum. Þeir eru umdeildir vegna framgöngu sinnar í viðskiptalífinu á umliðnum árum. Liggja jafnvel undir ámæli um að bera höfuðábyrgð á hruni bankakerfisins.

Hvorki þarf slíkar ásakanir til né ný eða gömul dómsmál svo spurningar vakni um hvort heppilegt sé að fólk sem er umsvifamikið á tilteknum sviðum þjóðlífsins eigi fjölmiðla. Best væri vitaskuld að eigendur fjölmiðla gerðu ekki annað en að eiga fjölmiðla. Í öllu falli væri ákjósanlegt að eigendurnir væru ekki reglulegt umfjöllunarefni fjölmiðla.

En hvað sem þessu líður er álitaefni hvort rétt sé að takmarka með lögum möguleika fólks til að eiga blað eða annan fjölmiðil. Lagasetning getur ekki byggst á pirringi eða reiði.

Þegar allt kemur til alls veltur velgengni fjölmiðla á efni þeirra. Hún byggir á því trausti sem notendurnir sýna með lestri, hlustun eða áhorfi. Ef engin er eftirspurnin er starfseminni sjálfhætt.

Traust á fjölmiðli er reist á verkum almennra starfsmanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Útgerðir hætti að borga

Fréttir um þá ákvörðun sjávarútvegsráðherra að gera veiðar á úthafsrækju frjálsar, hafa verið ofarlega á baugi í vikunni. Algengt var að fyrirtæki sem áttu kvóta fengu lán út á hann með óbeinum hætti; þar sem óheimilt er að taka veð í kvóta voru veðin tekin í skipunum sem kvótinn var bundinn við. Með frjálsum rækjuveiðum er kvótinn aftur á móti orðinn verðlaus. Í fréttatímum hefur verið látið að því liggja að þetta leiði til þess að viðkomandi útgerðarfyrirtæki hætti að greiða af lánum sem þau tóku.



### Að vanrækja rækjuna

Hvers vegna ætti það að gerast? Viðkomandi fyrirtæki geta eftir sem áður veitt rækju og fengið peninga fyrir. Varla fer lánveitandinn að ganga að veðum ef hann sér fram á skilvísar greiðslur. Af hverju ættu útgerðarfyrirtæki að hætta að greiða af lánum sínum, ef það eina sem þau þurfa að gera til að standa í skilum er að veiða rækjur?



### Ígrundun og tímasetningar

Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, er í hópi þeirra sem gagnrýna Jón Bjarnason fyrir að gera veiðar á úthafsrækju frjálsar. Einari þykir ákvörðun ráðherrans „illa ígrunduð og illa tímasett". Einar tók auðvitað ávallt ígrundaðar og vel tímasettar ákvarðanir, til dæmis þegar hann leyfði hvalveiðar nokkrum augnablikum áður en hann hætti sem ráðherra í krafti þess að hann gat það.

bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Tonn fyrir tonn?

Fjölmiðlar

Vésteinn Ólason

fyrrverandi prófessor



Í byrjun vikunnar las einn af fréttamönnum RÚV nokkrum sinnum frétt um það að ríkissjóður mundi tapa 1,3 milljörðum vegna lána sem veðsett væru „í raun og veru" með úthafsrækjukvóta, sem nú yrði gerður verðlaus ef sjávarútvegsráðherra fengi að fara sínu fram. Fréttin vakti hjá mér spurningar sem hún svaraði ekki:

1) Hvernig hefði verið hægt að ganga að veði sem ekki má nefna? Hlýtur ekki eitthvað annað, sem er einhvers virði, að standa á pappírunum? En kannski er það lítils virði.

2) Ef bíll er veðsettur fyrir tíu milljóna láni, tekinn upp í skuldina og selst síðan fyrir fimm milljónir, er eigandinn þá laus allra mála? Ekki skilst mér það. Sama er að segja um íbúðir. Það er ekki nóg að afhenda lyklana og flytja burt ef eignin stendur ekki undir skuldinni? Gilda aðrar reglur um verðmæti kvóta sem ekki má nefna?

3) Eru skuldararnir ekki í mörgum, vonandi flestum, tilfellum stöndug útgerðarfyrirtæki sem frekar vilja greiða skuldir sínar en láta eignir fara á nauðungaruppboð? Hvernig getur þá hver eyrir af þessu skuldum glatast? Gaman væri ef einhver fjármálaspekingur vildi svara þessum spurningum.

Fréttamönnum hefur fækkað, og þeir hafa lítinn tíma til að undirbúa fréttir, sem þó verður að gernýta með lestri í öllum helstu fréttatímum dagsins. Það hlýtur að hafa kostað mikla vinnu að ná saman þessum tölum um úthafsrækjuveð, nema náttúrulega að tölurnar og ályktanirnar hafi komið sæmilega vel unnar frá einhverjum sem hagsmuna hefur að gæta, t.d. LÍÚ sem rekur nú hatrammt áróðursstríð gegn frjálsum veiðum á úthafsrækju. Þar er á brattann að sækja, því að enginn skilur nema útgerðarmenn og málgagn þeirra hvers vegna þarf að setja kvóta á fiskistofn sem menn vilja ekki veiða úr. Almenningur telur að kvóti sé tæki til að takmarka fiskveiðar en ekki ókeypis peningar til að braska með.

Það er ekkert athugavert við það að LÍÚ sendi fréttastofum efni og það sé notað, en það er lágmarkskrafa til fréttamanna að þeir taki slíku efni með gagnrýni og setji inn í rétt samhengi, gleypi það ekki hrátt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Meinafræði hrunsins

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Enn hafa fáir reynt að rekja áhrif stjórnmálaforustunnar á gang mála árin fram að hruni. Brezki blaðamaðurinn Roger Boyes, höfundur bókarinnar Meltdown Iceland, býður þó í bók sinni upp á kalda meinafræðilega greiningu á stjórnmálaforustunni og áhrifum hennar í aðdraganda hrunsins.

### Til góðs eða ills?

Stjórnmálaleiðtogar geta haft mikil áhrif á þróun samfélagsins til góðs eða ills eftir atvikum. Góðir leiðtogar starfa eftir leikreglum lýðræðis, virða valdmörk og mótvægi, vinna fyrir opnum tjöldum, hefja sig yfir sérhagsmuni og hafa heldur almannahag, sanngirni og réttlæti að leiðarljósi.

Stjórnmálaforustan hér heima síðustu tvo áratugi uppfyllir ekkert þessara skilyrða. Stjórnvöld virtu valdskiptingu að vettugi og fóru út fyrir valdsvið sitt (árásir ráðherra á Hæstarétt). Stofnanir, sem sýndu sjálfstæði gagnvart valdstjórninni, voru ýmist endurmannaðar frændum og vinum (Hæstiréttur), lagðar niður (Þjóðhagsstofnun, Samkeppnisstofnun), settar í fjársvelti eða beittar pólitísku valdboði (Háskóli Íslands) eða þeim var hótað tekjumissi (Samtök iðnaðarins, þegar þau mæltu með aðild að ESB). Stjórnarfarið bar ýmis merki klíkubúskapar (e. crony capitalism). Helzta kennimark klíkubúskapar er samþjöppun viðskiptavalds og stjórnmálavalds á fáar og oft flekkaðar hendur. Tvíburasystir klíkubúskaparins er kunningjasamfélagið, þar sem fara saman skortur á lýðræði, spilling og slæmt stjórnarfar. Smæð landsins er aukaatriði hér, enda á lýsingin að framan einnig við um Ítalíu, Japan og Suður-Kóreu eftir síðari heimsstyrjöldina og einnig Austur-Evrópu.

### Tvískinnungur

Að nafninu til studdu stjórnvöld að frelsi í efnahagsmálum, en þau vildu samt ekki láta af valdi sínu, þegar á reyndi. Þau vildu heldur halda áfram að hygla sérhagsmunahópum. Þegar svo er, myndast arður ekki fyrst og fremst í frjálsri og heilbrigðri samkeppni á markaði, heldur einnig í krafti stjórnmálatengsla. Klíkubúskapur býr til afætugróða, sem sprettur af óeðlilegum og stundum beinlínis ólöglegum samskiptum fyrirtækja við stjórnsýslu og stjórnmálamenn eða jafnvel af valdbeitingu. Efnahagslífið verður gegnsýrt af stjórnmálum. Helmingaskipti eru þá reglan, kaup kaups, svo sem Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins 2006-7, hefur nýlega lýst opinberlega. Þeir, sem ætla sér hlut í viðskiptum og atvinnulífi, þurfa að vera í flokki eða talsambandi við hann. Flokkurinn heimtar hollustu (verndargreiðslur) gegn pólitískri greiðvikni (aðgangi að gæðum, sem valdsmenn ráða yfir, til dæmis kvóta). Þetta mynstur þekkist víða úti í heimi.

Þegar þörfin fyrir einkavæðingu varð ljós á níunda áratugnum, mætti hún ríkri hefð fyrir ríkisafskiptum ásamt öflugu flokksræði. „Uppreisn frjálshyggjunnar" átti sér stað í þeim flokki, sem átti mestan þátt í að viðhalda nánu samneyti stjórnmála og viðskiptalífs allan lýðveldistímann og átti valdastöðu sína því að þakka líkt og til dæmis á Ítalíu. Uppreisnin rauf ekki þessi tengsl. Í orði kveðnu ætlaði forusta Sjálfstæðisflokksins ásamt öðrum að skapa nýja umgerð um viðskiptalífið með minna ríkisvaldi, meira fjölræði og dreifðri eignaraðild að fyrirtækjum. Útkoman varð samt einkavæðing, þar sem flokksforustan hélt enn lykilstöðu sinni svo sem aðferðin við sölu Landsbankans á lágu verði í hendur vildarvina gegn aðild flokksins að bankaráði vitnar um. Roger Boyes segir í bók sinni (bls. 70), að forusta Sjálfstæðisflokksins hafi reynzt ófær um að færa landið inn í nútímann vegna þess, að hún reyndist ófær um að færa flokkinn inn í nútímann. Flokkarnir héldu áfram að tryggja sér ítök í bönkunum eftir einkavæðingu og manna ríkisstofnanir flokksgæðingum með kunnum afleiðingum.

### Sviðin jörð, brenndar varir

Einkavæðingin losaði samt um tengslin milli stjórnmála og viðskipta. Enda varð fjandinn laus, þegar sumir útrásarvíkinganna þóttust ekki lengur þurfa leyfi stjórnvalda til að fara sínu fram. Þá kom upp sú staða, að stjórnmálaforingjar börðust við nýríka auðkýfinga um yfirráð í viðskiptalífinu eins og ekkert væri sjálfsagðara, og veitti ýmsum betur. Rússland er alveg eins, nema það er óheflaðra og ofbeldisfyllra. Þessi forherti stjórnmálastíll forustunnar féll mörgum flokksmönnum í geð: hann virtist hrífa í krafti síaukinnar skuldasöfnunar í útlöndum. Fyrrum varaformaður Sjálfstæðisflokksins sagðist í nýlegu sjónvarpsviðtali hafa dýrkað jörðina, sem flokksformaðurinn gekk á. Valdstjórnin var í reyndinni hliðstæða útrásarinnar, og vel það: óvönd að virðingu og meðulum, illskeytt, heiftúðug, umbunaði vinum sínum, refsaði öðrum eftir föngum og ól á ótta og sundrungu. Eða hvað skyldu þau annars merkja þessi boð í nafnlausu, vélrituðu bréfi til fyrrum ritstjóra Morgunblaðsins, sem margoft hefur verið sagt frá í blöðunum, en lögreglan hefur samt ekki enn hirt um að rekja: „En stundum segja menn að friður óttans sé besti friðurinn og sá varanlegasti."

> Þessi forherti stjórnmálastíll forustunnar féll mörgum flokksmönnum í geð: hann virtist hrífa í krafti síaukinnar skuldasöfnunar í útlöndum. Fyrrum varaformaður Sjálfstæðisflokksins sagðist í nýlegu sjónvarpsviðtali hafa dýrkað jörðina, sem flokksformaðurinn gekk á.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Fréttir af ranghverfu á Vestfjörðum

Lausaganga búfjár

Herdís Þorvaldsdóttir
leikkona og fyrrverandi formaður Lífs og lands



Sagt var frá því með mikilli vandlætingu að búið væri að keyra á 75 kindur það sem af er sumri og flestir keyrðu bara burt frá slysstað. Er að undra. Þar til fyrir nokkrum árum urðu menn að borga bóndanum fyrir skepnuna sem var á þjóðveginum og olli slysinu en bar enga ábyrgð sjálfur. Ökumaðurinn, sem oft slasaðist fyrir utan tjón á bílnum og tilfinningasjokkið, varð að bera allan skaðann, og borga fyrir trakteringarnar. Eini munurinn í dag, á tuttugustu og fyrstu öldinni, er sá að tryggingarnar (við) borga bóndanum skepnuna. Burtséð frá því hvort við værum búin að borga girðingar báðum megin vegarins fyrir ótalda milljarða bara til að halda skepnunum frá þjóðvegunum.

Þegar ég var formaður landverndarfélagsins Lífs og lands fyrir mörgum árum hringdi í mig maður sem var undrandi á þessu fyrirkomulagi og spurði hvort félagið gæti ekki haft einhver áhrif á þetta óréttlæti. Vinur sinn hefði verið að keyra í Noregi og lent í því að keyra á kind sem hljóp yfir veginn. Samkvæmt íslenskum lögum fór hann á næstu lögreglustöð og bauðst til að borga skepnuna. Þeir spurðu bara hvort hann væri ruglaður, það væri eigandi skepnunnar sem bæri ábyrgð á því að hún ylli ekki slysi á þjóðveginum. Ég talaði við lögfræðing sem sagði að nokkrir sem höfðu orðið fyrir alvarlegu tjóni, hefðu farið í dómstóla en alltaf tapað málunum.

Sauðkindin virðist alltaf hafa fyrsta rétt á landinu. Enn þann dag í dag ráfar hún um friðlönd, fólkvanga, verndarsvæði og útivistarsvæði og hreinsar upp blómgróðurinn sem er þeirra fyrsta val, áður en við förum í sumarfríið. Við þurfum að fara eftir alls konar reglum um umgengni á svæðunum, en plágan á þessu landi okkar, lausaganga búfjár, veldur því að hvergi er ósnortið eða óskemmt land fyrir okkur, nema innan fáeinna svæða sem hafa verið afgirt frá bitvarginum.

Þetta ætti auðvitað að vera öfugt, skepnurnar í girðingum á ábyrgð eigenda sinna. Þá gæti gróður landsins loksins farið að rétta úr kútnum og girðingafárið með öllum sínum kostnaði næstum horfið.

> Sauðkindin virðist alltaf hafa fyrsta rétt á landinu. Enn þann dag í dag ráfar hún um friðlönd, fólkvanga, verndarsvæði og útivistarsvæði og hreinsar upp blómgróðurinn.

## Tilkynning um kröfuhafafund vegna greiðslustöðvunar Landsbanka Íslands hf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 27. nóvember 2009 var heimild Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 16, 101 Reykjavík til greiðslustöðvunar, sem upphaflega var veitt þann 5.desember 2008, framlengd til kl. 10.00 þann 26. ágúst 2010.

Kristinn Bjarnason hrl. gegnir starfi aðstoðarmanns við greiðslustöðvun Landsbanka Íslands hf.

Í samræmi við framangreint og með vísan til 13. gr. og 14. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 sbr. 2. gr. laga nr. 129/2008, er hér með boðað til fundar með kröfuhöfum bankans og verður hann haldinn **mánudaginn 23. ágúst 2010 kl. 9.00 að Hótel Hilton Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.**

Hér með er ennfremur tilkynnt að þinghald Héraðsdóms Reykjavíkur um heimild Landsbanka Íslands hf. til greiðslustöðvunar verður háð í dómhúsinu við Lækjartorg fimmtudaginn 26. ágúst 2010 kl. 10.00 en samkvæmt úrskurði dómsins stendur heimild bankans til greiðslustöðvunar til þess tíma.

Rétt til fundarsetu eiga þeir sem eiga kröfu á hendur Landsbanka Íslands hf. Frekari upplýsingar um fundinn og fundarefni verða birtar á heimasíðu Landsbanka Íslands hf. www.lbi.is.

Kristinn Bjarnason hæstaréttarlögmaður

Landsbanki Íslands hf.
Resolution Committee | Skilanefnd
Winding-up Board | Slitastjórn

# Til hamingju LÍÚ

Sjávarútvegsmál

Bergvin Oddsson
fulltrúi í framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar



Útgerðarmenn hringinn í kringum Ísland og hagsmunasamtök þeirra, LÍÚ, hafa síðustu árin og áratugina, átt í miklum deilum við stjórnvöld og þjóðina alla, um hvað eigi að gera við fiskinn í sjónum umhverfis landið, og hver ætti eiginlega þennan fisk. Oft á tíðum hefur þjóðin fundið til samúðar með aumingja útvegsmönnunum, sem alltaf hafa þurft að reka stríðshernað gagnvart stjórnvöldum, til þess að eiga fisk í soðið fyrir sig og sína.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 á sunnudagskvöldið, var greint frá því að útgerðarmenn væru afar óhressir með ákvörðun sjávarútvegsráðherra að leyfa frjálsar veiðiheimildir á rækju á næstkomandi fiskveiðiári. Síðastliðin ár hefur rækjukvótinn verið í kringum sjö þúsund tonn, og hefur kvótinn síðustu árin aldrei veiðst að fullu. Stundum hefur ekki einu sinni helmingur af kvótanum verið veiddur. Af hverju skyldi það vera? Jú, vegna þess að útgerðarmenn hafa leyfi til þess að breyta t.d. rækjukvóta í skötusels- eða ýsukvóta án þess að þurfa að greiða krónu fyrir breytinguna, þrátt fyrir að rækjukvótinn sé töluvert ódýrari en skötusels- og ýsukvótinn. LÍÚ segir að nú sé verið að innkalla veiðiheimildir, bak við tjöldin og í kringum lögin. Ég spyr: Innkalla hvaða fisk sem er ekki einu sinni veiddur? Ég get ekki sagt að ég sé alltaf ánægður með Jón Bjarnason, sem veit stundum ekki hvort hann er að koma eða fara. En í þessu máli tek ég ofan hattinn fyrir honum.

Það er mín skoðun, að besta leiðin, til þess að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu og gera það sem sanngjarnast fyrir þá sem veiða fiskinn og okkur smælingjana, er að leyfa útgerðinni að stjórna því sjálfri hvort hún vilji fyrna kvótann og borga minni skatt, eða þá halda öllum sínum kvóta og borga meiri skatt.

Það er gjörsamlega óþolandi að útgerðarmenn svívirða löggjöfina um kvótann, og breyta ódýrustu aflategundunum í þær dýrustu, án þess að greiða krónu fyrir aukalega.

LÍÚ tók svo steininn úr í sama kvöldfréttatímanum á Stöð 2, þegar sagt var frá því að átta af hverjum tíu útgerðum gera upp í erlendri mynt. Af þeim hópi útgerða sem gera upp í erlendri mynt eru þrjár af fjórum sem gera það í evrum. Útgerðarmenn og talsmenn LÍÚ, eru nú algjörlega búnir að missa allt traust mitt og álit. Einn daginn vilja þeir ekki heyra á það minnst að kíkja í kaffi til Brussel og kanna hvað við fáum út úr aðildarviðræðum við ESB. Hinn daginn, talar svo LÍÚ um að hægt sé að taka upp einhliða evru. Það hefur margítrekað komið fram að sá möguleiki sé ekki fyrir hendi. Nú er nóg komið af útgerðinni og talsmönnum hennar, sem tala bara í kross, og út og suður. En það er allt í lagi að gera upp í erlendri mynt, til þess að græða sem mest og vilja samt sem áður láta okkur borga brúsann. Það er að mínu mati mannréttindabrot, þegar bæði hagsmunasamtök og heilu stjórnmálahreyfingarnar, ætla sér ekki að leyfa málinu að fara í lýðræðislega kosningu og leyfa okkur hinum ekki að segja til um það af eða á. Það er réttur hvers manns að segja til um hvort hann eða hún vilji ganga inn í Evrópusambandið.

# „Vituð ér enn ...“

Hrunið

Sverrir Hermannsson
fyrrverandi alþingismaður og ráðherra



Í Morgunblaðinu 24. janúar 2002 birti þessi höfundur grein þar sem sagði m.a.: „Í annað sinn á rúmum mánuði hafa fulltrúar atvinnulífsins séð sig knúna til að draga ríkisstjórnina að fundarborði til að ræða viðbrögð við hinni háskalegu verðlagsþróun. Og enn á ný lofar ríkisstjórnin bót og betrun eftir að hafa nýlokið við að afgreiða bullandi þenslu-fjárlög á Alþingi fyrir árið 2002.

Að vonum spyrja menn í forundran: Hvernig má það vera að stjórn landsins láti sem ekkert sé, á háskafaldi nýrrar verðbólguöldu? Nærtækasta svarið er auðvitað að menn sem neita staðreyndum, og fullyrða að allt sé í stakasta lagi, eru ekki líklegir til lífsnauðsynlegra mótaðgerða. Þeir lifa í draumaheimi góðæris og stöðugleika, þar sem húsbóndinn málar glansmyndir á vegginn í sífellu.

En fulltrúar atvinnulífsins líta raunsæjum augum á ástandið og er óskandi að aðvörunarorð þeirra beri árangur.

Hvaða dæmi er augljósast um óforsjálni og sjálfsblekkingu stjórnvalda?

Svarið er einfalt: Stjórnlaus hækkun á útgjaldahlið fjárlaga.

Hvert er það aðal tæki, sem stjórnvöld á hverjum tíma hafa til að beita gegn þenslu í þjóðfélaginu? Svar: Fjárlög hverju sinni. Enda hafa ríkisstofnanir eins og Þjóðhagsstofnun margsinnis bent á nauðsyn þess að draga saman seglin í útgjöldum ríkissjóðs.

Það er kannski ekki von til að álit þeirrar stofnunar sé tekið gilt; stofnunar, sem hótað var að leggja af, af því sem hún treysti sér ekki til að segja ósatt um stöðu efnahagsmála í þágu stjórnvalda, enda stangaðist álit hennar alveg á við góðæristal einvaldsins. Hins vegar fjárlaga fyrir árið 2001 hækkaði útgjaldahlið fjárlaga um 13,5% frá árinu 2000, eða um nærri tvöfalda verðlagsþróun. Þar við bættist að ráðherrar gengu þannig um fjárhirzlur ríkisins, að þeir eyddu á árinu nærri 15 milljörðum umfram heimildir fjárlaga og létu svo þjóna sína á þingi samþykkja óráðsíuna með fjáraukalögum. Og hækkun á útgjöldum ríkissjóðs nær 20% milli ára, sem er vitfirring.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár voru útgjöldin aukin töluvert umfram hækkun verðlags, sem þó hækkaði langt umfram þanþol búskaparins. Og þetta skeður

> Það þarf svo sem ekki fleiri blöðum að fletta til að fullvissa sig um hverjir bera ábyrgð á þeim hamförum í íslenzkum efnahagsmálum sem yfir þjóðina hafa dunið.

ætti öllum öðrum að vera ljós knýjandi nauðsyn þess að standa fast á öllum bremsum í fjármálum, nema þá kannski aðalráðgjafanum, Hannesi Hólmsteini.

En, hvernig hafa stjórnvöld farið að ráði sínu við afgreiðslu fjárlaga?

Mörg undanfarin ár hafa stjórnarliðar aukið útgjöld fjárlaga langt umfram verðlagsþróun þrátt fyrir augljós þenslumerki. Tökum árið 2001 til athugunar: Við afgreiðslu á tímum þegar nauðsyn bar til að draga úr útgjöldum eftir megni.

Við þetta á svo eftir að bætast umframeyðsla ráðuneyta, því engum skal til hugar koma annað en að þau vinnubrögð verði áfram við lýði.“

Það þarf svo sem ekki fleiri blöðum að fletta til að fullvissa sig um hverjir bera ábyrgð á þeim hamförum í íslenzkum efnahagsmálum sem yfir þjóðina hafa dunið. Enda verður þeim ekki fyrirgefið.

# Varðstaðan sem brást

Samfélagsmál

Ingvar Gíslason
fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins



Íslensk þjóð er nú reynslunni ríkari af verkum sem unnin hafa verið í anda hins óbeislaða heimskapitalisma. Sýnt er að ferlið var komið á fullt skrið og náði afdrifaríkum áfanga með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu í ársbyrjun 1993. Þá var lagður lagagrundvöllur að útrásarfyriræltunum íslenskrar auðstéttar. Fjármagn auðmannanna streymdi út úr landinu. Einkavæðingarstefna Sjálfstæðisflokksins vann á skref fyrir skref, enda rök fyrir henni í EES-samningunum. Alþekkt er hvernig forusta Framsóknarflokksins lét undan síga í einkavæðingarmálinu, sem náði hámarki með sölu Landsbankans og Búnaðarbankans.

Í einhvers konar grandaleysi – því varla var það viljaverk – komust þessar styrku fjármálastofnanir með langa sögu að baki í hendur fésýslumanna sem létu stjórnast af fégræðgi einni saman, bröskuðu með sjóði bankanna á heimsmörkuðum fjármála með þeim afleiðingum sem nú blasa við, að bankakerfi Íslands er hrunið til grunna og forsætisráðherra landsins lýsti þeim ótta sínum að íslenska ríkið kynni að vera gjaldþrota fyrir þær sakir. Það er a.m.k. víst að í upphafi ársins 2009 situr íslenska ríkið, heimilin í landinu, þjóðin öll í skuldasúpu sem á sér ekkert fordæmi í þjóðarsögunni.

## Varðstaða valdamanna brást

Hlutur útrásarvíkinganna í þessari gjaldþrotasögu Íslendinga er augljós og óendanlegur.

En hlutur valdhafa og áhrifaafla almennt í þjóðfélaginu er ekki síður umhugsunarverður. Stjórnmálamenn, flokkarnir meira og minna, slepptu hendinni af stjórn landsmála, þorðu ekki að vera það sem þeim ber að vera, vökumenn um það sem er að gerast og valdamenn sem búa yfir virkum stjórntækjum, þegar ber af leið í efnahags- og stjórnmálum. Í stuttu máli sagt: Íslenskir stjórnmálamenn, kjörnir valdhafar í landinu, gerðu sig verklausa, gáfu kapitalistunum frjálsar hendur. Landsmálin voru ofurseld stjórnleysisstefnu óhefts kapitalisma. Til viðbótar afsali fullveldisréttinda íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningunum hafa valdamenn gengið svo langt í framkvæmd innanlandsmála að valdskerða sjálfa sig í þágu fégróðamanna, láta þá um að ráða og reagera í efnahags- og fjármálum og panta löggjöf sér í hag. Lengra verður ekki komist í pólitískum aumingjaskap.

Slík afglöp og skilningsleysi á hlutverki stjórnmála er í beinni andstöðu við lýðræðið. Menn virðast gleyma því oft og einatt að lýðræði felur í sér vald, þarfnast valdhafa sem starfa sem umboðsmenn þjóðar og þjóðarhagsmuna. Ef menn sjá lýðræðið fyrir sér sem valdalaust stjórnkerfi eða agalaust um val valdamanna, þá er það bein ávísun á stjórnleysi.

Úr því að lýðræðið er valdastofnun leiðir það af sjálfu sér að velja verður hæft fólk til að fara með völdin. Ekkert sýnist eðlilegra en að keppt sé um þessi völd og þeim útdeilt eftir sanngjörnum reglum. Í öllum lýðræðisríkjum hefur verið stofnað til stjórnmálasamtaka, pólitískra flokka, sem keppast um völdin. Ég viðheld minni barnatrú um það að stjórnmálaflokkar séu lýðræðinu gagnlegir, þó með þeim fyrirvara að þeir starfi skipulega og lýðræðislega innbyrðis og geri skilmerkilega grein fyrir stefnumálum sínum á almennum umræðuvettvangi.

## Skýr meginstefna

Eins og fyrr hefur komið fram er það skoðun mín að stjórnmálaflokkar eigi að hafa skýra meginstefnu, þeir eiga að afmarka sig hver frá öðrum. Þeir eiga ekki að fara í grafgötur um að stjórnmál snúast um völd og viðurkenna að stjórnvald er hluti lýðræðis, að án skipulegs valds stefna samfélög manna, þjóðfélögin, til upplausnar.

Lýðræðislegir stjórnmálaflokkar eiga ekki að gefa neitt eftir með það að yfirstjórn ríkisins á að vera kjörin af þjóðinni og að varðveisla valdsins og réttlát meðferð þess er réttur og skylda valdhafans. Það má ekki velkjast fyrir stjórnmálamönnum að rétt kjörið löggjafarþing og ábyrg ríkisstjórn fara með æðstu stjórn landsins. Ef þjóðþing slá af varðstöðu sinni um valdið sem þeim er fengið og færa það í hendur sérhagsmunasamtökum, ásæknum atvinnurekendum og auðhringum þá endar það með stjórnleysi. Og þegar auðmenn í krafti auðæfa sinna koma með pöntunarlista til stjórnvalda um lagasetningu og aðra forgangsfyrirgreiðslu, þá er tímabært að stjórnmálamenn hafi varann á. Vöxtur auðhyggju í landsmálum, hin slöppu stjórnartök kjörinna valdamanna síðari ára hafa leitt af sér bankahrun, gjaldþrot fyrirtækja og heimila, e.t.v. ríkisgjaldþrot eins og forsætisráðherra (Geir Haarde) ýjaði að.

Það er því ekki ofsögum sagt að Íslendingar standa nú á tímamótum. Í anda þjóðrembings um menntun sína og sköpunargáfu og keppnisfærni á heimsmörkuðum og oftrú á hæfni sína til að hafa áhrif á gang alþjóðastjórnmála hafa íslensk stjórnvöld spilað rassinn úr buxunum. Að því leyti sem Framsóknarflokkurinn á þarna hlut að máli ber nýrri flokksforustu að viðurkenna það í orði og verki. Takist flokknum að reisa sjálfan sig við er það trú mín að þá muni hann ná sinni fyrri stöðu sem áhrifaafl í þjóðfélaginu að efla sjálfstætt og fullvalda þjóðríki með velferð, jöfnu og sæmd þjóðarinnar að leiðarljósi.

GARÐHÚSGÖGN SEM ENDAST




Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400
LANDMANN
Er frá Þýskalandi
Skoðið úrvalið á
www.grillbudin.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...




# 100% ENDURGREIÐSLA

## Á VIRÐISAUKASKATTI AF KEYPTRI VINNU

### NÚ ER BESTI TÍMINN TIL AÐ BYGGJA, BREYTA OG BÆTA

Þeir sem grípa tækifærið og ráðast í framkvæmdir núna, fá 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti af keyptri vinnu á byggingarstað. Að auki fæst frádráttur frá tekjuskattsstofni sem getur numið allt að 300.000 krónum.*

**DÆMI:**

Hjón láta vinna trésmíðavinnu hjá sér árið 2010.

| | |
|---|---|
| Heildarfjárhæð m. vsk.: | 937.050 kr. |
| þar af er vinna án vsk.: | 493.121 kr. |
| **Endurgreiðsla vsk. samtals:** | **125.746 kr.** |

Til viðbótar lækkar tekjuskattsstofn þess sem hefur hærri stofninn um 246.560 kr. við álagningu árið 2011.

### NÝTUM TÆKIFÆRIÐ OG RÁÐUMST Í FRAMKVÆMDIR!

ALLIR VINNA

ALLIRVINNA.IS

* Við álagningu opinberra gjalda árin 2011 og 2012 getur fólk fengið frádrátt frá tekjuskattsstofni sem nemur 50% af þeirri fjárhæð sem greidd var vegna vinnu á byggingarstað (án vsk.) á árunum 2010 og 2011. Hámark frádráttarins er 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðum.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 10-1257

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ · SVÞ Samtök verslunar og þjónustu, Federation of Trade & Services · SAMTÖK ATVINNULÍFSINS · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · VR · ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS · SI · FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

# Hundakúkur á Esjunni

Umhverfismál

Úrsúla Jünemann
kennari



Þegar veðrið er gott leggur fjöldi manna leið sína upp á Esju og er þá venjulega farin hefðbundin leið upp á Þverfellshorn eða eitthvað áleiðis í þá átt. Hundar eru skemmtilegir göngufélagar enda oft með miklu meiri hreyfiþörf heldur en menn. Það er því hið besta mál að taka þá með í fjallgöngu. Nú þurfa hundarnir af og til að gera stykkin sín og hafa hundaeigendur þess vegna yfirleitt plastpoka með sér til að hirða upp eftir ferfætlingana. Allt hið besta mál. Hundarnir kúka oft á leiðinni upp fjallið og er svona frekar leiðinlegt að bera kúkinn upp og niður. Fólkið skilur þess vegna kúkapokana eftir á vegakantinum til að taka þá með á leiðinni niður.

Allt gott um þetta, nema hvað? Ósköp er sumt fólk gleymið! Í dag, mánudaginn 19.7., fór ég upp á Esju, frekar snemma. Það var enginn búinn að skrifa sig í gestabókina uppi á Þverfellshorninu þann dag. Á undan mér var einungis einn hundur og fólkið sem átti hann fór að stóra steininum. En kúkapokarnir sem ég sá á leiðinni voru margfalt fleiri og sumir greinilega búnir að liggja þarna lengi. Þrem dögum áður var ég búin að labba svipaðar slóðir og það má segja að ég sá „marga góða kunningja“ við vegakantinn.

Nú spyr ég: Til hvers er fólkið að setja hundakúkinn snyrtilega í plastpoka þegar það tekur hann svo ekki með sér niður af fjallinu? Þá væri margfalt betra að moka hann undir stein (þó ekki of nálegt einhverjum læk), leyfa honum að breytast í lífrænan áburð sem kæmi kannski einhverjum gróðri að gagni. Hundakúkur í plasti er miklu lengur að eyðast og mun „skreyta“ leiðina upp á Esju í mörg ár.

Nema hundaeigendunum finnist þetta fallegt og þeir vilji setja sínum hvutta minnismerki. Þeir ættu þá að setja vel sýnilegan miða með kúkapokanum. Á honum gæti til dæmið staðið: „Á þessum fallega stað kúkaði Snati þann 18. júlí 2010“. Eða „Verðlaunatíkin mín hún Lubba hafði hér sérlega góðar hægðir“.

En ég var með poka á mér og tíndi upp gleymdu hundapokana á leiðinni niður. Það sem pirrar manninn á maður að reyna að breyta og bæta. Þegar ég var komin með 15 stykki hætti ég að telja.

Í lokin verð ég að segja að fyrir utan kúkapokana var sáralítið rusl á leiðinni. Heimurinn batnandi fer.

# Börn í Kvennaathvarfinu

Heimilisofbeldi

Sigbrúður Guðmundsdóttir
framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf



Út er komin, í samvinnu Forlagsins og Barnaverndarstofu, bókin *Illi karl* en hún fjallar um ofbeldi á heimilum og er öðruvísi en allar aðrar bækur sem ég hef lesið. Þó hef ég lesið aragrúa af bókum sem fjalla um ofbeldi á heimilum.

Bókin fjallar um Boga litla sem býr með mömmu sinni og pabba sem báðum þykir vænt um hann og um illa kall sem stundum tekur völdin af pabbanum og stjórnar heimilinu með harðri hendi. Hún fjallar því meðal annars um áhrif heimilisofbeldis á börn en börn á ofbeldisheimilum eru okkur í Kvennaathvarfinu hugleikin. Á undanförnum fimm árum hafa þrjú hundruð og fjörutíu börn dvalið í Kvennaathvarfinu í allt frá einum degi upp í hundrað fjörutíu og þrjá daga. Börnin koma með mæðrum sínum vegna þess að dvölin heima er óbærileg vegna ofbeldis af hálfu heimilismanns eða einhvers annars tengdum fjölskyldunni. Þau bera heimilisaðstæður ekki endilega utan á sér og eru almennt bara eins og aðrir krakkar. Þau eru ýmist hlýðin eða óhlýðin og þau hleypa lífi í tilveruna í athvarfinu eins og krakka er siður. Þau eiga það til að dreifa dótinu sínu um húsið, mylja kex á gólfin, detta í stiganum og standa upp aftur. Þau hafa lag á að heilla starfskonurnar upp úr skónum og flækjast fyrir þeim í leiðinni. Þeim finnst gaman að fara í Húsdýragarðinn, í keilu og að gefa öndunum. Sumum finnst ævintýri að fara í strætó en fyrir öðrum er það í meira lagi hversdagslegur viðburður. Sum tala um ofbeldið en önnur minnast ekki á það einu orði. Oft missa þau þó eitthvað út úr sér sem gefur til kynna að ýmislegt hefur gengið á. Eins og drengurinn sem kom til enn einnar dvalarinnar og heilsaði með þeim orðum að þau ætluðu að gista aftur því pabbi væri svo reiður. Og bætti svo við „út af því að við gerum aldrei neitt rétt“.

Þau hafa búið við aðstæður sem eru ekki mönnum, hvað þá litlum mannabörnum, bjóðandi. Og þessum aðstæðum, eða í það minnsta aðstæðum sumra þeirra, lýsir bókin *Illi kall* svo vel. Þar kemur fram að stundum leikur allt í lyndi heima hjá Boga en svo breytist allt og pabbi hættir að vera pabbi, mamma hættir að vera mamma og Bogi reynir að fylgja reglum í leik sem engar reglur gilda í. Hann reynir að hafa ekki hátt og reita engan til reiði og mamma reynir að koma honum í skjól á heimili þar sem ekkert skjól er að finna. Svo dettur allt í dúnalogn en heimilislífið snýst áfram um ofbeldið, að tína upp brotin og lina þjáningar pabbans sem iðrast nú sárlega. Að fara varlega til að ósköpin dynji ekki á aftur.

Boðskapurinn í sögunni er sá að ofbeldi er ekki einkamál hverrar fjölskyldu, að það er ekki leyndarmál þeirrar tegundar sem best sé að þegja yfir heldur einmitt hið gagnstæða. En við fullorðna fólkið verðum að hafa í huga að ábyrgðin er okkar og að við verðum að leggja okkur eftir því að hlusta eftir sögðum orðum og ósögðum. Að vera þess minnug að á sumum heimilum ríkir styrjaldarástand þó að flestir pabbar séu alltaf, en ekki bara stundum, eins og Boga pabbi, „indælir eins og epli á borði og rúsínur í gulri skál“.

Oft missa þau þó eitthvað út úr sér sem gefur til kynna að ýmislegt hefur gengið á. Eins og drengurinn sem kom til enn einnar dvalarinnar og heilsaði með þeim orðum að þau ætluðu að gista aftur því pabbi væri svo reiður. Og bætti svo við „út af því að við gerum aldrei neitt rétt“.

# Félagshyggjustjórn í Reykjavíkurborg

Borgarmál

Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur



Samfylkingin og Besti flokkurinn hafa myndað meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur, félagshyggjustjórn. Jón Gnarr lýsti því yfir að Besti flokkurinn ætti fremur samleið með Samfylkingunni en öðrum flokkum enda aðhylltist Besti flokkurinn félagshyggju eins og Samfylkingin. Jón Gnarr er borgarstjóri en Dagur B. Eggertsson er formaður borgarráðs. Ég hygg, að gott jafnvægi sé milli þessara tveggja leiðtoga stjórnarflokka borgarinnar.

### Bæta á hag þeirra verst settu

Í málefnasamningi nýja meirihlutans kennir ýmissa grasa og áhrif Besta flokksins eru greinileg. En mestu máli skiptir, að sjónarmið félagshyggju koma skýrt fram. Nýi meirihlutinn ætlar að bæta hag þeirra, sem verst eru staddir með auknum framlögum frá félagsþjónustunni og aðstoða á útigangskonur, fá þeim húsaskjól. Stefnt er að því að hækka framfærsluviðmiðið. En stærsta málið er auknar ráðstafanir Reykjavíkurborgar til atvinnuaukningar, t.d. með auknum viðhaldsverkefnum.

Meirihlutinn ætlar að stöðva útþenslu borgarinnar og þétta byggðina. Útþensla borgarinnar er gífurlega kostnaðarsöm og það má spara mikið fé með því að þétta byggðina. Taka á Vatnsmýrina smátt í smátt í notkun, í byrjun undir sérstök verkefni, sem tengjast rannsóknar- og þekkingarverkefnum. Síðar er stefnt að íbúðabyggð í Vatnsmýri.

### Sameining og fækkun nefnda

Nýi meirihlutinn boðaði strax við valdatöku sína sameiningu og fækkun nefnda. Ákveðin verkefni, sem áður heyrðu undir nefndir verða færð undir borgarráð. Síðar er ætlunin að sameina stofnanir. Oddný Sturludóttir verður formaður menntaráðs og fer m.a. með grunnskólamál og leikskólamál. Besti flokkurinn fær formennsku í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Björk Vilhelmsdóttir frá Samfylkingunni er formaður velferðarráðs. Og Hjálmar Sveinsson er formaður stjórnar Faxaflóahafna. Nýja stjórnin boðaði, að fram færi nákvæm athugun á fjármálum og fjárhagsstöðu Orkuveitunnar.

Hanna Birna Kristjánsdóttir er forseti borgarstjórnar. Nýi meirihlutinn kom sér saman um að bjóða minnihlutanum þetta embætti og innsigla þannig ný vinnubrögð í borgarstjórn þ.e. aukið samstarf milli meirihluta og minnihluta. Sóley Tómasdóttir frá VG verður fyrsti varaforseti borgarstjórnar. Björk Vilhelmsdóttir (SF) verður annar varaforseti. Auk þessa fær minnihlutinn einnig formennsku í nefndum. Þetta hefur ekki áður gerst í borgarstjórn, þ.e. að meirihlutinn léti minnihlutann fá veigamikil embætti. Hér er því um sögulegan atburð að ræða í sögu borgarstjórnar og verður það væntanlega upphaf að bættum og betri vinnubrögðum. Meirihluti og minnihluti munu væntanlega vinna saman að brýnum verkefnum í þágu borgarbúa. Of snemmt er að spá um hvernig nýja meirihlutanum mun ganga en hann hefur mörg góð áform á prjónunum. Lítið er sagt um fjármál í stefnuskránni og því ekki vitað hvort útsvörin verða óbreytt eða ekki.

### Þriðja félagshyggjustjórnin

Hinn nýi meirihluti í Reykjavík er þriðja félagshyggjustjórnin í borgarstjórn eftir meira en hálfrar aldar valdaskeið Sjálfstæðisflokksins í borginni. Fyrsta félagshyggjustjórnin komst til valda í Reykjavík árið 1978. Það var meirihluti Alþýðuflokksins, Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins. Alþýðuflokkurinn hafði 2 borgarfulltrúa, Alþýðubandalagið 5 og Framsókn var með 1. Ég var þá oddviti Alþýðuflokksins í borgarstjórn. Samkomulag náðist milli flokkanna um samvinnu á mjög skömmum tíma. Ég lagði til strax í upphafi, að samvinnan yrði á jafnræðisgrundvelli þrátt fyrir, að flokkarnir væru misstórir að borgarfulltrúatölu. Það var samþykkt. Þetta þýddi að völdum og áhrifum var skipt jafnt. Þess vegna fengu allir 3 flokkarnir 1 fulltrúa hver í borgarráði og þannig var jafnræðið milli flokkanna innsiglað í borgarráði. Ákveðið var að formennska borgarráðs „roteraði“ á milli flokkanna. Alþýðuflokkurinn fékk formennsku í borgarráði fyrsta árið. Oddviti Alþýðubandalagsins varð forseti borgarstjórnar, oddviti Alþýðuflokksins 1. varaforseti og oddviti Framsóknar 2. varaforseti. Nefndum og formennsku í þeim var skipt jafnt milli flokkanna. Meirihlutaflokkarnir höfðu unnið saman í minnihluta um margra ára skeið og flutt sameiginlegar tillögur við afgreiðslu fjárhagsáætlana. Þess vegna lá sameiginlegur málefnagrundvöllur fyrir.

Með tilkomu R-listans 1994 komst félagshyggjustjórn öðru sinni til valda í Reykjavík. Aðilar að R-listanum voru í upphafi Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Framsóknarflokkur og Samtök um kvennalista. R-listinn var við völd í Reykjavík í 3 kjörtímabil eða í 12 ár. R-listinn framkvæmdi mörg merk umbótamál í Reykjavík og markaði djúp spor. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir veitti R-listanum örugga forustu. Þriðja félagshyggjustjórnin í Reykjavík er síðan meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar, sem nú hefur tekið við völdum í Reykjavík.

Vonandi gengur samstarf Besta flokksins og Samfylkingarinnar í Reykjavík vel. Ljóst er þó að fulltrúar Besta flokksins eru óvanir stjórnmálum og stjórnunarstörfum. Samfylkingin verður að leggja til reynsluna en Besti flokkurinn leggur til nýjungar og ný vinnubrögð. Síðan er að sjá hvernig til tekst.

UNDER ARMOUR
Sérfræðingur frá Under Armour veitir aðstoð við val á hlaupaskóm.
ÚTSALA
allt að 50% afsláttur
miðvikudag í Smáralindinni
fimmtudag í Kringlunni
milli 14:00 - 17:00

Under Armour Revenant II
HOLTAGÖRÐUM o GLÆSIBÆ o KRINGLUNNI o SMÁRALIND o WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

BJARTUR KYNNIR: **ÞRJÁR STÓRKOSTLEGAR KILJUR**

# ÓMISSANDI




„Stórkostlegt byrjendaverk, grípandi frá fyrstu síðu og slær enga feilnótu."
– Frankfurter Allgemeine Sonntagszeitung

Maður heggur konu sína í spað en hlýtur vægustu refsingu. **Sannar sögur af sérstökum sakamálum** og skrýtnum örlögum, stórar spurningar um glæp og refsingu.




Þrefaldur handhafi Gullna rýtingsins

**Fred Vargas** er frönsk skvísa, alþjóðlegur og margverðlaunaður metsöluhöfundur. Aðalpersónan **Adamsberg**, með sitt djúpa innsæi, er einstaklega heillandi enda á hann sér fjölmarga aðdáendur.




„Besta bók ársins"
– The Times

**Ein og sönn sumarlesning**: „Blandið saman í stórum potti, piprið með væntumþykkju, krúttlegheitum og gamansögum, hrærið vel og útkoman verður Bókmennta- og kartöflubökufélagið ... Vel skrifuð skemmtilesning" – **BHÓ Midjan.is**

BJARTUR
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og sonur,*

**Gunnar Levý Gissurarson,**
Birkihlíð 16, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 14. júlí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 23. júlí klukkan 13. Við þökkum fjölskyldu og vinum hlýhug og stuðning á þessum erfiðu tímum, sérstakar þakkir öllum þeim sem önnuðust hann af alúð og virðingu í veikindum hans. Þeim, sem vilja minnast hans, er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Hulda Kristinsdóttir**
**Eva Björk Gunnarsdóttir**
**Anna Lilja Gunnarsdóttir**
**Gissur Örn Gunnarsson**
**Kristinn Már Gunnarsson**
**Bryndís Guðmundsdóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Hákon Arnórsson**
leirkerasmiður, Sléttuvegi 21,

lést fimmtudaginn 15. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á FAAS samtök alzheimersjúklinga.

**Ingibjörg Betúelsdóttir**
**Kristinn Sigurðsson** — **Friðsemd Helgadóttir**
**Sigrún Gerður Sigurðardóttir** — **Pétur Jónsson**
**Sigurður Ásgeir Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rósa Daney Williamsdóttir,**
Hjúkrunarheimilinu Eir, áður til heimilis að Þórðarsveig 1,

sem lést fimmtudaginn 15. júlí, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju föstudaginn 23. júlí kl. 15.00.

**Gunnar Skagfjörð Sæmundsson**
**William S. Gunnarsson** — **Sigrún G. Jónsdóttir**
**Sæmundur S. Gunnarsson** — **Inga Ásgeirsdóttir**
**Margrét Gunnarsdóttir** — **Halldór Kjartansson**
**Gunnar Skagfjörð Gunnarsson** — **Guðrún Jóhanna Rafnsdóttir**
**Anna Skagfjörð Gunnarsdóttir** — **Sigurður Daníel Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Garðar Jóhannsson,**
fyrrv. verkstjóri garðyrkjudeildar Reykjavíkurborgar,

Hrafnistu í Reykjavík, áður til heimilis að Hjallavegi 10, lést á dvalarheimilinu Hrafnistu, deild H-2, föstudagskvöldið 16. júlí. Jarðsungið verður frá Áskirkju á morgun, föstudaginn 23. júlí kl. 13.00.

**Hjörvar Garðarsson** — **Ágústa Rósa Þórisdóttir**
**Jón Sverrir Garðarsson** — **Erna M. Sveinbjarnardóttir**
**Reynir Garðarsson** — **Helga Eygló Guðlaugsdóttir**
**Jóhann Baldvin Garðarsson** — **Guðfinna Óskarsdóttir**
**Guðjón Steinar Garðarsson** — **Guðlaug S. Kjartansdóttir**
**Vignir Ingi Garðarsson** — **Sigríður I. Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Einlægar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug í okkar garð vegna fráfalls elskaðs eiginmanns, föður, bróður, tengdaföður og afa,*

**Magnúsar Ó. Stephensen**
Suðurtúni 27, Álftanesi.

**Guðbjörg I. Stephensen**
**Kristbjörg Stephensen** — **Björn H. Halldórsson**
**Ragnheiður Stephensen**
**Lilja Þóra Stephensen** — **Arnar Helgason**
**og barnabörn.**
**Þórir Stephensen og fjölskylda.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jóhannes Emilsson,**
til heimilis að Lundargötu 15, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 26. júlí kl. 13.30.

**Guðlaug Jóhannesdóttir**
**Helgi J. Jóhannesson** — **Gerður Geirsdóttir**
**María Jóhannesdóttir** — **Gylfi Sv. Gylfason**
**Pétur S. Jóhannesson**
**Kristbjörg H. Jóhannesdóttir**
**Árni V. Jóhannesson** — **Nancy Georgsdóttir**
**Gunnar Þ. Jóhannesson**
**og barnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, systur, mágkonu, ömmu og langömmu,*

**Áslaugar Jónsdóttur**
Unnarbraut 26, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 11-E á Landspítalanum og Karitas hjúkrunarþjónustu fyrir stuðning og aðhlynningu.

**Jón Oddur Magnússon**
**Magnús Ingi Magnússon** — **Aðalheiður Björk Olgudóttir**
**Inga Lára Hjaltadóttir** — **Elías Árnason**
**Þórður Jónsson** — **Bjögg Kofoed-Hansen**
**Margrét Þórunn Jónsdóttir** — **Björgvin H. Fjeldsted**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Þór Jónsson**
flugstjóri,

lést fimmtudaginn 15. júlí á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Útför fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 23. júlí kl. 13.00.

**Brynjar Freyr Stefánsson** — **Harpa Harðardóttir**
**Haukur Fjalar Stefánsson**
**Sigríður Stefánsdóttir**
**María Stefánsdóttir**
**Auður Stefánsdóttir**
**og afabörn.**

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí áletrun

Fallegir legsteinar á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com

**WILLEM DAFOE FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1955**



*„Eitt af því besta við að vera leikari er að fá tækifæri til að setja sig í spor annarra. Mér finnst ótrúlegt þegar ég fer yfir hlutverkin sem ég hef leikið hvað ég hef fengið að upplifa mörg ævintýri og hvað ég hef lært margt."*

**Dafoe var skýrður William en breytti nafninu sínu í Willem, en þannig bar barnfóstran hans, sem var skosk, það alltaf fram.**

# tímamót

timamot@frettabladid.is

NÝR BÆJARSTJÓRI Í FJALLABYGGÐ

## Þekkti einn í sveitarfélaginu

„Ég er enn að koma mér fyrir á skrifstofunum og átta mig á hlutunum," segir Sigurður Valur Ásbjarnarson sem tók við starfi bæjarstjóra Fjallabyggðar í byrjun mánaðar.

Fjallabyggð varð til fyrir fjórum árum við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Sigurður Valur hefur starfsstöðvar í báðum fjörðum og er um klukkustund að aka á milli skrifborðanna. Héðinsfjarðargöngin verða tekin í gagnið í september og þá styttist ökuferðin milli byggðakjarnanna tveggja niður í um fimmtán mínútur. „Þetta verður algjör bylting og meginforsenda þess að hægt var að sameina sveitarfélögin tvö og tengja þau saman," segir Sigurður Valur. Segir hann íbúa hafa miklar væntingar til þeirrar samgöngubótar sem göngin verða en hún er talin hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf jafnt sem félagslíf.



**FAGUR FJÖRÐUR** Sigurður Valur var staddur í blíðviðri á Siglufirði þegar rætt var við hann í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigurður Valur og kona hans, Hulda Stefánsdóttir, rekja ættir sínar til Suðurnesja, Hafnarfjarðar og til Akraness. Þau eru samsé ekki að koma „heim" eins og á við um suma nýráðna bæjar- og sveitarstjóra. Þvert á móti. „Ég þekkti varla mann hérna. Jú, ég hafði starfað með einum hérna áður en það var allt og sumt." segir Sigurður Valur.

Bæjarstjórnin var greinilega ekki á höttunum eftir nýgræðingi þegar hún ákvað að ráða Sigurð Val í bæjarstjórastarfið. Hann á 28 ár að baki í faginu, fyrst tíu ár á Álftanesi og svo átján í Sandgerði. Óformleg athugun leiðir í ljós að Sigurður Valur sé sá starfandi bæjar- eða sveitarstjóri sem lengstan hafi starfsaldurinn. Hann á þó enn nokkuð í Sigurgeir Sigurðsson sem stóð í brúnni á Seltjarnarnesi í næstum fjörutíu ár.

Sigurður Valur og Hulda hafa ekki enn fest sér húsnæði í Fjallabyggð en hafa skoðað nokkur hús, beggja vegna Héðinsfjarðar. „Við auglýstum eftir húsnæði og fengum afar skemmtilegar ábendingar frá vinum og kunningjum sem eru brottfluttir Ólafs- eða Siglfirðingar. Þeir vildu ráðleggja okkur hvorum megin við ættum að búa." Spurður hvort þau hjónin þyrftu ekki bara að reisa sér hús í Héðinsfirði til að gera ekki upp á milli segir Sigurður Valur það ágæta hugmynd enda stutt í báðar áttir og þannig væri hlutleysis gætt. „En ég held að til þess þurfi nú ekki að koma því vonandi hverfur rígurinn með göngunum."



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Erla Kristbjörg Garðarsdóttir,**
Sunnuflöt 8, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 19. þessa mánaðar. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ kl. 13 þriðjudaginn 27. nk. Fyrir mína hönd og annarra aðstandenda,

**Ágúst Karlsson.**

**Gluggasmiðjan** Viðarhöfða 3 verður lokuð **föstudaginn 23. júlí** vegna útfarar Gunnars Levy Gissurarsonar.



**KOLAPORTIÐ** ku vera algjör fjársjóðseyja fyrir þá sem hafa gaman af fötum. Hægt er að fá alls konar kjóla, pils og peysur, sem teljast til hátískunnar, á góðu verði ef vandlega er að gáð.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is
Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060 - Opið mánud-föstud. 11-18

Eirberg
Rafskutlur
-frelsi og nýir möguleikar
Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri




Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is

ÚTSALA
50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM
hjá Hrafnhildi
Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is



„Ég er fagurkeri og mér þykja fallegir hlutir fallegir og falleg föt líka." FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Armband hluti ævintýris

**Marín Þórsdóttir gengur í skrautlegu pilsi af ömmu sinni sem hún eignaðist í júní. Vanalega leggur Marín þó það ekki í vana sinn að klæðast notuðum fötum, enda aldrei að vita hverjar ferðir þeirra hafa verið.**

„Ég er í pilsi sem amma mín átti og mér þykir rosalega vænt um," segir Marín Þórsdóttir mannfræðingur sem eignaðist pilsið í júní. „Hún er algjör tískuskvísa, falleg og flott kona."

Pilsið var upphaflega kjóll sem amma Marínar breytti í pils. Amman fékk það erlendis. „Annaðhvort á Spáni eða Ítalíu. Hún hefur ferðast mikið um heiminn," bætir Marín við. Hún segist þó sjálf ekki vera mikið fyrir notuð föt. „Ég nota notuð föt ef ég þekki þann sem hefur verið í þeim og tengist mér einhvern veginn," upplýsir Marín sem finnst þó flott þegar aðrir klæðast notuðum fötum.

„Ég er líka með armband sem ég fékk úti á Indlandi," segir Marín en þar var hún árin 2001 og 2002 og vann með ættbálkum. „Þetta er í raun og veru þeirra peningur og banki. Þetta er þrjú hundruð gramma silfurhlunkur."

Marín var viðstödd gerð armbandsins og fylgdist spennt með smíði þess. „Hann var þrjá eða fjóra klukkutíma að smíða fyrir framan mig. Mér þykir mjög vænt um armbandið og þetta er hluti af mínu ævintýri," segir Marín en armbandið er þó ekki algengt á Indlandi. „Karlarnir í þessum ættbálki sem ég var að vinna með eiga oft svona armbönd og konurnar ökklabönd eða hálsmen."

Marín segist almennt vera mjög glysgjörn og hún fylgist hæfilega mikið með tískustraumum. „Ég er fagurkeri og mér þykja fallegir hlutir fallegir og falleg föt líka. Ég er kannski ekki einhver tískudíva en ég klæði mig í það sem mér þykir fallegt," upplýsir Marín sem fær útrás fyrir tískuáhugann í handavinnu en hún prjónar, heklar og saumar. *martaf@frettabladid.is*

SUMAR ÚTSALA
Svefn & heilsa
Gerið gæða- og verðsamanburð
6 mánaða vaxtalausar greiðslur
www.svefn.is

20-50%
AFSLÁTTUR
Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

VALHÖLL/FREYJA
Ný sending
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900

**MASKARI** og gott rakakrem er oft alveg nóg til að líta vel út á sumrin. Þegar húðin er fallega útitekin er alveg óþarfi að fela hana á bak við þykkt lag af farða.




Frábærar vörur pompea betra verð



Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar
**Dreifingaraðili:** S. Gunnbjörnsson ehf.



TRIND Avallt No 1



**Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com**
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir



White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



512 54 01 Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...




Árni Gærdbo klæðskeri og Kjartan Ágúst nemi taka bæði að sér sérsaum og fatabreytingar í Skraddaranum á horninu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Með ástríðu fyrir fötum

**Aðeins einn karlkyns klæðskeri er skráður í 90 manna fagfélagi hér á landi. Sá er Árni Gærdbo í saumaverkstæðinu Skraddarinn á horninu. Nú er Kjartan Ágúst Pálsson nemi kominn til starfa hjá honum.**

Færeyingurinn Árni Gærdbo klæðskeri ræður ríkjum í Skraddaranum á horninu á Lindargötu 38. Hann hefur starfað í greininni í yfir fimmtíu ár, ýmist á Íslandi eða í Færeyjum. Nú er hann í fyrsta skipti með karlkyns klæðskeranema hjá sér og það þykir honum ánægjuleg þróun. „Klæðskurður hefur orðið kvennafag á síðustu áratugum og reynst erfitt að snúa því við en Kjartan Ágúst er ungur og áhugasamur maður og hann getur gert allt,“ segir Árni sem verður áttræður á næsta ári. Hann byrjaði að læra 2. janúar árið 1952 hjá Klæðaverslun Andrésar Andréssonar á Laugavegi 3 en á síðustu árum kveðst hann hafa einbeitt sér að fatabreytingum fyrir verslanir og einstaklinga.

Kjartan mun útskrifast sem klæðskerasveinn úr Tækniskólanum um næstu áramót eftir fjögurra ára nám. Hvað kom til að hann valdi þetta fag? „Ætli það sé ekki ástríða fyrir fötum og þörf fyrir að geta klætt mig í það sem mér dettur í hug,“ svarar hann. „Í Tækniskólanum lærir maður allt frá grunni; sníðavinnu, efnismeðferð og saumaskap.“ „Annars lærir maður mest þegar maður er búinn að læra,“ skýtur Árni inn í.

Þeir félagar segjast gera mikið af því að breyta jakkafötum, þrengja jakkana í mittið, ermarnar líka og jafnvel minnka axlirnar. „Þótt breytt föt verði aldrei eins og sérsaumuð þá eru breytingarnar alltaf til bóta og mönnum líður betur í fötunum,“ segir Kjartan Ágúst. Árni bætir við að ýmsir láti sauma á sig föt í Asíu og þau geti litið vel út við fyrstu sýn en sniðagerðin sé ekki vönduð.

Kjartani Ágústi þykir allur sérsaumur skemmtilegur, hvort sem um er að ræða kjóla eða karlmannaföt. „Ég teikna upp grunn fyrir hvern og einn því engir tveir einstaklingar eru eins í laginu og hver sentimetri skiptir máli,“ segir hann. Báðir hafa þeir félagar saumað föt á sjálfa sig. „Það fyrsta sem ég saumaði voru fermingarfötin mín,“ segir Árni. „En ég fékk klæðskera til að sauma á mig og leið eins og kóngi,“ upplýsir Kjartan sem kveðst nú orðið sauma flest föt á sig eða kaupa föt hjá Rauða krossinum og breyta þeim.

*gun@frettabladid.is*


ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

30-70%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

Vorum að taka upp nýjar vörur sem fara beint á TILBOÐ

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

Erum með opið á lau. kl. 11-16

FJÖRÐUR
www.fjordur.is









MYND/BERGLJÓT ÞORSTEINSDÓTTIR

Að sögn Helgu hafa viðtökur við Ígló verið mjög góðar.

# Sunbird og Ígló í Köben

**Sölusýningin CPH Kids fer fram samhliða tískuvikunni í Kaupmannahöfn 12. til 15. ágúst.**

Íslensku merkin Ígló og Sunbird taka þátt í CPH Kids sem er haldin í annað sinn í ágúst í gömlu Carlsberg-verksmiðjunum í Kaupmannahöfn.

Samkvæmt upplýsingum frá Helgu Ólafsdóttur, hönnuði Ígló, er CPH Kids aðalbarnasýning Skandinavíu um þessar mundir en þangað inn eru valin vinsæl merki ásamt nýjum og ferskum. Á sýningunni munu Ígló og Sunbird sýna sumarlínur sínar fyrir árið 2011.

*- mmf*

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Stórir strákar fá buxur

Vesturlandabúar eru sífellt þykkari og reyndar mannkynið allt að stækka. En það er ekki þar með sagt að þeir sem eru yfir meðalstærðum eigi auðvelt með að finna föt við hæfi eða skó á sinn fót eins og franska máltækið segir, þar sem stóru stærðirnar hafa hingað til ekki þótt svara kostnaði og því eru þær ekki framleiddar. Reyndar eru til þeir tískuhönnuðir sem hreinlega vilja ekki að sköpun þeirra sé framleidd í stærri stærðum vegna ímyndarinnar sem það skapar.

Með aukinni þyngd og hæð eru þeir þó til sem hafa séð hag sinn í því að fara hærra upp í stærðarskalanum og í skóstærðum en áður hefur tíðkast. Hér í París fer þeim verslunum fjölgandi sem sérhæfa sig í herrafatnaði fyrir þá sem eru ekki neinir meðaljónar og eftirspurnin er mikil. Á Beaumarchais-búlvarði í ellefta hverfi Parísar er að finna búð sem kallast „De long en large“ (Frá löngum að breiðum). Þar finna stórir menn nánast allt sem hægt er að ímynda sér í klæðum og skótaui. Buxur geta verið allt að hundrað og fimmtán sentimetrar upp í klof og því hægt að klæða allt upp í tveggja metra og tuttugu sentimetra háa menn. Mittismálið getur verið allt að hundrað sextíu og átta sentimetrar fyrir tvö hundruð kílóa menn. En það er ekki allt og sumt því sumir eru litlir og feitir meðan aðrir eru langir og mjóir, í þessari verslun er hugsað fyrir öllum líkamsgerðum. Merki eins og Carharrt, Levi´s eða Schott, sem eru töluvert vinsæl hjá venjulegum herrum, framleiða oftast ekki fatnað sem fer fram úr XXL. Þversögnin er þó sú samkvæmt frönsku tískustofnuninni (l´Institut français de la mode) að karlmenn vilja miklu fremur en konur ganga í merkjavöru en þrátt fyrir það framleiða þessi merki sjaldan stórar stærðir. Því hefur stjórnandi fyrrnefndrar verslunar, Véronique Pierre, nú hafið framleiðslu á sinni eigin vöru. Þar má finna, skyrtur, hettupeysur, jakka og gallabxur upp í stærð 84!

Svo eru það skórnir en skóframleiðendur virðast vera miklu opnari fyrir „stórum“ viðskiptavinahópi. Löngum hefur skóhöllin í París (le Palais de la Chaussure) selt skó fyrir stórfætta en verið heldur á klassísku línunni. Nú nýlega er hins vegar hægt að versla á nýrri netsíðu „Hinna stóru“ (Les-grands.fr). Þar má finna Vans í stærð númer 50, Converse-strigaskó í 52 og stærstu skórnir eru númer 54 frá Adidas. Það er því engin ástæða lengur fyrir Parísarherrana í yfirstærð að vera illa til fara. Einkennilegt þó að samkvæmt Véronique Pierre er alltof flókið að bjóða sömu þjónustu fyrir konur, of flókið af því að það er alltaf eitthvað að. Skyldi það vera að franskar konur séu flóknari en aðrar?

*bergb75@free.fr*



Demantar eru hreint kolefni og myndast í möttli jarðar á 120-200 km dýpi. Á þessu dýpi getur efni sem inniheldur kolefni verið bráðið en við afar sérstakar aðstæður, mjög mikinn þrýsting eða 45-60 kílóbör og hita á bilinu 900°–1300°C geta atóm kolefnis raðast upp þannig að til verður demantur. Demanta er aðeins að finna á fáum stöðum í heiminum þar sem rétt samspil hita og þrýstings er ekki algengt.

visindavefur.is




ÚTSALAN
50-70% AFSLÁTTUR
AF FATNAÐI OG SKÓM
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Tiltekt
í Flash
Skokkar áður 16.990
Nú 7.990
Kjólar áður 14.990
Nú 5.990
Mussur áður 9.990
Nú 4.990
Bolir áður 3.990
Nú 2.000


FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar
Nýtt og enn öflugra
System +
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-
NÝTT
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is





Dúnmjúkar brúðargjafir
Úrval brúðargjafa á tilboði
Sængurfatnaðurinn er ofinn úr **gæða** bómullardamask.
Yfir 30 tegundir af sængurfatnaði til brúðargjafa.
Íslensk hönnun á góðu verði.
Lín DESIGN
Lín Design - gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 - Sími 533 2220 - www.lindesign.is

# heilsa

FIMMTUDAGUR 22. JÚLÍ 2010



## Örvar skynjun

**Guðlaug Friðgeirsdóttir hefur hannað tæki sem gæti nýst heilalömuðum börnum.**

SÍÐA 2



## Mikil aukning

**Fleiri eru skráðir í Reykjavíkurmaraþonið nú en á sama tíma í fyrra.**

SÍÐA 2




FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



# Hólahopp á Akureyri

„Markmiðið er að menn geti farið í loftið og svo lent og fengið þannig smjörþefinn af þessu,“ segir Gísli Steinar Jóhannesson, talsmaður Svifvængjaseturs Norðurlands sem stendur í fyrsta sinn fyrir dagsnámskeiðum í svifvængjaflugi á Akureyri í sumar, þar sem farið verður í helstu undirstöðuatriði flugsins.

„Við ætlum að kenna mönnum hvernig eigi að stjórna vængnum frá jörðu og tökum jafnvel nokkur hólahopp í leiðinni, þar sem svifið er frá hólum í aflíðandi brekkum og niður á jafnsléttu og verður kennari ávallt í för með hverjum nemenda.“

Gísli kveður námskeiðið henta byrjendum en að því loknu séu menn þó engan veginn fullnuma í svifvængjaflugi. „Það tekur mun lengri tíma að ná tökum á þessari íþrótt, að minnsta kosti heilt sumar og þá í slagtogi við sér reyndari menn,“ segir hann og bendir líka á að Svifvængjasetrið bjóði upp á lengri námskeið eftir samkomulagi.

Frekari upplýsingar fást í síma 848 3222 eða með því að senda fyrirspurnir á paragliding@paragliding.is. - rve



Svifvængjasetur Norðurlands stendur fyrir dagsnámskeiðum í svifvængjaflugi.









Guðlaug Friðgeirsdóttir og Sofus, tæki sem örvar skynjun og tjáningarmöguleika heilalamaðra barna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Eykur tjáningargetu heilalamaðra barna

**Guðlaug Friðgeirsdóttir var að huga að lokaverkefninu sínu í iðnhönnun þegar rannsóknir á heilalömun urðu á vegi hennar. Þá kviknaði hugmynd hennar um að gera tæki sem gæti nýst börnum sem eru heilalömuð.**

„Börn með heilalömun eiga mörg hver erfitt með að tjá sig. Þau eru reyndar afar misjöfn en flest eiga þau það sameiginlegt að vera spastísk. Það hefur verið einblínt á líkamlega þjálfun þessara barna en nýrri rannsóknir sýna að auka þarf þjálfun skynjana og samskipta, eða hins „kognitíva“. Þá varð til hugmyndin að gera tæki sem örvar skynjun og tjáningarmöguleika þeirra,“ segir Guðlaug Friðgeirsdóttir iðnhönnuður sem fékk hugmyndina við gerð lokaverkefnis í iðnhönnun frá Danmarks Design Skole.

Úr rannsóknum og vinnu Guðlaugar varð til tækið Sofus. Sofus, sem hugsaður er fyrir heimalömuð börn á aldrinum þriggja til sjö ára, er útbúinn tökkum með táknum á. Þegar ýtt er á takkana þá heyrast hljóð sem smám saman verða að tónlist sem er í samræmi við táknið, til að mynda heyrast hrotur og tikk í klukku og svo róleg og draumkennd tónlist þegar ýtt er á næturtákn. Markmiðið með tækinu er að auka tjáningarmöguleika barnanna og hjálpa þeim að sjá fleiri tengingar við orð en ella.

Eftir langan undirbúning var Sofus tekinn í notkun á leikskólanum Sólborg í Reykjavík þar sem hann verður prófaður í sumar. Guðlaug hefur svo í hyggju að nota reynsluna af Sofusi til þess að þróa tækið enn frekar.

„Ég útskrifaðist úr iðnhönnun árið 2004 og frumgerð af Sofusi var lokaverkefnið við Danmarks Design Skole. Nokkrum árum síðar fékk ég svo styrk til þess að gera alvöru eintak og nú er það komið í notkun,“ segir Guðlaug. Hún stefnir á að prófa Sofus líka í Danmörku í haust og skrifa greinar um það hvernig tækið hefur nýst heilabiluðum börnum. Markmiðið er að halda þróuninni áfram en Guðlaug, sem fengist hefur við ýmiss konar hönnunarverkefni, hefur sérstakan áhuga á að sameina hönnun og þekkingarvísindi eins og Sofus ber vitni um. - sbt

### HVAÐ ER HEILALÖMUN?

Heilalömun er algengasta tegund hreyfihamlana meðal barna. Þá er hreyfiþroskinn afbrigðilegur og seinkaður vegna skaða eða áfalls á stjórnstöðvar hreyfinga í heila. Fötlunin er margbreytileg. Til eru börn með heilalömun sem hreyfa sig og þroskast næstum eðlilega meðan önnur börn með heilalömun þurfa aðstoð við nánast allar athafnir daglegs lífs. Oft þarf að leita sérstakra leiða til að auka tjáskiptafærni barnsins, bæta vöxt þess og hafa áhrif á hegðun og líðan. Um tíu íslensk börn fæðast með heilalömun ár hvert. Heimild: Heilalömun: www.greining.is.



# Allt stefnir í metþátttöku

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram í 27. skipti laugardaginn 21. ágúst. Brynja Guðjónsdóttir hjá skrifstofu Reykjavíkurmaraþonsins hefur umsjón með skráningu í hlaupið og segir stefna í meiri þátttöku nú heldur en á síðasta ári.

„Stöðug skráning er alla daga og greinileg aukning á milli ára. Nú eru 2.300 manns búin að skrá sig í heildina gagnstætt til dæmis um 2.000 manns á sama tíma árið 2009, auk þess sem helmingi færri voru skráðir seinni part júlí 2008.“

Brynja segir mesta aukningu hafa orðið í 10 kílómetra hlaupið frá því á síðasta ári eða tæplega 20 prósent. Heildarfjöldi skráninga í allar vegalengdir fór þá að lokum í 11.400, sem er um 5 prósent aukning frá 2008 þegar um 11.000 hlupu. Því bendi flest til að heildarfjöldi skráðra verði talsvert fleiri nú heldur en 2009. „Viðbúið er að metþátttaka verði í hlaupinu í ár,“ segir hún.

Athygli vekur að á meðan íslenskum keppendum heldur áfram að fjölga milli ára eru hinir erlendu nú álíka margir og á svipuðum tíma í fyrra, gagnstætt 2009 þegar þeim fjölgaði um 25 prósent, eða úr 600 í 750. Í ár hafa hlauparar frá 48 löndum skráð sig til keppni að meðtöldu Íslandi en í fyrra voru keppendur frá 41 landi.

Þátttakendur munu geta valið um ýmsar vegalengdir auk þess sem boðið verði upp á boðhlaup í fyrsta sinn. Allar nánari upplýsingar á www.marathon.is. - rve



Búist er við að þátttakendur í Reykjavíkurmaraþoninu verði fleiri nú en í fyrra.

# Keppa í fyrsta sinn á Gay Games

**Stærsta íþrótta- og menningarhátíð samkynhneigðra í heimi, Gay Games, fer fram í lok mánaðarins og sendir íþróttafélagið Styrmir þrjátíu og þrjá þátttakendur til leiks.**

„Köln er bara undirlögð í viku,“ segir Jón Þór Þorleifsson, meðlimur í sundliði Styrmis. Tíu þúsund íþróttamenn frá yfir sjötíu löndum taka þátt í hátíðinni Gay Games sem fer fram í Köln frá 31. júlí til 7. ágúst.

Íþróttafélagið Styrmir sendir í fyrsta sinn íþróttamenn á hátíðina en þangað fara þrjátíu og þrír íslenskir þátttakendur. „Við sendum sundlið, blaklið og lið sem keppir í skotfimi. Svo eru nokkrir fótboltastrákar sem munu keppa með öðrum erlendum liðum,“ segir Jón Þór en íþróttamenn frá Styrmi kepptu á síðasta ári á Out Games í Kaupmannahöfn sem er systurhátíð Gay Games.

Að sögn Jóns Þórs var blakliðið stofnað í vetur. „Skotfimin er líka alveg ný. Þeir eru tveir sem koma með okkur í skotfiminni,“ útskýrir Jón Þór en Styrmir hefur stefnt að því að senda lið á Gay Games frá því að komið var heim af Out Games á síðasta ári.

Undirbúningsæfingar hafa staðið yfir í vetur. „Við æfum sund fjórum sinnum í viku, fótbolta þrisvar í viku, blakið er þrisvar í viku og strákarnir í skotfiminni hafa verið að æfa sjálfir,“ segir Jón Þór og heldur áfram: „Fyrir utan það erum við með þriðjudagssprikl sem er mjög skemmtilegt. Þá hittumst við á þriðjudögum og gerum eitthvað nýtt saman. Ég fór til dæmis í ballett en ég er ekki maður sem ætti að vera í ballett,“ segir Jón Þór glettinn.

*- mmf*




Dofri Örn Guðlaugsson er annar skotfimikeppenda Styrmis á Gay Games.



Sundliði Styrmis gekk vel á Out Games á síðasta ári. Jón Þór er annar frá vinstri.



Nokkrir fótboltastrákar frá Styrmi keppa ásamt öðrum erlendum liðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

● **GÓÐ RÁÐ GEGN OFNÆMI** Á vefsíðunni doktor.is er að finna ráð til þess að draga úr einkennum frjókornaofnæmis. Þar er meðal annars varað við því að þurrka þvott á snúru utandyra þegar mikið er af frjókornum í loftinu þar sem þeim hættir til að setjast í þvottinn. Eins er fólki ráðlagt að útiloka plöntur innandyra valdi þær ofnæmi og fá aðra til að slá blettinn hafi viðkomandi ofnæmi fyrir grasi. Síðast en ekki síst er fólk hvatt til að fara ætíð eftir ráðleggingum læknis um notkun ofnæmislyfja.





FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Guðsteinn Halldórsson leggur upp í áheitaferðina í dag, rangsælis kringum landið.

# Eins og Forrest Gump

Smiðurinn Guðsteinn Halldórsson er á leið í áheitaferð umhverfis Ísland á hjólinu sínu til styrktar ADHD-samtökunum sem aðstoða fólk með ofvirkni og athyglisbrest. Hann er einn á ferð og leggur upp klukkan tíu í dag frá Olís við Norðlingaholt í Reykjavík. „Ég ætla að hjóla hringinn rangsælis og fyrsti áfangastaður er Hvolsvöllur,“ segir Guðsteinn sem stefnir á að taka um hundrað kílómetra á dag og vera um hálfan mánuð í ferðinni. Hann er með viðleguútbúnað og mun sjálfur elda og smyrja sér dagsnesti en Ölgerðin og Nói Siríus sjá um orkuskot meðfram hringveginum. Hann telur sig vera í mjög góðri þjálfun. „Ég er búinn að vera í fjallgöngum frá því ég man eftir mér, hlaupa maraþon og ganga á há fjöll. En ég sleit krossbönd 2007 og fór þá að synda og hjóla. Er eins og Forest Gump!“

Guðsteinn og kona hans eiga son sem greindist með ofvirkni og athyglisbrest þegar hann var sex ára. Hann er 21 árs nú og í góðum málum. „Við hjónin erum í ADHD-samtökunum og vitum að þau vinna mjög þarft og óeigingjarnt starf. Því bið ég fólk að fara inn á heimasíðu þeirra, www.adhd.is, og leggja inn framlög með skýringunni „hjólað“.

*- gun*

Maður lifandi...
líttu þér nær
á næstu grösum
er grænn kostur fyrir þig
Bændur í bænum
Lífrænn ferskvörumarkaður
og netverslun
Grænmeti - Ávextir - Mjólkurvörur




graenihlekkurinn.is - Nethyl 2c
Opið alla virka daga milli 12 - 18



● **SUNDVAKA** Borgaryfirvöld standa fyrir sundvöku eða sólarhringsopnun í Laugardalslauginni næstu nætur eða til mánudagsins 26. júlí. Gjald fyrir gesti á sundvöku er 1.000 krónur en þess ber að geta að afsláttar- og árskort gilda. Börn yngri en sextán ára fá ekki aðgang á nóttunni nema í fylgd með fullorðnum og í samráði við útivistarreglur í borginni, eins og fram kemur í fréttatilkynningu. Þar er líka tekið fram að ef vel tekst til gæti sundvakan orðið að árvissum viðburði.



● **HEILSUGÆSLAN HAMRABORG 30 ÁRA**
Heilsugæslustöð Kópavogs var opnuð formlega 23. júlí 1980 í Fannborg 7-9 og fagnar því 30 ára afmæli á morgun. Fyrst um sinn störfuðu þar heimilislæknar og sérfræðingar með læknastofur. Auk þess var þar mæðraskoðun, hjúðsjúkadómadeild, sjúkraþjálfun, rannsóknarstofa og fleira. Hugmyndin að baki heilsugæslunni var að sinna öllum þörfum sjúklinga á einum stað. Húsnæðið þótti hins vegar ekki nógu hentugt og því var stöðin flutt í nýtt húsnæði að Hamraborg 8 í desember 2005. Þar eru nú heimilislæknar, ungbarna- og mæðravernd, heimahjúkrun fyrir allan Kópavog og sálfræðingur sem sinnir börnum og unglingum. Alls eru fimm heilsugæslulæknar á stöðinni og alls um fimmtíu starfsmenn. Sjá www.heilsugaeslan.is.




Gríptu með þér Floridana í sumar. Morgunsafi, Heilsusafi og Appelsínusafi frá Floridana eru framleiddir úr úrvals hráefnum og innihalda engan viðbættan sykur.
**Fáðu þér Floridana og lifðu vel.**

Floridana
LIFÐU VEL!

512 54 01
Auglýsingasími




Allt sem þú þarft...

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


FJARÐARBÓLSTRUN ehf Sími 864-4188

Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

CARGO sendibílaleiga 566 5030 www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

StorirStrakar.is
Viðarrima 25 - 112 Reykjavík
Sigríður Marteinsdóttir
sigga@storirstrakar.is
Sími 699 7885

Hleðslugrjót og garðamold
Til sölu:
- Holtagrjót og sprengigrjót í hleðslur - til í ýmsum stærðarflokkum
- Sérunnin garðamold í beð og undir torf

s. 660 6101
s. 545 1805
VERKTAKAR MAGNI

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

OPNUNARTILBOÐ
Italiano Pizzeria
Miðstærð af pizzu og gos, önnur pizza fylgir frítt með.
2 fyrir 1 í sal
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

THAIGRILL.is
Sjáið matseðilinn á www.thaigrill.is
Góður matur á góðu verði
HRINGIÐ - PANTIÐ - SÆKIÐ
Sími: 562 8333
Hagamelur 67 - 107 RVK
Opið frá 17:00 til 21:00 alla daga
Frábært Fjölskyldutilboð
Kjúklingur Kókos & Chili
Svínakjöt m/ cashewhnetum
Djúpsteiktar Rækjur
Steiktar Eggjanúðlur
Hrísgrjón & Sósa
kr. 4000,-

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

TILBOÐ Á ASTONISH HREINGERNINGAVÖRUM
Astonish OVEN & COOKWARE CLEANER
Tómstundahúsið
Tómstundahúsið - Nethyl 2 - sími: 5870600 - www.tomstundahusid.is

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Vörubílar og vinnuvélar, öll almenn jarðvinna, traileraakstur og gröfuvinna.
KRAFTLIND EHF - S:866-3533

Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn
ERUM FLUTT Á SKÓGARHLÍÐ 10, 105 RVK • S. 445-5562 • GSM. 615-2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

PÍPARAR · RAFVIRKJAR · PARKETLAGNIR
TRÉSMIÐIR · MÁLARAR · MÚRARAR
ALLT LÖGGILTIR MEISTARAR
VIÐHALDS MEISTARINN EHF
Sími 511 2255 • www.vhm.is

Kraftvélar umboðsaðili á Íslandi
IVECO
Varahlutir - Rekstrarvörur - Viðgerðaþjónusta
KRAFTVÉLAR VÉLAR ÞJÓNUSTA
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3500 / www.kraftvelar.is

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

Nytjamarkaðurinn
TIL STYRKTAR ABC BARNAHJÁLP
Mikið úrval af nýjum og notuðum hlutum í verslun okkar á frábæru verði.
Dæmi: Föt (peysur, buxur, skór o.fl.) - algengt verð 100 - 900 kr.
Fullur poki af völdum fötum 500 kr.
Búsáhöld og gjafavörur - algengt verð 50 - 600 kr.
Bækur, DVD, CD, Vinyl - algengt verð 100 - 350 kr.
Húsgögn ýmiskonar - algengt verð 200 - 15.000 kr.
Vertu velkomin í heimsókn í verslunina okkar.
Nytjamarkaðurinn - Skútuvogi 11a (á móti Húsasmiðjunni)

VIÐ & ENDUR BYGGINGAR
Fyrir:
Eftir:
ERT ÞÚ AÐ HUGSA UM AÐ:
- ENDURBYGGJA ÞAKIÐ
- BYGGJA VIÐ ANDDYRIÐ
- STÆKKA STOFUNA
- BYGGJA VIÐ HÚSIÐ
- BYGGJA KVISTI Á ÞAKIÐ
- BYGGJA HÆÐ Á HÚSIÐ

TEIKNISTOFAN KVARÐI
:555 2020 • www.kvardi.is • kvardi@kvardi.is

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

SÁ Verklausnir
Alhliða garðaþjónusta og lóðafrágangur.
Gerum föst verðtilboð.
Þökulagning - Hellulagning - Jarðvegsskipti
Hreinsun - Sláttur - Klipping
Frekari upplýsingar hjá Sigurði í s. 897 3057 og á heimasíðu
www.save.is


# Þjónustuauglýsingar

Alla fimmtudaga

sigrunh@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

## Tilkynning

FLÓAHREPPUR

### AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í FLÓAHREPPI

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. er niðurstaða sveitarstjórnar Flóahrepps um aðalskipulag í sveitarfélaginu hér með auglýst.

**Aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi.**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt þann 7. júlí 2010 tillögu að aðalskipulagi Flóahrepps í fyrrum Villingaholtshreppi ásamt greinargerð og skýringaruppdráttum af byggð, samgöngum, landbúnaði og verndarsvæði.

Tillagan var auglýst frá 8. apríl - 21. maí 2010 og frestur til að skila inn athugasemdum var til 21. maí 2010. Alls bárust 86 athugasemdir við tillöguna.

Þeir aðilar sem gerðu athugasemdir við tillöguna munu fá senda umsögn sveitarstjórnar.

Tillagan er nú í vinnslu samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Þeir sem óska eftir frekari upplýsingum geta snúið sér til skrifstofu Flóahrepps eða til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Til leigu 3 herb. um 98 fm. íb. í norðlingaholti ásamt stæði í bílageymslu. gott útsýni. Uppþvottavél og ískábur fylgja. Laus Strax. Leiguverð 135þ. uppl: 8666904

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

**3ja herb. í 109 Rvk.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþvottavél, gardínur og öll ljós. Stæði í bílkjallara. Dýrahald ekki leyft www.heimahagar.is Upplýsingar í síma 7727553**

Herbergi í Hraunbæ. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

Kona á þrítugsaldri með barn leitar af 3 herb. íbúð verðhugmynd 90-110 þús. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. S. 857 8402.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Húsnæði óskast

**Verslunarmannahelgi: Akureyri**
3ja manna fjölsk. óskar eftir íbúð til leigu um verslunarmannahelgina á Akureyri eða í nágrenni. Upp. í s. 663 3313

**Reykjavík- Gran Canary**
100 m2 fullbúin íbúð á svæði 110 Reykjavík í skiptum fyrir sambærilegt húsnæði á Cran Canary. Tímabil frá 1 sept. n.k. til 1 april 2011 eða eftir samkomulagi. Frekari uppl. dan@islandia.is eða 892-1474.

Sérbýli óskast. Þarf að vera frekar nýlegt, verðhugmynd frá 180þ. Rósa: S. 697 9557

### Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

### Sumarbústaðir



Til sölu 36fm,sumarhús m/svefnloft í Eyrarskói, leigulóð. Skúr fylgir. Verð 7.9 m. Góð staðsetning. S .865 1349

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Óska eftir smiðum eða mönnum vönum smíðavinnu sem fyrst í a.m.k. einn til tvo mánuði. Vinsamlegast sendið uppl. á netfang skuldin@simnet.is

Lækjarbrekka
Alltaf sígild - Alltaf ljúf

**Lækjarbrekka**
**Rótgróið, þekkt veitingahús getur tekið að sér nema í matreiðslu.**
**Upplýsinga veitir Kristófer í s. 551 4430**

Nýtt veitingahús og verslun á Suðurlandi vantar kokk, þjóna og afgr.fólk til starfa. S. 696 9696

Kokk eða matgæðing vantar á veitingarhúsið AMOKKA Kópavogi, Dagvinna. Uppl. í síma 690 2160 eða amokka@amokka.is

Smiður óskast í tímabundin verkefni. Upplýsingar gefur Pétur í síma 8652300

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

Allan Magnússon á að velja nýja HRdómara. Lesið um starfshætti hans á blogg.visir.is/rettan

### Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**

63 ára karlmaður óskar eftir að kynnast konu sem ferðafélaga. Áhugasamar sendi svar merkt „1946" á thjonusta@365.is






## Fasteignir

GELLIR
FASTEIGNASALA

Hafnastræti 83 - 600 Akureyri - vilhelm@gellir.is – www.gellir.is

**TIL SÖLU**

**Litluskógar 5 Egilsstöðum**



**Glæsilegt parhús með bílskúr 126,7 fm. Hugsanleg skipti á íbúð/húsi á Akureyri.**

Hafnastræti 83 - 600 Akureyri - vilhelm@gellir.is – www.gellir.is

EIGNAMIÐLUN
Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

**Stuðlasel 8**



Fallegt og mikið endurnýjað 194,5 fm einbýli á einni hæð með innbyggðum bílskúr og grónum afgirtum garði með hellulögðum stéttum. 5870

## Atvinna

**GOTTKORT**

**leitar af skemmtilegu og metnaðarfullu fólki í vinnu í símarverið okkar.**

***Góð laun í boði fyrir fyrir rétta fólkið.***

**Umsóknir sendist á simaver@gottkort.is**

# Sveitarstjóri

**Sveitarfélagið Skagafjörður auglýsir lausa til umsóknar stöðu sveitarstjóra**



**Starf sveitarstjóra** Sveitarfélagsins Skagafjarðar er laust til umsóknar og er leitað eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að takast á við krefjandi verkefni.

**Í sveitarfélaginu** búa um 4.200 íbúar og er Sauðárkrókur stærsti þéttbýliskjarninn en auk þess eru þéttbýliskjarnar á Hofsósi, Hólum í Hjaltadal, Varmahlíð og við Steinsstaði. Atvinnulíf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og skóla- og frístundastarf öflugt, góðir grunnskólar, leikskólar og tónlistarskóli.



**Nánari upplýsingar** um Sveitarfélagið Skagafjörð er að finna á vefsíðunni www.skagafjordur.is.

**Starfsvið sveitarstjóra:**
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Að gæta hagsmuna sveitarfélagsins út á við, vera talsmaður sveitarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum



**Helstu kostir sem leitað er eftir hjá sveitarstjóra:**



- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og reynsla af stjórnun, bókhaldi og rekstri
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Þekking á sveitarstjórnarmálum er æskileg
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur en ekki skilyrði





**Umsóknarfrestur** er til og með 30. júlí n.k.

Nánari upplýsingar um starfið og sveitarfélagið gefa Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðarráðs, sími 847 7437, og/eða Guðmundur Guðlaugsson, sveitarstjóri, sími 455 6000 eða 898 8860. Umsóknir sendist á Ráðhús Skagafjarðar, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkrókur merkt „Ráðning sveitarstjóra".

NÝPRENT ehf.

www.skagafjordur.is

Skagafjörður

# GOTT Á GRILLIÐ

*Grillaðir bananar fylltir með súkkulaði ...*




*Gott saman!*




## *Spennandi meðlæti á grillið eða í ofninn!*



Bökunarkartöflur | Beikonfylltar kartöflur | Maísstönglar | Balsamikmarinerað grænmeti | Berjabomba m/kókosbollum | Sveppir með ostafyllingu



**Ramiro paprika**
Grillið í 3-6 mín. í heilu lagi, látið standa í 1 mín. og hýðið tekið af.



**Tómatar**
Skerið til helminga. Penslið með olíu og kryddið með basil, hvítlauk, timian, salti og pipar. Grillið við mikinn hita í 1-2 mín. á hvorri hlið.



**Maís**
Takið hýðið af maísnum og setjið hann í álpappír ásamt salti og smjörklípu. Grillið í 8-10 mínútur.



**Kastaníusveppir**
Raðið upp á grillteín og penslið með olíu. Kryddið með salvíu, salti og pipar. Grillið við mikinn hita í 3-4 mín.



**Sætar kartöflur**
Skerið kartöflurnar í skífur og penslið með olíu. Kryddið með hvítlauk, timjan og salti. Grillið þar til þær eru eldaðar í gegn.



**Hvítlaukur**
Penslið með olíu, kryddið með timian, salti og pipar. Pakkið inn í álpappír og grillið á milliheitu grilli í 30 mín., snúið öðru hverju.



**Salatlaukur**
Ýmist skorinn í sneiðar og penslaður með olíu og grillaður, eða skorinn í stóra bita og settur á grillpinna.



**Steinseljurót**
Ýmist bökuð í álpappír líkt og kartöflur eða skorin í sneiðar og sett á grillpinna.


24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð






# Duglegur-fasismi

BAKÞANKAR
Charlotte Böving



Verandi útlendingur sem býr hér á Íslandi hef ég oft velt fyrir mér mikilli notkun hugtaksins að vera DUGLEG(UR). Mig langar jafnvel að leyfa mér að fullyrða að hér á landi sé útbreiddur „duglegur-fasismi“.

**HVAÐ** þýðir það að vera dugleg(ur)? – Að maður hafi staðið sig vel? En við myndum aldrei segja heimspekktum lista- eða fræðimanni að hann eða hún væri dugleg; Mikið ertu dugleg, Björk! Þá værum við að tala niður til viðkomandi. En við hvern segjum við það þá?

**VIÐ HEILAÞVOUM** börn með þessu hugtaki frá unga aldri: „Mikið ertu duglegur að labba“ segjum við því, en hvernig getur það staðist. Það er nokkuð náttúrulegur hluti af þroskaferlinu að stíga sín fyrstu skref. Rétt eins og það er að læra að tala. Annars skriðum við enn öll um og böbluðum eins og ungabörn!

**„EN HVAÐ** þú varst dugleg að borða“ er sagt við barnið. En barnið borðar til að seðja hungur sitt og ef það gerði það ekki dæi það úr hungri.

**„SJÁÐU** mamma, ég er að róla!“ æpti barnið á mömmu sína. „Já, þú ert svo dugleg að róla!“ svaraði mamman. Við erum svo vön þessu svari, en ef við veltum því aðeins fyrir okkur? Ef barnið til dæmis dytti úr rólunni, væri það þá ekki lengur duglegt að róla sér? Myndi það þá skammast sín, því það væri ekki lengur duglegt? Barnið var ekki að biðja um að vera duglegt, það bað um athygli. Það bað um að mamman sæi það: „Sjáðu mamma, ég er að róla!“ Hvernig væri að mamma þess í staðinn svaraði: „Já, ég sé þig, en skemmtilegt!“

**ÞAÐ ER** gaman að róla og ef ég dett úr rólunni rís ég bara á fætur og stekk aftur á róluna. Annað er eins og að hrósa barni fyrir að vera duglegt að leika sér. Börn leika sér vegna þess að þau vita ekkert betra. Það er gaman, lærdómsríkt og spennandi að hverfa inn í leikinn, rétt eins og það trúlega er fyrir lista- eða fræðimanninn að sinna störfum sínum. Þau eru því ekki dugleg, heldur snilldarleg!

**ÉG HEYRI** þennan „duglegur-fasisma“ allt í kring um mig og held því fram að hann loði við. Það að vera duglegur er stór hluti af sjálfsmynd okkar sem fullorðið fólk. Svo þegar við erum ekki dugleg, hvað erum við þá? Slöpp? Löt? Lúserar?

**Í ÞESSARI** dásamlegu sumarblíðu langar mig að hvetja okkur öll til þess að vera minna dugleg og leika okkur meira!

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





SUMAR
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
4GB
4GB COBY MP620
MP3 SPILARI
9.990
8GB
8GB COBY MP620
MP3 SPILARI
14.900
NÝ
TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR
AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á
TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
HVERGI
BETRA
VERÐ
BenQ
24"
24" FULL HD 1080P
BENQ LCD SKJÁR
39.900
1TB
1TB SAMSUNG SATA2
HARÐDISKUR 32MB
14.900
2TB
2TB SEAGATE SATA2
HARÐDISKUR 32MB
26.900
1.5TB
1.5TB SEAGATE SATA2
HARÐDISKUR 32MB
19.900
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**!** **Reykholtskirkja Í kvöld**
*Reykholtshátíð hófst í 14. sinn í gær með tónleikum Basil-karlakórsins frá dómkirkjunni í Moskvu. Kórinn kemur einnig fram í Reykholtskirkju í Borgarfirði í kvöld og næstu daga. Þá kemur hann tvisvar fram í Langholtskirkju á laugardag, klukkan 20 og á miðnætti. Miðasala er á Midi.is. Nánar á reykholtshatid.is.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Jarmusch heiðursgestur RIFF

Bandaríski kvikmyndagerðarmaðurinn Jim Jarmusch verður heiðursgestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, RIFF, sem verður haldin 23. september til 3. október. Hann mun hljóta heiðursverðlaun hátíðarinnar fyrir framlag sitt til kvikmyndagerðar. Það verður forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sem mun veita verðlaunin við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

„Hann er búinn að vera á óskalistanum lengi hjá okkur. Við buðum honum í ár og það er eins og hann hafi verið að bíða eftir bréfi frá okkur því hann þáði strax boðið,“ segir Hrönn Marínósdóttir hjá RIFF. „Hann ætlar að koma hingað með konunni sinni sem er líka kvikmyndagerðarmaður.“

Jarmusch mun stoppa hér á landi í fimm daga og hlakkar hann mikið til að kynna sér land og þjóð. Hann er einn fremsti óháði kvikmyndagerðarmaður heims, enda fer hann sífellt nýjar leiðir í listsköpun sinni. Á meðal þekktustu mynda hans má nefna Night On Earth (1991), Dead Man (1995) með Johnny Depp í aðalhlutverki, auk mynda á borð við Ghost Dog: The Way of the Samurai (1999), Coffee and Cigarettes (2003) og Broken Flowers (2005).



**JIM JARMUSCH** Bandaríski leikstjórinn verður heiðursgestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík í haust.

Einhverjar mynda Jarmusch verða sýndar á RIFF-hátíðinni þótt enn hafi ekki verið ákveðið hverjar þær verða. Þó hefur verið ákveðið að kvikmyndin You Are Not I (1981) verði sýnd, sem hann gerði í samstarfi við eiginkonu sína. Þá mun Jarmusch stýra svokölluðum masterklössum og/eða svara spurningum í tengslum við myndir sínar og kvikmyndagerð almennt. **- fb**


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

14.07.10 - 20.07.10




**1** Vegahandbókin 2010 — Ýmsir höfundar




**2** Það sem mér ber - kilja — Anne Holt




**3** Aldrei framar frjáls — Sara Blædel




**4** Iceland on Fire — Vilhelm Gunnarsson




**5** Brandarabók Andrésar — Walt Disney




**6** Eyjafjallajökull — Ari Trausti og Ragnar Th.




**7** Toy Story - Þrautabók 3D — Walt Disney




**8** Kortabók Íslands — Örn Sigurðsson




**9** Volcano Island — Sigurgeir Sigurjónsson




**10** Makalaus - kilja — Tobba Marinós

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**HALLVEIG VAKNAR** Leikkonan Margrét Ákadóttir í hlutverki Hallveigar Ormsdóttur.

# Stígur fyrsta skrefið í að segja frá kynsystrunum

**Margrét Ákadóttir frumsýndi einleikinn Hallveig ehf. í gömlu kirkjunni í Reykholti síðasta sunnudag. Hlín Agnarsdóttir skrifaði verkið sem fjallar um Hallveigu Ormsdóttur konu Snorra Sturlusonar.**

„Karlmennirnir hafa alla tíð verið duglegir við að segja frá kynbræðrum sínum og er þetta okkar tilraun til að leiðrétta það,“ segir Margrét Ákadóttir leikkona. „Þetta er í raun okkar viðleitni til að leiðrétta söguna hennar að vissu leyti, því það hefur svo til gleymst að segja frá konunum í sögu Íslands.“

Einleikurinn Hallveig ehf. verður sýndur í annað skipti á tónlistarhátíðinni í Reykholti á laugardag. Einleikurinn fjallar um ævi Hallveigar Ormsdóttur, seinni konu Snorra Sturlusonar, en hún bjó með honum í Reykholti þar til hún lést rúmlega fertug að aldri. Margrét fer með hlutverkið en Hlín Agnarsdóttir skrifaði einleikinn. Leikstjóri verksins er Inga Bjarnason og aðstoðarleikstjóri Guðrún Magnúsdóttir. Búning og gervi Hallveigar hannaði Fitore Berisha og var það Guðrún Þórðardóttir sem sá um saumaskapinn.

**55** mínútur tekur að segja sögu Hallveigar Ormsdóttur í einleiknum Hallveig ehf.

„Ég bý hér í Reykholtinu og fékk áhuga á að gera eitthvað þessu líkt,“ segir Margrét. „Ég leitaði því til vinkvenna minna, Hlínar og Ingu, en við erum allar búnar að vera í leikhúsinu í yfir 30 ár og höfum unnið mikið saman. Það er stór áskorun að segja sögu Hallveigar og fleiri kvenna úr sögunni. Við ákváðum að taka þetta skref og vonumst til að þetta sé einungis byrjunin.“

Verkið hefst þar sem Hallveig er stödd í Reykholtskirkju 810 ára gömul og hefur stolist til að lesa það sem sagt er um hana og Snorra í nýjustu ævisögunni um skáldið, lögspekinginn og kvennamanninn Snorra.

Æfingar hafa staðið í um fimm vikur og hafa þær gengið vel. „Við erum allar með okkar skoðanir en okkur gengur vel að vinna úr málunum þegar þau koma upp,“ segir Margrét. Það getur verið erfitt að setja upp leiksýningu á eigin vegum og samkvæmt Margréti eru leikarar ekki eins verndaðir eins og innan stofnunar. Snorrastofa og Þjóðminjasafnið hafa þó aðstoðað þær með húsnæði og fleira.

Fleiri sýningar verða auglýstar í sumar og miðapantanir eru í síma 690-1939. Nánari upplýsingar má fá hjá Snorrastofu. **linda@frettabladid.is**

# Styttist í Jazzhátíð Reykjavíkur

Dagskrá Jazzhátíðar Reykjavíkur verður kynnt á Grand hóteli í dag klukkan 17. Þar verður boðið upp á tónlist með nokkrum af okkar helstu djassleikurum.

Jazzhátíðin verður haldin í 21. skipti dagana 14.-29. ágúst og lýkur henni því á afmælisdegi einnar mestu goðsagnar djassins, saxófónleikarans Charlie Parker, sem hefði orðið níræður þann dag.

Meðal erlendra gesta hátíðarinnar er breski píanistinn Django Bates, Hann er þekktur fyrir að vera ólíkindatól í tónlistinni og hefur stundum verið kallaður Monty Python djassins. Bates mun spila bæði einn og með tríói sínu á hátíðinni. Þýski básúnusnillingurinn Nils Wogram mætir einnig ásamt tríói sínu Nostalgia. Margt fleira er á döfinni og má tína til ljósmyndasýningu í Uppsölum Reykjavíkurhótelsins Centrum. Einnig verða haldnir tónleikar sem verða sendir út beint á Netinu um miðjan dag og þess freistað að kynna þá viðburði fyrir tónleikahöldurum austan hafs og vestan. Auk þess heimsækja hátíðina á annan tug erlendra blaðamanna og tónleikahaldara.



**DJANGO BATES** Breski píanistinn Django Bates verður gestur á Jazzhátíð Reykjavíkur í ágúst.

Sala er hafin á djasspössum hátíðarinnar á Midi.is. Aðeins verða í boði 300 passar á alla hátíðina og kostar passinn 8.000 krónur.

# RÓMEÓ OG JÚLÍA




## Rómeó og Júlía Vesturports í síðasta sinn

**Vegna mikilla vinsælda bættum við inn nýjum sýningum. Síðustu forvöð að tryggja sér miða á þessa mögnuðu sýningu í Borgarleikhúsinu.**

VesturPort | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið




> Í SPILARANUM

Wavves - King of the Beach
Björk / Dirty Projectors - Mount Wittenberg Orca
The Drums - The Drums
Klassart - Bréf frá París

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

TÍMAVÉLIN UB40 MEÐ GAMLAN SLAGARA ÁRIÐ 1993

## Á toppinn á tíu ára fresti



- Breska reggísveitin UB40 fór á topp bandaríska Billboard-listans með lagið Can't Help Falling in Love 24. júlí árið 1993.
- Lagið var á toppnum í heilar sjö vikur.
- Can't Help Falling in Love er eftir eftir George Weiss, Hugo Peretti og Luigi Creatore og er byggt á Plaisir d'amour eftir Jean Paul Egide Martini.
- Elvis Presley söng lagið inn á smáskífu árið 1962 við miklar vinsældir.
- UB40 hafði ekki komist á topp Billboard-listans í tíu ár þegar hljómsveitin kom laginu á toppinn. Árið 1983 kom hljómsveitin laginu Red Red Wine á toppinn víða um heim.
- Hljómsveitinni tókst ekki að endurtaka leikinn árið 2003 þegar hún gaf út lagið Swing Low. Það komst hæst í 15. sæti breska listans en komst ekki inn á þann bandaríska.
- UB40 er ein farsælasta hljómsveit allra tíma og hefur selt meira en 70 milljónir platna.
- Hljómsveitin er enn á fullu og gaf síðast út plötuna Labour of Love IV sem er fjórða platan í Labour of Love-seríunni.




> PLATA VIKUNNAR

Steve Sampling - Milljón mismunandi manns

★★★

„Ágæt plata sem óhætt er að mæla með fyrir aðdáendur íslenskrar rapptónlistar.“ - tj



TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

## Slæm hugmynd frá AGS

Nýlega voru tillögur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í skattamálum birtar í fjölmiðlum. Ein þeirra er að hækka virðisaukaskatt á tónlist úr 7% í 25,5%. Afleit hugmynd. Nú er það þannig að skoðanir fólks á skattahækkunartillögum ráðast oft af því hvernig þær koma við það sjálft. Ég hef mikinn áhuga á tónlist og þess vegna væri eðlilegt að draga þá ályktun að andstaða mín við hækkaðan virðisaukaskatt mótist af mínum eigin hagsmunum. Það er þó ekki svo einfalt.

Ég er nefnilega sannfærður um að ef þessi hækkun nær fram að ganga mun það hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íslenska tónlistarútgáfu og mun á endanum ekki skila ríkissjóði auknu fé í kassann. Tónlistarútgáfa í heiminum hefur átt undir högg að sækja að undanförnu vegna ólöglegs niðurhals. Íslensk útgáfa er þar ekki undanskilin þó að samdrátturinn í sölu á innlendu efni sé minni en á erlendu. Við þetta bætist sá samdráttur sem er til kominn vegna minnkandi ráðstöfunartekna í kjölfar bankahrunsins.

Íslenskir útgefendur hafa brugðist við þessum samdrætti með því að lækka kostnað. Gömlu útgáfurnar eins og Sena hafa m.a. fækkað titlum og sett fjárfrekari verkefni í salt. Yngri útgáfur hafa fundið nýjar leiðir til að koma tónlistinni til hlustenda. Ágætt dæmi er Brak-útgáfan sem sérhæfir sig í ódýrum og einföldum plötum. Samhliða þessu hafa tónlistarmenn og útgáfur unnið í að þróa netsölu, m.a. í gegnum Gogoyoko-vefinn og Tónlist.is.

Og þrátt fyrir kreppu hefur útgefnum titlum undanfarin tvö ár ekki fækkað að ráði. Og gæðin hafa síst minnkað. Tónlistarútgáfan þolir hins vegar ekki endalausar þrengingar. Hækkun á virðisaukaskatti myndi leiða til verulegra verðhækkana og hruns í sölu á tónlist og mun ekki skila miklu í sameiginlega sjóði landsmanna. Vonandi ber íslenskum stjórnvöldum gæfa til að fara ekki eftir þessum vondu tillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.



THE DRUMS Hljómsveitin The Drums hefur vakið athygli fyrir léttleikandi indí-popp sitt. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sumarlegt sörf-gítarpopp

**Hljómsveitin The Drums frá Brooklyn í New York hefur fengið góða dóma fyrir sína fyrstu plötu. The Smiths og Joy Division eru á meðal áhrifavalda.**

The Drums, sem spilaði á Airwaves-hátíðinni í fyrra, var stofnuð árið 2008 af æskuvinunum Jonathan Pierce og Jacob Graham. Ungir að árum stofnuðu þeir elektró-poppsveitina Goat Explosion, sem ekki fór mikið fyrir. Eftir það fór hvor í sína áttina. Pierce stofnaði indí-rokksveitina Elkland, sem fékk útgáfusamning hjá risanum Columbia Records, en Graham stofnaði Horse Shoes. Þeir fundu sig ekki alveg í bönduum tveimur og ákváðu að breyta til og stofna The Drums þar sem meiri áhersla yrði lögð á gítarpopp undir áhrifum frá The Smiths, Joy Division, The Wake og The Zombies. Þeir fengu til liðs við sig trommarann Connor Hanwick og Adam Kessler, fyrrverandi gítarleikara Elkland, og hófu æfingar af krafti í Flórída. Þeir hljóðrituðu fimmtán lög upp á eigin spýtur, spiluðu á hinum ýmsu klúbbum og söfnuðu peningum svo þeir gætu flutt til New York þar sem auðveldara er að koma sér á framfæri.

Fyrsta lagið sem The Drums sendi frá sér, Best Friends, vakti nokkra athygli og í desember 2009 setti BBC hljómsveitina í fimmta sæti yfir þær sveitir sem gætu náð frama á þessu ári. Tímaritin NME og Clash Magazine sáu líka hversu efnileg hún var, rétt eins og tónlistarvefurinn Pitchfork. Þar var hún valin bjartasta vonin fyrir árið 2010 af lesendum.

Það var síðan í júní síðastliðnum sem fyrsta plata The Drums kom út hjá Moshi Moshi og Island-útgáfunum. Þar fær léttleikandi gítarpopp með sumarlegum sörf-áhrifum að njóta sín og greinilegt að hinar miklu væntingar til sveitarinnar voru engin tilviljun. „Við semjum aðeins lög þar sem tvær tilfinningar koma við sögu,“ útskýra þeir félagar. „Önnur snýst um fyrsta dag sumarsins þegar þið, þú og allir vinir þínir, standið á bjargbrúninni, horfið á sólina setjast og finnið vonir ykkar og drauma hellast yfir ykkur. Hin snýst um það þegar þið eruð ein á gangi í rigningunni og áttið ykkur á að þið verðið ein það sem eftir er.“

Dómarnir fyrir plötuna hafa víðast hvar verið framúrskarandi. Til marks um það fær hún 74 af 100 mögulegum í einkunn á síðunni Metacritic.com sem safnar saman gagnrýni úr ýmsum áttum.

The Drums hefur verið duglegt við tónleikahald á árinu. Hún hefur hitað upp fyrir Kings of Leon og Florence and the Machine og mun spila víðs vegar um Evrópu það sem eftir er ársins.

freyr@frettabladid.is




# Tónleikaferð um Evrópu

Hljómsveitin Mammút er á leiðinni í tónleikaferð um Evrópu í samstarfi við Kraum. Sveitin heldur sextán tónleika á sautján dögum í sinni stærstu tónleikaferð til þessa og fyrstu tónleikarnir verða í Þýskalandi á fimmtudag. Tónleikaferðin er liður í kynningu Mammúts á tónlist sinni og nýjustu plötu, Karkari, í Evrópu með sérstakri áherslu á Þýskaland og þýskumælandi lönd á borð við Austurríki og Sviss. Ferðinni lýkur í Þýskalandi 7. ágúst. Mammút vann Músíktilraunir árið 2004 og hefur síðan þá gefið út tvær plötur sem hafa fengið góðar viðtökur.



MAMMÚT Hljómsveitin Mammút er á leiðinni í tónleikaferð um Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Garðhús 4.4 m²
Með fylgihlutum.
600239
Þekur 50m²
í tveimur
umferðum
GORI 44+
Garðhús 4.4 m²
152.100
169.000
ÖLL
VIÐARVÖRN
25%
AFSLÁTTUR
ÚTSALA ÚTSALA
ÚTSALA
GARÐÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA
ALLAR
ÚTILEGUVÖRUR
ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR
KÆLIBOX
20%
AFSLÁTTUR
JAKKI
3.999
5.999
BUXUR
2.999
3.999
7.990
10.795
Tjald 4 manna Arizona
Með himni og fortjaldi.
5869200
ÖLL TJÖLD
20%
AFSLÁTTUR
Regn og vindsett
m/öndun
dömu til í gráu og
rauðu, herra til grá og
blá, (barnastærðir rautt
og grátt jakki 3999
buxur 3999)
5868030-5868088
GOLFSETT
25%
AFSLÁTTUR
23.900
34.495
ÖLL
REIÐHJÓL
20%
AFSLÁTTUR
6 gíra Shimano
3899971
REIÐHJÓLA-
HJÁLMAR
30%
AFSLÁTTUR
VEIÐIVÖRUR
20%
AFSLÁTTUR
Látum
verkin tala!
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
Skútuvogur opið alla daga til 21:00
Grafarholt opið alla daga til 18:00
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
HÚSASMIÐJAN

> TEKUR EKKI HVAÐ SEM ER

**Julia Roberts** segist vanda sig mun meira núna en áður þegar hún velur kvikmyndir til að leika í. Roberts segir að handritið verði að vera stórbrotið til að hún fái sig í að skilja börnin sín eftir heima og fara í vinnuna. Næsta mynd sem er væntanleg með Juliu Roberts í aðalhlutverki er Eat, Pray, Love.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Fyrsta árið í lífi barns sýnt í bíóhúsum

Heimildarmyndin Babies var frumsýnd í bíóhúsum landsins í gær. Í myndinni fá áhorfendur að fylgjast með fjórum börnum frá ólíkum heimshornum frá því að þau fæðast og þangað til þau taka sín fyrstu skref. Ólíkir menningarheimar eru bornir saman og mismunandi aðferðir við uppeldi, eftir því hvort maður er alinn upp innan um háhýsin í Japan eða á þurrum sléttum Mongólíu. Foreldrarnir eiga það sameiginlegt að ala upp manneskjur sem munu búa saman í heiminum í framtíðinni.

Ponijao er frá Namibíu þar sem börn eru látin skríða í moldinni og mömmurnar í þorpinu skiptast á að gefa brjóst, og söngur og dans er stór hluti af lífi barnanna.

Bayar frá Mongólíu er oft skilinn einn eftir með geitunum, hananum eða kúnum. Hann fær að kenna á því hjá stóra bróður sínum en lærir að standa á eigin fótum í lokin.

Mari frá Japan, fer um allt með mömmu sinni, sem ber hana í poka á bakinu í umferðaröngþveitinu í Tókýó, tekur skapofsaköst og á foreldra sem sjá ekki sólina fyrir henni.

Hattie frá San Francisco er umvafin öllu því helsta barnadóti sem hinn vestræni heimur telur vera eðlilegt og á foreldra sem gefa barninu sínu aðeins það besta.

Það er franski leikstjórinn Tomas Balmes sem ásamt tökuliði sínu hefur fylgt börnunum eftir og ferðast reglulega um heiminn til að ná augnablikum í þeirra lífi. Myndin fær almennt fína dóma hjá gagnrýnendum vestanhafs og blaðamaður New York Times segir myndina meðal annars vera ómótstæðilega og skylduáhorf fyrir foreldra.



**ÓMÓTSTÆÐILEGUR** Ponijao frá Namibíu gefur áhorfendum tækifæri til að sjá hvernig er að vaxa úr grasi í moldarkofa í Afríku.

# Elskar Boxarann sinn



Leikarinn Mark Wahlberg segist elska nýjustu mynd sína, The Fighter, eins og barnið sitt. Hann hafi unnið að því að koma myndinni í framleiðslu í fjögur ár. Handritið, sem byggt er á raunverulegum atburðum, hafi haft djúp áhrif á hann og myndin sé ein af hans bestu myndum.

The Fighter, sem verður frumsýnd í desember í Bandaríkjunum, fjallar um írska boxarann Micky Ward og hvernig honum ásamt bróður sínum tókst að verða atvinnumaður í íþróttinni.

**WAHLBERG** Segir nýjustu mynd sína The Fighter vera eina af hans bestu hingað til.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Björt framtíð

Leikarinn Will Smith segist trúa því að sonur sinn Jaden geti orðið enn meiri stjarna í Hollywood en hann sjálfur. Jaden Smith er í kastljósi kvikmyndabransans eftir hlutverk sitt í Karate Kid. Strákurinn þótti standa sig vel og myndin var vel sótt í Bandaríkjunum. „Myndin fékk meiri aðsókn fyrstu sýningarhelgina en flestar mínar myndir svo ég veit ekki hvort hann vill búa með okkur,“ spaugaði Will Smith, sem áttaði sig fyrst á frægð sonarins þegar hann var kallaður pabbi Karate Kid-stráksins.

Jaden Smith, sem er 12 ára, sló í gegn þegar hann lék með föður sínum í myndinni The Pursuit of Happyness árið 2006.



**FLOTTIR FEÐGAR** Will Smith hefur mikla trú á syni sínum Jaden í kvikmyndabransanum. FRÉTTABLAÐIÐ/APPHOTO

# Hugmyndaræningi fær erfiðasta verkefni ferilsins

**Inception, nýjasta afkvæmi leikstjórans Christophers Nolan er sögð brjóta blað í kvikmyndasögunni og vera eins konar blanda af James Bond og Matrix. Gagnrýnendur keppast við að lofsyngja myndina sem hefur fengið afbragðsdóma í mörgum miðlum. Myndin á það sameiginlegt með söguþræði hennar að brjótast inn í hugarheim áhorfandans.**



**HUGARLEIKUR** Í myndinni Inception, sem var frumsýnd hér á landi í gær, er mikið um tæknibrellur og flottar tökur.

Sofandi manneskja er fullkomið fórnarlamb. Sérstaklega fyrir ræningja. Dom Cobb er sá færasti í faginu. Hann læðist inn og tekur það sem manni er kærast. Cobb rænir draumum og hugmyndum úr hugum manna. Leikarinn Leonardo DiCaprio leikur hugmyndaræningjann Cobb sem vinnur fyrir auðvaldið og er eftirlýstur af ríkinu. Hann hefur fórnað öllu fyrir vinnuna en er nú farinn að vilja lifa eðlilegu lífi. Hann fær þau skilaboð að vinni hann eitt lokaverkefni muni hann endurheimta líf sitt. Verkefnið er samt hægara sagt en gert að leysa því Cobbs og hans teymi þurfa að planta hugmynd í stað þess að ræna henni. Hinn fullkomni glæpur ef vel tekst.

Í myndinni leikur einnig Ellen Page, en Page var einmitt tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt sem barnshafandi táningurinn í Juno. Franska fegurðardísin Marion Cotillard fer með hlutverk eiginkonu Leonardo og hinn ungi leikari Joseph Gordon-Levitt leikur aðstoðarmann DiCaprio.

Inception er hugarfóstur leikstjórans Christophers Nolan. Hann leikstýrir, framleiðir og skrifar handritið sjálfur að myndinni. Nolan er meðal annars þekktur fyrir myndirnar Memento og síðustu tvær Batman-myndirnar.

Vinnan við Inception hófst fyrir tíu árum og átti upphaflega að vera hryllingsmynd um draumræningja. Nolan segist sjálfur hafa verið mjög upptekinn af draumum frá 16 ára aldri og vildi komast að því hvort hægt væri að stjórna hvað færi um heilann í fólki á meðan það svæfi.

Gagnrýnendur vestanhafs eru flestir sammála um að myndin sé meistaraverk. Rolling Stone gefur henni fjóra og hálfa stjörnu af fimm mögulegum og segir hana vera kærkomna nýjung í kvikmyndaflóruna.

alfrun@frettabladid.is

## BARNASTJARNA

Leikarinn Joseph Gordon-Levitt, sem leikur aðstoðarmann Leonardo DiCaprio í Inception, er ekki nýr af nálinni í Hollywood. Þótt hann sé aðeins 29 ára gamall hefur hann leikið í meira en tuttugu ár. Gordon-Levitt er hin dæmigerða barnastjarna. Hann byrjaði ungur að leika í sjónvarpsauglýsingum og fékk hlutverk í ótal þáttaröðum og kvikmyndum eftir það. Flestir þekkja hann úr hundamyndinni Beethoven, sjónvarpsþáttunum 3rd Rock from the Sun og unglingamyndinni 10 Things I Hate About You.

Gordon-Levitt hefur fengið mikið hrós fyrir frammistöðu sína á hvíta tjaldinu að undanförnu en hann hefur verið duglegur að taka að sér hlutverk í litlum sjálfstæðum kvikmyndaverkefnum. Dagblaðið New York Times sagði hann vera einn mest spennandi leikara dagsins í dag. Kappinn er því ein af fáum barnastjörnum sem ná að slá í gegn eftir kynþroska.



# Leitin mikla að Salander

Leikstjórinn David Fincher er enn að leita í Hollywood að leikkonu sem getur farið með hlutverk Lisbet Salander í bandarískri endurgerð af sænsku myndinni Karlar sem hata konur eftir Stieg Larsson. Fincher á í hinum mestu erfiðleikum enda mun mikið mæða á leikkonunni sem fær að gera flóknum karakter Salander skil.

Margar hafa verið orðaðir við hlutverkið eins og Ellen Page úr Juno, Mia Wasikowska úr Lísu í Undralandi og Natalie Portman. Sú sem þykir líklegust til að hreppa hnossið núna er samt leikkonan Carey Mulligan. Hún hefur ekki leikið í mörgum stórmyndum en Fincher mun ekki vilja leikkonu í hlutverkið sem er of fræg.

Á vefsíðunni IMDB er greint frá því að búið sé að ráða Daniel Craig í hlutverk ráðagóða blaðamannsins Mikael Blomkvist og að áætluð frumsýning sé árið 2012.



**CAREY MULLIGAN** Sú sem þykir líklegust til að fá hlutverkið.



**LEÐURKLÆDDI TÖFFARINN** Bandaríkjamenn virðast eiga í mestu vandræðum með að ráða í hlutverk Lisbet Salander.



# JEVADAGAR

# 20% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM JEVA VÖRUM TIL 2. ÁGÚST.

**Við bjóðum frábært úrval af hinum vönduðu og endingargóðu Jeva töskum og pennaveskjum á ótrúlegu verði, en aðeins í takmarkaðan tíma. Notaðu tækifærið, fáðu Jeva tösku á frábæru verði hjá Eymundsson um land allt.**




MYND XVII. **JEVA TÖSKUR** MCCXVII

*Sarcina Jevasis*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

## > TILBÚINN Í BARNEIGNIR

Umboðsmaðurinn og hinn síkáti Idol-dómari **Simon Cowell** mun loksins vera tilbúinn til að verða pabbi. Cowell mun hafa látið undan óskum unnustu sinnar, Mezghan Hussainy, en hana hefur lengi dreymt um að stofna fjölskyldu.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Ástin eins alls staðar

Kristín María Stefánsdóttir áhugaljósmyndari opnar ljósmyndasýninguna A rose by another name… á laugardaginn.

Sýningin er tileinkuð réttindabaráttu samkynhneigðra og hefur Kristín fest á filmu sambönd samkynhneigðra þar sem mismunandi sögur liggja að baki.

„Mér hefur aðallega blöskrað hvernig komið hefur verið fram við samkynhneigða sem sýna ást sína opinberlega en ég á marga vini sem hafa fundið fyrir miklum fordómum frá ókunnugu fólki,“ segir Kristín en tilgangur sýningarinnar er að sýna fólki að ástin er eins alls staðar. „Sem þá geta vinkonur mínar ekki farið út að borða og kysst án þess að þær finni að fólk í kring pískri og glápi,“ segir Kristín María en henni finnst þess konar fordómar vera óviðunandi í íslensku samfélagi í dag sem er þó framar öðrum löndum í réttindum samkynhneigðra.

„Ég tók myndir af samböndum og reyndi að fanga á filmu augnablik sem sýna ástina með eðlilegum hætti,“ segir Kristín María en á sýningunni mun sagan á bak við einstaklingana á myndunum fylgja með hverri mynd. „Það er alltaf einhver saga sem fylgir samböndum, hvernig fólk kynntist og svoleiðis. Það gefur myndunum líf og fólk tengist þeim betur.“

Kristín María er ekki lærður ljósmyndari en hefur alltaf haft mikinn áhuga á ljósmyndun. „Í sýningunni sameina ég bæði áhugamálin mín, mannréttindi og ljósmyndun,“ segir Kristín að lokum en hún stefnir á nám í ljósmyndun í haust. Sýningin verður opnuð kl. 20 á laugardagskvöldið á skemmtistaðnum Barböru. **-áp**



**A ROSE BY ANOTHER NAME** Kristín María Stefánsdóttir áhugaljósmyndari opnar sýningu sem er tileinkuð réttindabaráttu samkynhneigðra. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**BÍÐA MEÐ GIFTINGU** Stjörnurnar Zac Efron og Vanessa Hudgens eru ekki á leið í hjónaband á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Neitar að giftast

**Stjarnan Zac Efron hefur gefið út þær yfirlýsingar að hann sé ekki á leiðinni í hjónaband næstu átta árin. Efron hefur verið í sambandi við leikkonuna Vanessu Hudgens í fimm ár og þrýsta fjölmiðlar vestanhafs á að parið gangi í hjónaband.**

**Efron segist ekki ætla að ganga upp að altarinu fyrr en hann er orðinn þrítugur, en hann verður 23 ára í haust.**

# Landsliðskonur í laxveiði í Grímsá

**Landsliðskonurnar Þóra Helgadóttir og Katrín Ómarsdóttir ásamt þjálfaranum Sigurði Ragnarssyni fóru saman í lax á dögunum. Hugmyndin var þó ekki algjörlega þeirra þar sem sjónvarpsmyndavélar frá Stöð 2 Sport fylgdust með.**

„Ég hef veitt þónokkuð í gegnum tíðina, en Þóra og Siggi lítið sem ekkert. Ætli ég kenni þeim ekki það sem ég kann,“ segir fótboltakonan Katrín Ómarsdóttir.

Katrín birtist í veiðiþættinum Veiðiperlur sem sýndur er á Stöð 2 sport í sumar, ásamt Þóru Helgadóttur og Sigurði Ragnari Eyjólfssyni, þjálfara kvennalandsliðsins.

Veiðiperlur er tólf þátta sería sem fer í loftið 22. júlí. Í þættinum er fjallað um stangveiði og sýnt frá veiði á öllum landshornum ásamt því að landsþekktir gestir sýna takta með stöngina. Þar að auki er fjallað um lífsstíl og matargerð tengda veiði.

„Þetta áhugamál virðist verða vinsælla með hverju sumrinu og sífellt fleiri kvenmenn virðast sækja í það. Ég held að það hafi þótt við hæfi að fá afrekskonur í íþróttum í einn þáttinn og þess vegna erum við hér,“ segir Katrín en þau voru á leið í tveggja daga veiði í Grímsá í Borgarfirði í blíðskaparveðri þegar Fréttablaðið hafði samband.

„Veðrið er reyndar ekki heppilegt þó það sé gott. Vatnið verður of heitt í góðu veðri og þá er erfiðara að ná fisk. En við veiðum samt, ég lofa,“ sagði landsliðskonan – keppnisskapið með í för. **linda@frettabladid.is**



**FÓTBOLTI OG VEIÐI** Landsliðskonurnar ásamt þjálfara tóku sig vel út í veiði í Grímsá.


# Enginn ratar eins þunnur

## Nýja tækniundrið frá Garmin

### Nüvi 3790

Tilboðsverð 94.900 með íslandskorti









Hægt að velja á milli lárétts og lóðrétts viðmóts • Multitouch, hægt að þysja með því að draga fingur saman eða sundur • Raddstýrt á ensku • Einstaklega bjartur og góður skjár • Sér hátalari í festingu til að gefa greinargóðar leiðarlýsingar • NuRoute myTrends lærir á ökuhegðun og velur áfangastað eða leiðir samkvæmt því • Þrívídd er einnig í Evrópukortinu • Sérstakur gönguhamur fyrir borgarnotkun með City Explorer kortum • Fékk reddot hönnunarverðlaunin 2010



**Oregon 450**
Vinsælasta útivistartækið með alvöru 3D sem gefur góða tilfinningu fyrir landslaginu. Kr. 74.900



**Dakota 20**
Þetta harðgerða lófastóra útivistartæki kemur öllum á óvart. Kr. 59.900



**Nüvi 1490TV**
Ekki bara leiðsögutæki heldur líka 5" sjónvarpstæki. Sjón er sögu ríkari. Kr. 74.900



**Nüvi 1350**
Vinsælasta leiðsögutækið á aðeins kr. 39.900 með Evrópukorti.

PIPAR\TBWA • SÍA • 101871

Fylgdu þeim fremsta!

Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi | S: 577 6000 | www.garmin.is

GARMIN BÚÐIN

# Útsala

## Enn meiri afsláttur

# 50%

## Afsláttur af öllum vörum

Menn + Konur, Laugavegi 7



## Andersen & Lauth

Reykjavik

established 1934

# Clooney fær Emmy

Leikarinn George Clooney fær Emmy-verðlaun afhent í lok ágúst fyrir starf sitt í þágu mannúðarmála. Hann er fjórði aðilinn sem fær þessi verðlaun. Hinir eru þau Bob Hope, Oprah Winfrey og Bill Cosby.

Formaður Emmy-nefndarinnar sem valdi leikarann segir að valið hafi ekki verið erfitt og að Clooney hafi verið augljós kandítat. Hann fær verðlaunin fyrir sjónvarpssöfnun sína Hope For Haiti sem átti sér stað í janúar. Hann tók einnig þátt í að safna fé fyrir fórnarlömb fellibylsins Katrinar og hefur sömuleiðis vakið athygli almennings á þjóðarmorðinu í Darfúr-héraði.



**GEORGE CLOONEY** Hollywood-leikarinn hlýtur Emmy-verðlaun fyrir starf sitt í þágu mannúðarmála.

Emmy-verðlaunin verða afhent í 62. sinn í Los Angeles 29. ágúst.

# Leikkonur eltar á röndum

Leikkonurnar Jennifer Aniston og Sandra Bullock hafa báðar þurft að hafa afskipti af svokölluðum eltihrellum að undanförnu. Aniston hefur fengið nálgunarbann sett á mann sem telur sig eiga í ástarsambandi við hana. Maðurinn er 24 ára og var handtekinn í síðustu viku eftir að hafa sést með einangrunarlímband, eggvopn og bréf til Aniston. Hann er sagður hafa leikkonuna á heilanum og vera algjörlega úr takti við raunveruleikann. Hann ók langa leið til að hafa uppi á Aniston í von um að kvænast henni.

Stutt er síðan Sandra Bullock fékk tímabundið nálgunarbann sett á 45 ára gamlan mann sem hefur elt hana á röndum frá árinu 2003. Þá fékk Bullock fyrsta nálgunarbannið sett á hann. Það rann út í fyrra og hefur nú verið endurnýjað. Bullock hefur ekki bara áhyggjur af sjálfri sér heldur einnig Louis Bardo Bullock, sjö mánaða barni sem hún er um þessar mundir að ættleiða.



**HUNDELTAR** Eltihrellir Jennifer Aniston ók langa leið í von um að kvænast henni og Sandra Bullock hefur fengið nálgunarbann á sinn.






# Vestri efstur á óskalista Kutchers

**Leikarann Ashton Kutcher dreymir um að leika í vestra. „Mig langar rosalega til að leika einhvern tímann í virkilega rykugum og sóðalegum vestra. En ég veit ekki hvort það verður að veruleika því fólk er hætt að horfa á vestra. Ef tækifærið byðist myndi ég samt stökkva á það,“ sagði Kutcher, sem er 32 ára. Hann leikur á móti Katherine Heigl í sinni nýjustu mynd, Killers. „Hún veit upp á hár hvað hún vill gera á tökustað og hvað hún vill ekki gera. Hún skilar alltaf sínu,“ sagði hann um Heigl.**



**ASHTON KUTCHER** Vestri er efstur á óskalistanum hjá leikaranum Ashton Kutcher.



**MOSES HIGHTOWER** Heldur tónleika fyrir norðan um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Móses til Akureyrar

**Sálarkvartettinn Moses Hightower heldur tónleika á Akureyri annað kvöld. Hljómsveitin er að fylgja eftir plötu sinni Búum til börn sem kom út fyrir stuttu en hana skipa, Magnús Tryggvason Eliassen, Andri Ólafsson, Daníel Friðrik Böðvarsson og Steingrímur Karl Teague. Platan hefur fengið góða dóma og hljómsveitin farið mikinn í tónleikahaldi í sumar.**

**Á tónleikunum, sem verða haldnir á skemmtistaðnum Græna hattinum, kemur einnig fram hljómsveitin Song for Wendy en hana skipa söngkonan Bryndís Jakobsdóttir og hinn danski Mads Mouritz.**

**Tónleikarnir hefjast klukkan 22 og miðaverð er 1000 krónur. Moses Hightower mun einnig spila nokkur lög á morgun í versluninni Eymundsson á Akureyri klukkan 17.**



**LINDSAY LOHAN** Situr þessa dagana í Lynwood Correctional Facility og má aðeins fara í sturtu annan hvern dag.

# Partístelpurnar Í FANGELSI

**Á þriðjudaginn hóf leikkonan Lindsay Lohan fangelsisvist sína í Beverly Hills. Leikkonan þarf að afplána að minnsta kosti 23 af 90 daga dómi sínum innan veggja fangelsisins en dóminn fékk hún fyrir að keyra ítrekað undir áhrifum áfengis og hafa eiturlyf í sínum fórum. Í tilefni af því tók Fréttablaðið saman nokkrar fangelsismyndir af frægum ungum stúlkum í Hollywood en þær virðast eiga margt annað sameiginlegt en að láta stinga sér í steininn, en flestar eiga þær í erfiðleikum með akstur og áfengi.**



**PARIS HILTON** Hótelerfinginn, söngkonan, lagahöfundurinn, leikkonan, fyrirsætan, sjónvarpsdrottningin og rithöfundurinn Paris Hilton var dæmd í 45 daga fangelsi vorið 2007 fyrir ítrekuð umferðarlagabrot. Hún sat einungis í 4 daga í fangelsinu en var síðan sleppt af heilsufarsástæðum.



**FOXY BROWN** Rappdívan fræga kallar ekki allt ömmu sína en hún hefur dágóða reynslu af lífinu innan veggja fangelsis. Þessi mynd var tekin árið 2007 þegar Brown var handtekin fyrir að ganga í skrokk á tveimur naglasérfræðingum í New York.



**NICOLE RICHIE** Sjónvarpsraunveruleikastjarnan, hönnuðurinn og dóttir Lionels Richie hefur tvisvar sinnum lent í fangelsi og í bæði skiptin fyrir að keyra undir áhrifum áfengis og eiturlyfja. Árið 2006 var Nicole Richie dæmd í fjögurra daga fangelsi en var sleppt vegna góðrar hegðunar eftir einungis 82 mínútur bak við lás og slá.



**KHLOE KARDASHIAN** Raunveruleikaþáttastjarnan í Bandaríkjunum var handtekin árið 2007 fyrir ölvunarakstur. Hún var dæmd í 30 daga fangelsi en sleppt eftir þrjá tíma í klefanum.



**MISCHA BARTON** Var stungið í steininn í lok árs 2007 fyrir að keyra ölvuð með fíkniefni í fórum sínum. Henni var sleppt daginn eftir gegn tryggingu.


# Fortjöld

fyrir hjólhýsi, fellihýsi og bíla



Fortjöld fyrir hjólhýsi og 10 feta fellihýsi.

PDQ Excel 3.0 m

Fortjald fyrir 10 feta fellihýsi. Tekur aðeins örfáar mínútur að reisa og pakka saman. Létt og meðfærilegt tjald sem pakkast ásamt súlum í poka sem hangir í fortjaldsrennunni.
- passar á fellihýsi þar sem að rennan er 2.50 - 2.70 m á hæð. (Off-road 2.70 - 2.85 m)

Verð 99.900 kr



Fortjöld fyrir bíla.

Outdoor Ravolution bílatjöld.

Tengt við bílinn með milli-lista sem festist í rennu sem að settur er á bílinn. Þurfir þú síðan að fara í burtu á bílnum, þá dregurðu listan í burtu og þá stendur tjaldið frjálst frá bílnum og þú heldur tjaldstæðinu. Mjög einfalt og fljótlegt í uppsetningu

Movelite XL. 3.00 x 3.60 m.
Verð 89.900 kr

Movelite Square Pro.
2.40 x 3.00 m.
Verð 84.900 kr



Fortjöld fyrir hjólhýsi og 12-14 feta fellihýsi.

Compactalite 325/400

Lokast sérlega vel upp við húsið.
3.25 metrar á breidd 2,40 m út frá húsi. Verð 99.000 kr.

4.00 metrar á breidd 2,40 m út frá húsi. Verð 110.000 kr.

Hæð upp í rennu 2.35 - 2.50 m.
Litur: Blátt á gráum grunni.
Auðvelt of fljótlegt að tjalda



Fortjöld fyrir hjólhýsi.

NEW BRUNSWICK

Fyrsta flokks fortjöld, sterk og falleg fyrir hjólhýsi sem standa sem mest á sama stað. Dúkur 280/320 gröm. Gerð: 1100 (A-mál)
Verð 360.000 kr
Gerð: 1150. Verð 390.000 kr

Pyramid

SPA - STERK tjöld til að standa
Tuscany A - mál 825 - 1050.
Verð frá 121.000 kr - 156.000 kr

SPA - tjöld til að standa
A-mál 950 - 1075
Verð frá 233.900 kr - 278.900 kr



Skyggni / Markísa.

Prostor skyggni (markísur)

3.50 m. Verð 139.900 kr.
4.00 m kr. 149.900 kr.

Hliðar + framhlið:
3.00 m verð 162.000 kr
3.50 m verð 165.000 kr
4.00 m verð 170.000 kr
4.50 m verð 176.000 kr
5.00 m verð 185.000 kr

**Opnunartími:**
Mán - Föst. kl: 10-18
Laug - Sun. kl: 12-16

Fossháls 5-7
110 Reykjavík
Sími 551 5600
www.utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn®

NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BABIES | kl. 4-6-8-10 | L |
| BABIES LÚXUS | kl. 4-6 | L |
| PREDATORS | kl. 8-10.20 | 16 |
| PREDATORS LÚXUS | kl. 8-10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 3.30-5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 3.30-5.45 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8-10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45-8-10.30 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KARATE KID FORSÝNING | kl. 8 | L |
| BABIES | kl. 6-8-10 | L |
| PREDATORS | kl. 5.40-8-10.20 | 16 |
| KILLERS | kl. 5.45-8-10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 | L |
| THE A TEAM | kl. 10.45 | 12 |

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 8-10 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 6-8-10 | 12 |
| KILLERS | kl. 6 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 4, 6 og 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 4 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 4 og 6 | L |
| PREDATORS | 8 og 10 (POWER) | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| THE A - TEAM | 10.10 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| SHREK-3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ensku Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 8 - 10 | L |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 - 5:50 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 5:40 | 10 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER - 3D M/ ensku Tali | kl. 8 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 3:20 - 5:40 - 8 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - ísl tal | kl. 6 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 8 | L |
| GROWN UPS | kl. 10:10 | L |





# Vinsælir Take That-drengir taka Robbie Williams að sér

**Endurkoma Robbie Williams í strákabandið Take That hefur vakið mikla athygli. Enginn bjóst við henni fyrir nokkrum árum en núna þarf popparinn virkilega á sínum gömlu félögum að halda.**

POPPBRANSINN

Hressir endurkoma Robbie Williams upp á sólóferilinn hans?

Hljómsveitin Take That var búin til árið 1990 af umboðsmanninum Nigel Martin-Smith, sem vildi stofna breska útgáfu af hinni vinsælu bandarísku strákasveit New Kids on the Block. Robbie Williams var sextán ára þegar hann gekk til liðs við Take That og um leið yngsti meðlimur sveitarinnar. Hinir í bandinu voru þeir Gary Barlow, Howard Donald, Jason Orange og Mark Owen.

Hljómsveitin náði fljótt gríðarlegum vinsældum með lögum á borð við Back For Good, Pray og Relight My Fire. Williams átti erfitt með að höndla frægðina og var lengi vel vandræðagemlingurinn í sveitinni, aðallega vegna fíkniefnanotkunar sem jókst eftir því sem á leið. Árið 1995 hætti hann í Take That skömmu fyrir fyrirhugaða tónleikaferð til Bandaríkjanna, sem reyndar aldrei varð af. Dópneyslan var orðin að vaxandi vandamáli og Williams var ósáttur við að fá ekki að taka þátt í lagasmíðunum, sem voru að mestu í höndum Barlows. Hann mætti illa á æfingar og á endanum fengu félagar hans nóg og losuðu sig við hann. Take That starfaði ekki lengi án Williams því árið eftir lagði hún upp laupana eftir að hafa selt yfir 25 milljónir platna á aðeins fimm árum. Sveitin lá í dvala í níu ár, eða þar til 2005 er hún kom aftur saman án Williams við góðar undirtektir.

Á meðan Take That lá í dvala baðaði Robbie Williams sig í sviðsljósinu á sólóferli sínum og gaf út hvern smellinn á fætur öðrum. Plötur hans seldust í milljónum eintaka víða um Evrópu, eða allt þar til sú sjöunda í röðinni, Rudebox, kom út árið 2006. Hún olli miklum vonbrigðum og þótti ekki næstum því jafngóð og þær sem á undan komu. Þremur árum síðar gaf hann út plötuna Reality Killed the Video Star sem átti að rétta skútuna við. Sú varð ekki raunin og platan var sú fyrsta á ferli hans sem náði ekki toppsætinu í Bretlandi.



STRÍÐSÖXIN GRAFIN Robbie Williams og Gary Barlow saman á góðgerðaleik sem var haldinn fyrir skömmu á Old Trafford, heimavelli Manchester United.

Williams stendur því á ákveðnum tímamótum um þessar mundir. Hann hefur gefið út tvær misheppnaðar plötur og hefur ekki átt vinsælt lag í langan tíma. Á sama tíma hefur endurkoma Take That verið gríðarvel tekið í Bretlandi. Sveitin hefur átt þrjú topplög og farið í tvær uppseldar tónleikaferðir um landið.

Safnplata með bestu lögum Williams er væntanleg í búðir í haust í tilefni af tuttugu ára tónlistarferli hans og greinilegt er að hann ætlar að nýta sér vinsældir Take That til að vekja athygli á plötunni og koma sólóferli sínum aftur á beinu brautina. Til marks um það sömdu þeir Williams og Barlow saman smáskífulagið Shame sem verður á plötunni. Þessir fyrrverandi óvinir hafa því grafið stríðsöxina og eru farnir að talast við á nýjan leik.

Ný plata frá Take That með Williams innanborðs kemur út í nóvember og tónleikaferð verður farin í kjölfarið. Eftir það kemur ljós hvað popparinn gerir en líklegt má telja að sólóferillinn fái þá innspýtingu sem hann þarf svo nauðsynlega á að halda. Allt sem Take That kemur nálægt virðist umsvifalaust verða að gulli og það veit Williams manna best.

# Zac Efron fór í teygjustökk

Leikarinn Zaz Efron reitti yfirmenn sína í kvikmyndabransanum til reiði með því að fara í teygjustökk fram af brú í borginni Vancouver í Kanada.

Efron var í fríi frá tökum á kvikmyndinni Charlie St. Cloud og ákvað að skella sér í teygjustökk að gamni sínu. Leikarinn játar að hafa fengið skömm í hattinn, enda braut hann með uppátækinu samning sem hann hafði undirritað í tengslum við myndina.

„Þetta má maður ekki gera og ég lenti í miklum vandræðum. Þetta var dómgreindarskortur af minni hálfu. Ég hefði ekki átt að fara. Við ákváðum þetta klukkan tvö um nóttina áður en við stukkum.“



ZAC EFRON Leikarinn reitti yfirmenn sína til reiði með því að fara í teygjustökk í Kanada.

# Ungir hönnuðir opna verslun

„Þetta er samvinnuverkefni tíu hönnuða sem ákváðu að opna verslun á eigin vegum svo hægt væri að halda verðinu niðri. Okkur fannst líka sniðugt að standa saman í þessu þar sem það er minni fjárhagsleg áhætta fyrir hvern og einn auk þess sem fyrirkomulagið hentar okkur vel. Við skiptum á milli okkar vöktum og því gefst meiri tími til að sinna hönnunarvinnu,“ útskýrir Ásgrímur Már Friðriksson, en hann er á meðal þeirra hönnuða sem opna verslunina Kiosk Búðardóttur við Laugaveg 33.

Ásgrímur Már segir hönnuðina sjálfa hafa tekið að sér hlutverk iðnaðarmanna og hafi blóð, sviti og tár farið í að hanna verslunina. „Við stóðum sjálf í því að taka allt húsnæðið í gegn og við erum afskaplega stolt af versluninni. Þetta er gamalt hús og það var mikið sparslað,“ segir hann og hlær.

Auk Ásmundar Más munu hönnuðirnir Eygló Lárusdóttur, Rebekka Jónsdóttir, Sævar Markús, Ýr Þrastardóttir, Arna Sigrún Haraldsdóttir, Hlín Reykdal, María Sigurðardóttir og Edda og Sólveig Guðmundsdætur selja hönnun sína í versluninni.

Sérstakt opnunarteiti verður haldið í tilefni opnunarinnar og hefst gamanið klukkan 17.00 í dag. Danski plötusnúðurinn Dj Djuna Barnes mun leika létta tóna og veitingar verða í boði.

- sm



**KIOSK BÚÐARDÓTTIR** Tíu efnilegir hönnuðir opna saman verslunina Kiosk Búðardóttur. Á myndina vantar Rebekku Jónsdóttur, Ýr Þrastardóttur og Sævar Markús. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON



**EVA MENDES** Mendes segir að það sé meira spunnið í sig en bara gott útlit.

# Hefur meira en fegurðina

**Leikkonan Eva Mendes segir að það sé meira í sig spunnið en bara útlitið. Hún er engu síður dugleg við að nota fegurðina til að koma sér áfram í kvikmyndabransanum. „Ég er sátt við kvenleika minn og kynþokka og ég notfæri mér útlitið hvort sem ég er að leika á móti Denzel Washington í Training Day eða í auglýsingaherferð fyrir Calvin Klein,“ sagði Mendes, sem er 36 ára. „Ég er mjög stolt af þessu öllu saman. Mér líður vel í eigin skinni en útlitið er samt ekki allt. Ég les líka bækur hvort sem þið trúið því eða ekki.“**



**LIAM GALLAGHER** Fyrrverandi söngvari Oasis hefur verið með John Lennon á heilanum síðan hann var átta ára.

# Með Lennon á heilanum

**Liam Gallagher, fyrrverandi söngvari Oasis og núverandi söngvari Beady Eye, segist hafa verið með John Lennon á heilanum síðan hann var átta ára. Þá sá hann myndband við Lennon-lagið Imagine í sjónvarpinu. „Ég var átta ára og man að ég kom niður stigann og sá Imagine í sjónvarpinu,“ sagði Gallagher. „Ég er hrifinn af rödd Lennons, þetta snýst allt um hana. Mér er alveg sama þótt hann hafi barist fyrir friði eða verið ástfanginn af Yoko. Ég er bara hrifinn af röddinni hans. Hún hreyfir við mér. Hún getur gert mig sorgmæddan, glaðan, reiðan eða hvað sem er.“**




## > Fyrsti leikur Rúnars í KR-útvarpinu

KR-ingar spila í dag seinni leikinn sinn við FK Karpaty L'viv í 2. umferð í undankeppni Evrópudeildarinnar. FK Karpaty vann fyrri leikinn 3-0 á KR-velli í síðustu viku og KR-liðið á því ekki mikla möguleika á að komast áfram. Rúnar Kristinsson mun þarna stjórna sínum fyrsta leik síðan hann tók við stöðu Loga Ólafssonar sem var sagt upp á mánudaginn. KR-útvarpið stefnir að því að vera með beina útsendingu frá leiknum en hann hefst klukkan 16.15 á íslenskum tíma. Útsending hefst klukkan 16.00. Þetta er 289. útsending KR-útvarpsins frá upphafi en sent er út á tíðninni 98,3.



**sport**
sport@frettabladid.is

HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR: Á MÖGULEIKA Á AÐ KOMAST Á PALL Í SJÖÞRAUT Á HM 20 ÁRA OG YNGRI

# *Mamma gaf mér það að bjóða systur minni með*

Helga Margrét Þorsteinsdóttir úr Ármanni, keppir í dag og á morgun í sjöþraut á heimsmeistaramóti 20 ára og yngri sem fram fer í Moncton í Kanada. Helga er framarlega í sínum aldursflokki í sjöþraut og það verður fróðlegt að fylgjast með henni á mótinu.

„Maður er búinn að vera að hugsa um þetta mót síðasta árið og maður trúir því varla að það sé komið að þessu," sagði Helga Margrét. Hún keppti í sinni fyrstu þraut í Ísrael á dögunum og fékk þá 5.757 stig en Íslandsmetið hennar er 5.875 stig frá því í fyrra.

„Ég myndi ekki vilja vera að fara í gegnum fyrstu þrautina á árinu á þessu móti og það var mjög gott að fara í gegnum þessa þraut í Ísrael þótt að hún hafi ekki gengið stóráfallalaust. Mér finnst ég vera í miklu betra standi núna en þá. Ég hlakka mikið til og geta varla beðið eftir því að byrja," segir Helga Margrét. Helga Margrét er með þriðja besta árangurinn af þeim 28 stelpum sem taka þátt í mótinu en segist ekki vera að hugsa um það hvort hún komist á pall. „Ég hugsa ekkert út í það. Ég reyni að hugsa um að ná mínum markmiðum í hverri grein fyrir sig og svo koma bara stigin í ljós þegar ég kem í mark eftir 800 metra hlaupið. Ég er ekki búin að skoða keppinautana og ætla ekki að gera það. Ég er komin hingað til að gera mitt besta og svo kemur bara í ljós hver verður best í lokin," segir Helga en bæði meiðsli og matareitrun hafa truflað hana í undirbúningi sínum á þessu ári.




„Þetta er búið að vera svolítið erfitt síðasta árið og ef ég segi alveg eins og er þá er ég ekki eins vel undirbúin og ég hefði viljað vera," segir Helga.

„Það er frábært að vera hérna. Ég er að koma til Kanada í fyrsta skiptið og fæ að keppa á móti öllum þessum frábæru stelpum. Ég er líka í svo góðum félagsskap því systir mín er hérna með mér. Mamma gaf mér það að borga undir hana," segir Helga, en elsta systir hennar, Sigurbjörg, fór með til Kanada.

Íslensk lið gegn skoskum:

# Aðeins FH hefur unnið einvígi

**FÓTBOLTI** Breiðablik þarf að horfa til Hafnarfjarðar í leit að íslensku liði sem hefur slegið út skoskt lið í Evrópukeppni. Það var FH sem sló út Dunfermline árið 2004 eftir hörku einvígi.

KR er eina félagið sem hefur unnið leik gegn skosku félagi utan FH, það var gegn Kilmarnock árið 1999. Þórhallur Hinriksson skoraði þá gott skallamark á lokasekúndum leiksins eftir sendingu frá Guðmundi Benediktssyni.

Íslensk lið hafa háð tólf einvígi gegn skoskum félögum en aðeins unnið eitt þeirra og tvo leiki af 25. Fjórum leikjum hefur lyktað með jafntefli en 19 tapast, nú síðast í viðureign Blika gegn Motherwell í fyrri leiknum úti. **- hþh**



**SIGUR** Sverrir Garðarsson í fyrri leiknum gegn Dunfermline sem lauk 2-2. FH vann seinni leikinn 1-2. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Íslensk lið gegn skoskum:**

| | |
|---|---|
| **KR:** | |
| 1967: Aberdeen | (1-14) |
| 1999: Kilmarnock | (1-2) |
| **Keflavík:** | |
| 1973: Hibernian | (1-3) |
| 1975: Dundee United | (0-6) |
| **Valur:** | |
| 1975: Celtic | (0-9) |
| 1993: Aberdeen | (0-7) |
| **ÍA:** | |
| 1983: Aberdeen | (2-3) |
| 1985: Aberdeen | (2-7) |
| 1995: Raith Rovers | (2-3) |
| **FH:** | |
| 1990: Dundee United | (3-5) |
| 2004: Dunfermline | (4-3) |
| **ÍBV:** | |
| 2000: Hearts | (0-5) |




**AFSLAPPAÐIR** Fyrirliðinn Kári Ársælsson og þjálfarinn Ólafur Kristjánsson voru afslappaðir seinni partinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Bara fínt að vera litla liðið

**Breiðablik brýtur blað í sögu sinni í kvöld þegar það spilar sinn fyrsta Evrópuleik á heimavelli. Liðið þarf að yfirvinna eins marks mun gegn skoska liðinu Motherwell. „Við fáum alltaf færi og við þurfum að nýta þau," segir þjálfarinn.**

**FÓTBOLTI** „Við erum að skrifa sögu Breiðabliks, þetta er stærsti leikur ársins þar sem það er gríðarlega mikið í húfi fyrir mig, alla í liðinu og félagið," segir fyrirliðinn Kári Ársælsson um leikinn gegn Motherwell í kvöld. Blikar taka nú í fyrsta sinn þátt í Evrópukeppni.

Blikar töpuðu fyrri leiknum úti 1-0 og þurfa því að sækja í kvöld. „Við settum fáa menn í sóknina úti þar sem við vildum ekki vera búnir að tapa einvíginu fyrir seinni leikinn. Við gerum eflaust einhverjar breytingar og við eigum góða möguleika. Við megum bara ekki fá á okkur mark," segir Kári.

Fyrirliðinn segir að Mothwerwell yrði ofarlega í íslensku deildinni en helsti munurinn á liðunum sé að þeir séu atvinnumenn sem æfa meira. „En mér finnst þeir ekki endilega framar í tækni eða neitt slíkt. Þeir eru með gott lið og þetta verður ekki auðvelt, hlutirnir verða að falla svolítið með okkur. Við erum litla liðið og það er bara fínt," segir Kári.

„Ég ætla ekki að breyta neinu," segir þjálfarinn Ólafur Kristjánsson um mögulegar breytingar frá fyrri leiknum. „Þetta snýst ekki um að fara í meiri sóknarleik. Við þurfum að halda þeim frá því að skora, annars þurfum við að skora þrjú sem er erfitt. Áherslurnar verða svipaðar," segir þjálfarinn.

Blikar hafa verið duglegir að skora í sumar og er Ólafur viss um að liðið fái sín færi. „Við höfum fengið færi í öllum leikjunum í sumar. Við þurfum kannski að vera aðeins kaldari en í fyrri leiknum til að fá færin en við höfum skorað nóg í sumar. Það er annað yfirbragð á þessum leik en deildarleikjunum, þetta eru tveir leikir og þeir eru yfir núna. Ég er viss um að þeir vilja skora snemma til að opna okkur og klára nánast leikinn."

Hann vill að sínir menn geri það vel sem þeir eru góðir í að gera en Skotarnir eru kokhraustir fyrir leikinn. Tom Hateley segir að sjálfstraustið í liðinu sé mikið. „Við trúum því að við getum unnið leikinn og við erum ekki að fara að pakka í vörn. Við trúum því að við getum skorað eitt, tvö eða þrjú mörk á Íslandi."

Ólafur segir að hann hafi sínar aðferðir til að halda spennustiginu réttu. Óneitanlega er mikið í húfi hjá Blikum og liðið ekki verið í þessari stöðu áður. „Maður finnur ekki spennustigið fyrr en í klefanum á leikdag. Það hefur ekki verið vandamál að halda því réttu og verður það ekki núna. Við höfum unnið vel í andlega þættinum hjá okkur," segir þjálfarinn sem segir að Motherwell sé klárlega sterkasta lið sem Blikar hafi mætt á árinu.

„Þetta eru ólík lið, þeir eru mjög öflugir. Þeir eru klárlega með sterkasta lið sem við höfum mætt í ár. En við ætlum að vera betri en þeir í þessum leik. Við settum okkur markmið fyrir mótið að vinna einn leik í Evrópukeppninni og við erum ekki búnir að vinna hann enn þá. Nú fáum við tækifæri til þess, við ætlum okkur áfram," segir þjálfarinn. **hjalti@frettabladid.is**

Breiðablik-Motherwell í kvöld:

# Þúsund miðar seldir í stúkuna

**FÓTBOLTI** Búið er að selja um þúsund miða af þeim 1.340 sem í boði eru á leik Breiðabliks og Motherwell í kvöld. Forráðamenn Blika sögðu við Fréttablaðið í gær að um 150 stuðningsmenn Motherwell myndu horfa á leikinn úr gömlu stúkunni á Kópavogsvelli.

Aðeins er leyfilegt að selja í sæti á Evrópuleikjum og því komast aðeins 1.340 að í nýju stúkuna. „Það kæmi mér á óvart ef fólk fjölmennir ekki á leikinn. Þetta er fyrsti Evrópuleikur Breiðabliks og staðan er nokkuð jöfn sem er ekki alltaf raunin með íslensk lið. Ég sé enga ástæðu til að sitja heima," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, en honum verður að ósk sinni þar sem væntanlega verður uppselt á leikinn sem hefst klukkan 19.15.

Fyrir þá sem ekki komast á leikinn er hægt að sjá hann á netinu, á heimasíðunni www.livefromIceland.com, en þar kostar 1.500 krónur að fá aðgang að leiknum. **- hþh**



**HRESSIR** Stuðningsmenn Blika ætla að vera heitir í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stór dagur hjá Blikum:

# Hitað upp frá hádegi

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Blika bíða í ofvæni eftir leiknum gegn Motherwell í kvöld. Þeir ætla að hittast á Players klukkan 12 en þar verður dagskrá frá klukkan 15. Klukkan 18 verður svo boðið upp á andlitsmálningu og eru Blikar greinilega staðráðnir í að styðja sína menn til sigurs í kvöld. **- hþh**

1. deild karla í knattspyrnu:

# Þróttur fór upp um þrjú sæti

**FÓTBOLTI** Þróttarar rifu sig upp úr fallsæti með góðum sigri á HK á Laugardalsvellinum í gær. Þeir gátu ekki spilað á Valbjarnarvellinum líkt og venjulega þar sem Rey-Cup mótið hófst þar í gær.

HK komst yfir þegar Birgir Magnússon skoraði en Hjörvar Hermannsson jafnaði aðeins þremur mínútum síðar. Hörður Bjarnason kom Þrótti yfir og Hjörvar skoraði svo aftur.

Seinni hálfleikur var öllu rólegri en Aaron Palomares minnkaði muninn í 3-2 á lokasekúndunum. Það dugði ekki til og 3-2 sigur Þróttar niðurstaðan. Liðið er nú með fjórtán stig í sjöunda sæti, einu minna en HK. **- hþh**

Andlaust og máttlítið lið FH tapaði öðru sinni gegn BATE Borisov í Meistaradeildinni:

# Afar átakalítill sigur gegn döpru FH-liði

**FÓTBOLTI** FH hefur lokið keppni í Meistaradeild Evrópu eftir 0-1 tap á heimavelli gegn BATE Borisov frá Hvíta-Rússlandi og 6-1 samanlagt. Verkefni FH-inga var vonlaust áður en blásið var til leiks en liðið tapaði fyrri leiknum ytra, 5-1. Stuðningsmenn FH áttu líka hvorki von á spennandi né áhugaverðum leik enda mættu afar fáir á völlinn.

Ef einhverjir gerðu sér vonir um kraftaverk gátu hinir sömu farið heim eftir um stundarfjórðungsleik. Þá skoraði BATE fyrsta mark leiksins. Þrumufleygur frá Radzionau fyrir utan teig sem Gunnleifur náði ekki að verja.

Leikurinn dó í raun eftir markið og var nú ekki rishár fram að marki. Bæði lið hættu að spila af einhverjum krafti og úr varð göngubolti af allra leiðinlegustu gerð. Menn nenntu ekki einu sinni að brjóta á andstæðingnum. Það skein úr hverju andliti að menn vildu klára þetta augljóslega leiðinlega verkefni í augum liðanna.

„Við mátum það þannig að þar sem þetta er sterkt lið sem vann okkur stórt síðast að vera ekki of æstir í upphafi. Þeir kunna nefnilega að refsa þegar slitnar á milli varnar og miðju. Við reyndum síðan meira í seinni hálfleik en þetta var búið eftir leikinn í Hvíta-Rússlandi," sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, en margir af hans mönnum virtust vera farnir að hugsa um leikinn gegn Haukum um næstu helgi.

Það var furðulegt að sjá hið fína knattspyrnulið FH vera eins og litla gutta í höndunum á Hvít-Rússunum. Hafnfirðingar höfðu nákvæmlega enga trú á verkefninu eða eigin getu og veittu enga mótspyrnu á neinum sviðum. Þetta var grátlega lélegt. Þó svo BATE sé klárlega betra lið þá er FH ekki þetta lélegt. Frammistaða FH í gær var þeim ekki til sóma og það verður seint sagt að þeir hafi fallið úr leik með sæmd. Þetta var langt frá því að vera boðlegt. **- hbg**



**MIKLU GRIMMARI** FH-ingar litu út eins og smástrákar gegn BATE í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Góðgerðarstofnanir velja Fréttablaðið

Reyndir auglýsendur eru meðvitaðir um þá staðreynd að 95% dagblaðalesenda lesa Fréttablaðið. Þeir vita líka að Morgunblaðið bætir einungis 5% við þann hóp. Auglýsingaféð nýtist því betur þegar Fréttablaðið er valið – og það skilar árangri!

| | Fréttablaðið | Morgunblaðið |
|---|---|---|
| RAUÐI KROSSINN | 93% | 7% |
| KRABBAMEINSFÉLAG ÍSLANDS | 83% | 17% |
| HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR | 87% | 13% |

Heimild: Gagnagrunnurinn „Auglýsingamarkaðurinn í tölum" frá Capacent Gallup 2010.

Góðgerðarstofnanirnar sem eru nefndar að ofan eru meðal 200 auglýsenda sem birta mest af auglýsingum í dagblöðum talið í dálksentimetrum.

## Auglýsing í Fréttablaðinu er allt sem þarf

**95%**

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 95% lesenda blaðanna




Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. – Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.



**FALLEG SVEIFLA** Valdís Þóra er sterkasti kvenkylfingur landsins í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fáar konur á Íslandsmótinu:

## Aðeins átján konur taka þátt

**GOLF** Alls taka 142 kylfingar þátt í Íslandsmótinu í höggleik en athygli vekur að aðeins 18 konur eru skráðar til leiks að þessu sinni. Flestir bestu kvenkylfingar landsins munu þó mæta til leiks og spá flestir því að Skagamærin Valdís Þóra Jónsdóttir muni verja titilinn sem hún vann í Grafarholti í fyrra.

Valdís Þóra hefur leikið einkar vel á Eimskipsmótaröðinni í sumar og spilaði síðan frábæran hring í Kiðjaberginu á mánudag er Pro/Am-mót GSÍ fór fram.

Hún kom þá í hús á 71 höggi og sló öllum karlkylfingunum við.

- hbg

Birgir Leifur snýr aftur:

## Var síðast með árið 2007

**GOLF Þekktasti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, verður mættur í Kiðjabergið í dag en hann tekur þá þátt í sínu fyrsta Íslandsmóti síðan í Eyjum árið 2007. Birgir Leifur hefur náð lengst allra íslenskra kylfinga á alþjóðavettvangi en snýr nú aftur á Íslandsmótið.**

**Hann hefur verið að glíma við erfið meiðsl síðustu mánuði en virðist vera orðinn heill heilsu. Hann spilaði frábærlega í Meistaramóti GKG og svo átti hann mjög góðan hring í Kiðjaberginu á mánudag er hann kom í hús á 73 höggum.**

- hbg

# Íslandsmót í einstakri náttúrufegurð

**Íslandsmótið í höggleik hefst á golfvellinum í Kiðjabergi í dag. Þetta er í fyrsta skipti sem mótið fer fram á þessum glæsilega velli. Blaðamaður Fréttablaðsins lék völlinn með einum fremsta kylfingi landsins, Hlyni Geir Hjartarsyni, fyrr í vikunni og fékk að upplifa af eigin raun hversu margslunginn völlurinn er.**

**GOLF** Mánudaginn síðasta hélt Golfsamband Íslands, GSÍ, svokallað Pro/Am-golfmót en þar fá „venjulegir“ kylfingar tækifæri til þess að spila með þeim bestu á sjálfum Íslandsmótsvellinum.

Undirritaður fékk sér bíltúr í sumarbústaðalandið góða í Grímsnesi og lék hringinn ásamt afrekskylfingunum Hlyni Geir Hjartarsyni og bræðrunum Þorsteini og Daða Guðjónssonum frá Úrvali Útsýn.

Aðstæður í Kiðjabergi voru stórkostlegar. Völlurinn í frábæru standi, náttúrufegurðin mögnuð og hitastig yfir 20 gráður. Þetta verða reyndar ekki þær aðstæður sem kylfingar munu þurfa að glíma við um helgina enda blíðunni að ljúka á Suðurlandi og mega kylfingar búast við rigningu og einhverjum vindi.

„Það er nú ekki veðrið sem ég var að vonast eftir,“ sagði Hlynur Geir sem er frá Selfossi en leikur fyrir Golfklúbbinn Keili í Hafnarfirði. Hlynur hefur verið duglegur að spila í Kiðjabergi í sumar enda stutt að fara frá Selfossi. Hann er búinn að kortleggja völlinn í bak og fyrir og mætir vel undirbúinn til leiks. Hann er með sigurstranglegri mönnum enda leikið afar vel í sumar og er efstur á Eimskipsmótaröðinni.

Það var létt yfir hollinu okkar og allir í góðu skapi að gantast. Hlynur þó ívið alvarlegri en hinir enda að æfa sig fyrir mót ársins. Það vakti athygli undirritaðs að Hlynur límdi einhvers konar teip á pútterinn sinn áður en við lögðum af stað.

„Ég þarf að þyngja hann. Ég lét stytta hann og því fór smá þyngd úr honum,“ sagði Hlynur en blaðamaður svaraði því til að hann hefði betur sleppt þessu veseni og keypt sér barnapútter. Það hæfði betur mönnum í hans hæðarflokki. Hlynur tók því skoti vel.

Hlynur er sjálfur mikill húmoristi og kann að svara fyrir sig. Það fékk blaðamaður að reyna er hann ætlaði að taka upp pútterinn á 2. flöt og pútterinn var hvergi sjáanlegur. Ég trúði því hreinlega ekki að ég hefði gleymt honum á 1. flötinni. Var ekki hálfur að nenna því að keyra til baka, flækjast fyrir hollinu á eftir og hægja á allri umferð. Ég leitaði og leitaði í pokanum líkt og ég væri blindur. Ég var orðinn örvæntingarfullur er Hlynur sagði mér að taka húfuna af þrjú trénu mínu.

Ég öskraði á hann að ég væri ekki svo mikið fífl að setja pútterinn þar undir. Var ekki að kveikja á neinu. Hann sagði mér samt að gera það og eftir nokkrar fortölur lét ég tilleiðast og viti menn. Þar var hann falinn.

„Ég var að spá í að láta þig keyra alla leið til baka. Það hefði verið fyndið,“ sagði Hlynur með skítaglott á andlitinu á meðan undirritaður íhugaði að kasta pútternum í hann. Þorsteinn og Daði hreinlega táruðust af hlátri. Ég viðurkenni það að ég var tekinn þarna. Þetta var vont.

Það er magnað að fylgjast með okkar bestu kylfingum spila golf. Þetta er nánast önnur íþrótt. Á meðan meðalmaðurinn berst við að komast upp að flöt slær Hlynur um 300 metra upphafshögg sem lenda öll inni á braut. Þetta gerir hann eins og að drekka vatn. Golf er ótrúlega einföld íþrótt ef maður horfir á þá bestu spila.

Erfiðustu brautir vallarins að mati Hlyns eru 2. og 15. brautin. „Hér ráðast Íslandsmót, drengir,“ sagði Hlynur áður en minni spámennirnir tóku upphafshögg á 15. brautinni. Afar uppörvandi eða hitt þó heldur. Afrekskylfingurinn tók allt hollið á taugum enda slógum við allir út fyrir braut og langleiðina að Hvítá.

Fimmtánda brautin er ákaflega erfið og Hlynur gæti reynst sannspár þarna. Brautin er mjög þröng og þeir sem fara út fyrir eru í afar vondum málum. Þarf vart að taka fram að Hlynur var að sjálfsögðu á braut ólíkt okkur hinum.

Hringurinn var æði skrautlegur hjá okkur áhugamönnunum og sem betur fer þurfti ekki að skila inn skorkorti heldur giltu tvö bestu skorin á hverja holu.

Hlynur lék aftur á móti eins og engill og skilaði skori upp á 72 högg sem er nýtt vallarmet. Verður áhugavert að sjá hvort hann fylgir því eftir næstu daga en búast má við honum í harðri toppbaráttu ásamt mörgum öðrum enda eigum við Íslendingar orðið marga góða kylfinga.

henry@frettabladid.is



**EINBEITTUR** Púttin munu skipta miklu máli um helgina og Hlynur er hér að lesa brot í einni flötinni. Flatirnar í Kiðjaberginu eru misjafnar. Sumar flatir eru afar góðar en aðrar ekki „landsmótshæfar“ eins og einhverjir höfðu á orði. Hlynur púttaði nokkuð vel í upphafi vikunnar. MYND/STEFÁN GARÐARSSON



**„HÉR RÁÐAST ÍSLANDSMÓT, DRENGIR“** Svo mælti Hlynur Geir er við komum upp á 15. teig og hann hefur eflaust margt til síns máls. Á þessari holu má ekkert út af bera. MYND/KRISTJÁN



**EGGIÐ KENNIR HÆNUNNI** Undirritaður þykist eitthvað hafa til málanna að leggja varðandi taktík. Hann er á því að það hafi skilað sínu því Hlynur lék á nýju vallarmeti. MYND/STEFÁN GARÐARSSON







Ólafur Björn ætlar sér að verja Íslandsmeistaratitilinn:

## Aldrei verið eins margir góðir kylfingar á Íslandi

**GOLF** Ólafur Björn Loftsson tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í Grafarholti í fyrra á dramatískan hátt. Hann kom þá til baka á lokaholunum og tryggði sér síðan titilinn með einhverju stórkostlegasta pútti sem sést hefur á íslenskum golfvelli.

„Spennustigið hjá mér fyrir mótið er mjög gott og ég hlakka til að byrja. Ég mæti til leiks fullur sjálfstrausts og bjartsýnn. Að sjálfsögðu stefni ég að því að verja titilinn,“ sagði Ólafur Björn þar sem hann var við æfingar í Kiðjaberginu í gær.

„Það verður óneitanlega meira pressa á mér þar sem ég hef titil að verja. Það truflar mig ekkert því ég kann ágætlega við að spila undir pressu og spila oft best þegar pressan er hvað mest.“

Ólafur Björn segir að það verði frábært að spila Íslandsmótið á þessum skemmtilega velli sem er umlukinn glæsilegri náttúru.

„Það er ótrúlegur andi þarna á vellinum. Svo er þetta það skemmtilegt mót að það er ómögulegt annað en að njóta sín,“ sagði Ólafur Björn, en hverjir verða hans helstu keppinautar um helgina?

„Það er ómögulegt að segja. Við eigum ótrúlegan fjölda af góðum kylfingum um þessar mundir og ég tel að það hafi aldrei áður verið eins margir góðir kylfingar á Íslandi,“ sagði Ólafur en kylfingar munu væntanlega ekki spila í sömu blíðu og hefur verið síðustu daga enda spáð rigningu og roki um helgina.

„Þetta mót mun líklega ráðast á því hver gerir fæstu mistökin. Ekki hverjir ná í flesta fuglana. Það verður nauðsynlegt að halda bolta í leik.“

- hbg



**FÖGNUÐUR** Ólafur Björn steig trylltan dans er hann tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Viltu hlaupa til góðs?

## www.hlaupastyrkur.is

Skráning er í fullum gangi í Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka sem fer fram þann 21. ágúst. Ef þú vilt hlaupa til góðs getur þú nú fengið vini, vandamenn, fyrirtæki eða bláókunnuga til að heita á þig á vefsíðunni hlaupastyrkur.is





**Þetta er einfalt:**

1 Þú skráir þig í Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka á marathon.is og velur góðgerðafélag til að hlaupa fyrir.

2 Þú ferð á hlaupastyrkur.is og skráir þig inn með því að smella á Nýskráning. Þá færðu þína eigin síðu og getur byrjað að safna áheitum.

3 Þeir sem vilja heita á þig geta annað hvort gert það með **sms-skilaboðum** eða **kreditkorti**.

4 Til að vekja athygli á áheitasöfnun þinni getur þú búið til myndband með andlitsmynd þinni og sent með **tölvupósti**, á **Facebook** eða **Twitter**. Á Facebook og Twitter getur þú einnig deilt með öðrum að þú sért að safna áheitum. Svo getur þú líka sótt barmmerki í næsta útibú Íslandsbanka.

Skráðu þig strax til leiks og byrjaðu að safna áheitum á hlaupastyrkur.is

**Hlauptu til góðs!**




10 KM
REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

„Ég hleyp fyrir Blátt áfram"

Elías Þór Sigfússon

Íslandsbanki

- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 10-0396

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**2.000** laxar og ríflega það eru komnir á land úr Norðurá og Þverá í Borgarfirði. Blanda getur státað af því sama. Vart þarf að taka það fram að um metveiði er að ræða.

**36.069** fiskar veiddust í Veiðivötnum árið 2009. Veiðisumarið var það besta frá upphafi skráningar. Alls fengust 30.221 fiskur á stöng (84%) og 5.848 fiskar komu í net.

## FLUGAN



MYND/VEIÐIFLUGUR.IS

### Sennilega sú frægasta

- Ein frægasta veiðifluga sem hefur verið hönnuð er Jock Scott. Hún ber nafn hönnuðarins, en hann var í þjónustu hefðarmannsins Johns Scott við hina frægu á Tweed upp úr 1850.
- Á Íslandi var hún notuð mikið fram undir 1960 en vék þá að mestu fyrir öðrum flugum. Flugan er mjög flókin í hnýtingu og ekki á færi allra að hnýta hana svo vel sé, en er nú fáanleg að nýju.
- Flugan tengist Laxá í Aðaldal órofa böndum en þetta er einmitt flugan sem Jakob Hafstein veiddi 36 punda lax í Hólmahyl árið 1942.



**ALLT TIL ALLS** Veiðihúsið við Breiðdalsá er allt hið glæsilegasta.

Strengir.is

### Veiðin uppfærð daglega á Netinu

Veiðimenn hafa óvenjulega góðan aðgang að upplýsingum um laxveiði í Breiðdalsá. Á heimasíðu Veiðiþjónustunnar Strengja, strengir.is, er veiðidagbók árinnar uppfærð jafnóðum. Þar má kynna sér fjölda veiddra laxa dag frá degi, veiðistað og stærð. Þetta framtak er til fyrirmyndar og ætti frekar að vera regla á þekktum veiðisvæðum en undantekning. - **shá**

# Veiði í Selá hefur nærri tvöfaldast á fimm árum

Selá í Vopnafirði opnaði með glæsibrag eins og flestar íslenskar ár þetta sumarið. Metveiði hefur verið í ánni seinustu ár. Aldrei hafa jafn margir laxar veiðst í opnuninni og hefur veiðin næstum tvöfaldast síðastliðin fimm metár. Laxinn veiddist strax uppi um alla á sem er nokkuð óvenjulegt í Selánni. Mest voru það stórir laxar, 10-15 pund.



**ORRI VIGFÚSSON**

Orri Vigfússon, formaður Strengs, leigutaka Selár, segir að veiðin hafi haldist ævintýralega góð. Yfir 600 laxar hafa veiðst nú þegar, sem er sérstakt þegar horft er til þess að aðalveiðitími árinnar er um og eftir mánaðamótin júlí/ágúst.

Orri hefur fóstrað ána áratugum saman. „Þetta er mín módelá, ef svo má segja. Hér keyptum við upp netin og á þessum fjörutíu árum sem við höfum verið með ána höfum við þrefaldað veiðina í þrígang. Það er eins og búsvæðin í ánni taki við fleiri og fleiri löxum. Veiðin hefur því verið mjög lífleg á síðustu árum.“

Orri segir aukninguna á veiðinni í ánni sérstaklega ánægjulega í því ljósi að laxinn er af öllum stærðum. „Það er mikið af stórlaxi, frá 8 upp í 12 pund, og síðan koma líka örlaxar með. Þetta tel ég vera styrkleikamerki á lífríkið í ánni.“

Orri veiddi í Selá með Bob Sherwood, ritstjóra Financial Times, á dögunum. Sherwood kom hingað til að kynna sér ræktunarstarfið í ánni og Verndarsjóð villtra laxa (NASF). „Hann fékk 34 laxa á þremur dögum og hefur auðvitað aldrei upplifað aðra eins veiði.“

Orra er hugleikin umræðan um sleppingar á veiddum laxi, en hún hefur verið mjög hástemmd að undanförnu. Hann bendir á að horft sé til sleppinga á stórlaxi, eðlilega, en það megi ekki heldur gleyma því að stórlaxagenið sé líka að finna í smálaxinum. Það er því hans skoðun að því fleiri laxar sem lifi sumarið gefi vonir um bættan hag ánna og veiðimanna til lengri framtíðar.

Sleppingar byrjuðu í Selá 1989 en síðustu árin hefur 80 prósentum af laxi verið sleppt. „Menn taka auðvitað með sér einn og einn smálax í reyk,“ segir Orri sem þakkar sleppingunum uppsveifluna í laxveiðinni. „En þetta tengist líka breyttum umhverfisaðstæðum og þá ekki síst hlýnun. Árnar okkar eru kaldar og yfirleitt hafa seiðin þurft fimm til sex ár í ánni áður en þau ganga til sjávar. Hlýnunin styttir þennan tíma og afföll verða minni. Þetta gæti verið ein skýringin af mörgum.“

Orri er einnig formaður Laxárfélagsins í Laxá í Aðaldal. Á svæðum félagsins hafa veiðst 400 laxar, þar af hafa fimmtíu sem eru frá 19 pundum og upp í 25 pund. „Þetta er með ólíkindum og á hverjum degi veiðast yfir 20 punda laxar.“

svavar@frettabladid.is



**FOSSBROTIÐ Í SELÁ** Fiskgangur var gerður við fossinn árið 1968 sem greiddi laxi leið upp ána. Árin áður var veiði í Selá innan við 200 laxar. Veiðisvæðið virðist taka stöðugt við meiri laxi sem sést á því að veiðin hefur þrefaldast í þrígang á þremur áratugum. MYND/ORRI

### Laxveiðin í Selá

| Ár | Laxar |
|---|---|
| 2009 | 1.993 |
| 2008 | 2.025 |
| 2007 | 2.225 |
| 2006 | 2.740 |
| 2005 | 2.316 |
| 2004 | 1.670 |
| 2002 | 1.653 |
| 2001 | 1.108 |
| 2000 | 1.360 |
| 1999 | 991 |
| 1998 | 1.140 |
| 1997 | 685 |
| 1996 | 737 |

Veiði var á milli 100 og 200 laxar um árabil á níunda áratugnum.

Urriðaveiði í Laxárdal og Mývatnssveit www.svfr.is



NÚ BER VEL Í VEIÐI

Eigum lausar stangir í frábæra urriðaveiði í Laxárdal og Mývatnssveit
Hægt er að kaupa veiðileyfi á svfr.is eða síma 568 6050

Farðu inn á SVFR.is og gerðu veiðisumarið ógleymanlegt.

SVFR

### Veiðistaðurinn – Skuggi í Langá á Mýrum



## „Þar sem áin blánar af laxi“

**Ingvi Hrafn Jónsson, staðarhaldari í Langá, segir veiðimenn oft kasta á torfur af laxi sem telja tugi og jafnvel hundruð laxa. Þetta á við um fyrstu tvær til þrjár vikur veiðitímans í júlí. Eins að laxinn líti oft ekki við agni, svo mikið liggur honum á að ganga fossinn og halda upp ána. Því reynir Skuggafoss á þolrif veiðimanna.**

- Þrír veiðistaðir í raun.
- Ekki má veiða á fimmtán metrum næst fossinum.
- Strengir þar fyrir neðan eru gjöfulasti staðurinn í ánni.
- Vatnsmagnið í ánni ræður miklu um veiði hér, eins og annars staðar.
- Í góðu árferði gefur staðurinn 300-400 nýrunna laxa.



Fyrstu veiðivikurnar ótrúlega góðar:

# Allt stefnir í metár

**VEIÐI** Hinn 14. júlí síðastliðinn höfðu veiðst 12.509 laxar í sumar. Á sama tíma í fyrra höfðu veiðst 5.962 laxar og árið 2008, sem var metár, hafði veiðst 6.901 lax. Laxveiðin hingað til í sumar hefur því verið rúmlega 80 prósentum meiri en á metárinu 2008. Þetta kemur fram í tölum Landssambands veiðifélaga.

Ljóst er að ekki er einungis um góða byrjun á veiðisumrinu að ræða en nú er liðinn einn og hálfur mánuður síðan fyrstu laxárnar opnuðu. Göngur eru enn sterkar og veiðin ótrúlega mikil þótt enn hái vatnsleysi á ákveðnum stöðum svo sem á Mýrum, Snæfellsnesi og í Dölunum, að því er fram kemur í frétt á vefsíðu Landssambandsins.

Vanir veiðimenn vita að þegar kemur að veiði er aldrei á vísan að róa en þó verður að teljast líklegt að veiðimet verði slegið í sumar. **- mþl**



**VEL BER Í VEIÐI** Nýjar laxveiðitölur verða birtar á vefnum í dag en þar mun koma fram að Þverá og Blanda hafa þegar rofið tvö þúsund laxa múrinn.



**BRÚIN YFIR SOGIÐ** Ungmenni hafa gert sér að leik að stökkva af brúnni. Myndin er úr safni.

Hætta á ferðum:

# Stökkva af Sogsbrúnni

**VEIÐI** Ungmenni á Suðurlandi hafa í sumar gert sér það að leik að stökkva fram af brúnni við Þrastarlund í Soginu. Þetta kemur fram á vefsíðu Stangveiðifélags Reykjavíkur en veiðimenn hafa tilkynnt skrifstofu félagsins um athæfið.

Veiðimenn þekkja það vel að Sogið ber nafn með rentu, enda áin straumþung svo tekið er eftir. Ungmennin hafa stokkið fáklædd af brúnni ofan í strauminn og synt aftur á bakkann en enginn björgunarhringur er á brúnni.

Lögregla hefur brugðist við kvörtunum veiðimanna. **- mþl**



**RIÐIÐ YFIR RANGÁ** Veiðimenn í Eystri-Rangá urðu fyrir því óhappi að hestar skemmdu bílinn þeirra. Myndin er úr safni.

Veiðimenn í Eystri-Rangá:

# Hestar skemmdu bíl veiðimanna

**VEIÐI** Bræður sem fóru að Eystri-Rangá til veiða í byrjun júlí urðu heldur betur fyrir vonbrigðum þegar þeir sneru úr veiðinni og hugðust keyra á brott. Hestar, sem voru í nágrenni við veiðistaðinn, höfðu stórskemmt bílinn þeirra. „Þeir nöguðu bílinn alveg niður í lakk, segir Óskar Benediktsson,“ faðir drengjanna.

Óskar vill vara þá, sem ætla að fara að veiða í Eystri-Rangá, við aðstæðum þar. Þetta hafi verið dýrt spaug fyrir syni sína því að tryggingafélagið bæti ekki skemmdir af völdum dýra. Synir sínir hafi ekki verið varaðir við því að hestar á svæðinu gætu skemmt bílinn. **- jhh**







VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> **Ellen Pompeo**

„Mér finnst leiklist ekkert sérstaklega göfugt starf. Ég er ekki að bjarga neinum, ég er ekki kennari, ég vinn ekki fyrir UNICEF. Mér finnst ég ekkert sérstök.“

***Ellen Pompeo verður á Stöð 2 extra kl. 20.15 í kvöld í hlutverki Dr. Meredith Grey.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFIR Á MASTERCHEF Á BBC LIFESTYLE**

## *Sérvitrir fagurkerar stinga upp í sig mat*

Fagurkerarnir John Torode og Gregg Wallace stjórna matreiðsluþættinum Masterchef sem er sýndur á hinni ágætu sjónvarpsstöð BBC Lifestyle.

Í Masterchef keppa áhugakokkar um sigurlaunin sem er starf á flottum veitingastað. Gaman er að fylgjast með þeim spreyta sig á hinum ýmsu uppskriftum en helsti gallinn við þáttinn er sá að maturinn sjálfur er oftast langt frá því að vera gómsætur. Fiskur með grænni sósu var til að mynda á boðstólum fyrir skömmu ásamt steiktum sveppum á þurru, ristuðu brauði. Bretar eru svo sem ekki þekktir fyrir matargerðarlist sína og því ætti þetta ekki að koma svo mikið á óvart. Stundum finnst manni líka eins og Gordon Ramsay-týpa mætti standa yfir nýliðunum og öskra á þá og niðurlægja. En kannski er maður bara orðinn of góðu vanur úr þeirri áttinni.

Þáttastjórnendurnir sjálfir, þeir Torode og Wallace, eru áhugaverðir karakterar og búa hvor yfir sínum stílnum við smökkun matarins hjá keppendunum. Annar stingur gafflinum í matinn og snýr honum síðan á hvolf sekúndubroti áður en hann fer í munninn. Hinn notar ekki einu sinni gaffal heldur tekur allt upp með fingrunum og treður því síðan ofan í sig. Miðað við tilburðina líta þeir út fyrir að vita hvað þeir eru að tala um og það skiptir auðvitað ansi miklu máli þegar menn bregða sér í hlutverk slíkra sérfræðinga og fagurkera.



**STJÓRNENDURNIR** John Torode og Gregg Wallace stjórna matreiðsluþættinum Masterchef á BBC Lifestyle.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.10** Family Guy SKJÁREINN



▶ **20.15** Grey's Anatomy STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.05** Nýgræðingar SJÓNVARPIÐ



▶ **22.05** Road Trip STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.20** Monk STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Stiklur – Nær þér en þú heldur, seinni hluti** Ómar Ragnarsson fer um landið og greinir frá því sem fyrir augu ber. (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hvaða Samantha? (34:35)**

**18.00 Krakkar á ferð og flugi** (1:10) Fylgst er með börnum víðs vegar um landið í leik og starfi. (e)

**18.25 Dalabræður** (4:10) (Brödrene Dal). (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Réttur er settur** (4:10) (Raising the Bar)

**20.20 Castle** (10:10) (Castle) Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum úr bókum hans.

▶**21.05 Nýgræðingar** (154:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.

**21.30 Trúður** (10:10) (Klovn IV). Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.(e)

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.05 Hvaleyjar** (2:12) (Hvaler) (e)

**00.00 Mótókross** Þáttur um Íslandsmótið í mótókrossi sem er torfærukappakstur á vélhjólum.

**00.30 Fréttir (e)**

**00.40 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.05 Speed Racer**

**10.15 Dave Chappelle's Block Party**

**12.00 Land Before Time XIII: The Wisdom of Friends**

**14.00 Speed Racer**

**16.10 Dave Chappelle's Block Party**

**18.00 Land Before Time XIII: The Wisdom of Friends**

**20.00 Thelma and Louise**

▶**22.05 Road Trip**

**00.00 Eternal**

**02.00 No Country for Old Men**

**04.00 Road Trip**

**06.00 Rock Star**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Harry og Toto, Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Last Man Standing** (3:8)

**11.00 Sjálfstætt fólk**

**11.45 Logi í beinni**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 NCIS** (5:25)

**13.45 The O.C.** (18:27)

**14.30 La Fea Más Bella** (204:300)

**15.15 La Fea Más Bella** (205:300)

**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar, Harry og Toto, Litla risaeðlan.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (8:22)

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.09 Veður**

**19.15 Two and a Half Men** (12:24)

**19.40 How I Met Your Mother** (9:24)

**20.05 Amazing Race** (2:11)

**20.50 The Closer** (4:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.

**21.35 The Forgotten** (1:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.

**22.20 The Wire** (8:10) Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum.

▶**23.20 Monk** (4:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk.

**00.05 Lie to Me** (6:22)

**00.50 The Tudors** (1:8)

**01.40 Wind Chill** Spennandi hrollvekja um tvo háskólanema sem ferðast þvert yfir Bandaríkin á leið heim í skólafrí.

**03.10 Tube** Suður-kóresk hasarmynd.

**05.05 The Simpsons** (8:22)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### SPORT *besta sætið*

**17.40 Reno-Tahoe Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.

**18.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót könnuð.

**19.00 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational mótinu í golfi sem haldið var í Vestmannaeyjum annað árið í röð.

**19.40 Sumarmótin 2010**

**20.30 Sterkasti maður Íslands** Sýnt frá keppninni um Sterkasta mann Íslands árið 2010. Til leiks mæta margir af sterkustu kraftajötnum landsins og etja kappi í mörgum skemmtilegum keppnisgreinum.

**21.00 Veiðiperlur**

**21.30 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Inter** Útsending frá leik Chelsea og Inter í Meistaradeild Evrópu.

**23.15 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Grasshoppers** (Liverpool - Grasshoppers) Útsending frá leik Liverpool og Grasshoppers.

**18.15 Liverpool - Grasshoppers** (Liverpool - Grasshoppers) Útsending frá leik Liverpool og Grasshoppers.

**20.00 Premier League World 2010/2011** (Premier League World 2010/11) Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.

**20.30 Football Legend** (Alfonso) Frábær þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um hinn snjalla og skemmtilega leikmann Alfonso.

**20.55 HM 2010** (Úrúgvæ - Þýskaland) Útsending frá leiknum um 3. sætið á HM 2010.

**22.45 PL Classic Matches** (Man United - Middlesbrough, 1996)

**23.15 PL Classic Matches** (Liverpool - Chelsea, 1997)

**23.45 PL Classic Matches** (Everton - Leeds, 1999)

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Óstöðvandi tónlist**

**15.25 Being Erica** (10:13) (e)

**16.10 Rachael Ray**

**16.55 Dr. Phil**

**17.40 Sumarhvellurinn** (6:9) (e)

**18.05 How To Look Good Naked 4** (1:12) (e) Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín.

**18.55 H2O** (19:26) Skemmtileg unglingaþáttaröð um þrjár sextán ára stelpur sem hugsa um fátt annað en föt, ströndina og stráka.

**19.20 America's Funniest Home Videos** (18:46) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**19.45 King of Queens** (13:23)

▶**20.10 Family Guy** (10:14) Teiknimyndasería með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

**20.35 Parks & Recreation** (12:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.

**21.00 Flashpoint** (13:18) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest.

**21.50 Law & Order** (13:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.

**22.40 Jay Leno**

**23.25 In Plain Sight** (5:15) (e)

**00.10 King of Queens** (13:23) (e)

**00.40 Óstöðvandi tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Helgi Eysteinsson framkvæmdastjóri Vita travel.

**21.00 Eitt fjall á viku** Pétur Steingrímsson í fjallaferð um Vatnsnes.

**21.30 Birkir Jón** Varaformaður Framsóknarflokksins heldur áfram að ræða við Hall Magnússon.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.35**

### The Forgotten

Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um óbreytta borgara sem taka lögin í sínar hendur og ljúka rannsókn á ákveðnum sakamálum sem lögreglan hefur gefist upp á.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Closer
**Stöð 2 kl. 20.50**

Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson en ásamt því að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hins harðsvíraða lögregluliðs í Los Angeles þarf hún að takast á við afar viðkvæmt einkalíf.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Schumann og fjölskylda
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.22** Syrpan
**19.00** List og losti
**19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**21.30** Kvöldsagan: Vatnaniður
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins: Því miður, skakkt númer
**22.55** Útvarpsperlur: Þeir hjá Kodak bókstaflega báru mig á höndum sér
**23.45** Heimsókn til listamanna
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.15 Grey's Anatomy** (6:17) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Gossip Girl** (17:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**22.30 Mercy** (13:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.

**23.15 Ghost Whisperer** (23:23) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.

**00.00 True Blood** (5:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.

**01.00 Grey's Anatomy** (6:17)

**01.45 The Doctors**

**02.30 Fréttir Stöðvar 2**

**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Only Fools and Horses **12.40** My Family **13.10** My Family **13.40** After You've Gone **14.10** After You've Gone **14.40** The Weakest Link **15.25** Dalziel and Pascoe **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** After You've Gone **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Grownups **19.00** Gavin & Stacey **19.30** Jonathan Creek **20.25** Grownups **20.55** Whose Line Is It Anyway? **21.25** Doctor Who **22.10** Doctor Who **22.55** After You've Gone **23.25** Whose Line Is It Anyway? **23.55** Grownups

## DR 1

**12.00** De Forældreløses kor **12.30** Og det var Danmark **13.00** Kær på tur **13.30** Søren Ryge præsenterer **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Fandango **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Og det var Danmark **17.30** Ønskehaven **18.00** Jamie Oliver i Italien **18.25** Sommervejret **18.30** Så for sommer **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2010 **20.00** Katastrofealarm **21.35** Höök **22.35** Naruto Uncut **22.55** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Drivhusdrømmer **12.50** Smaken av Danmark **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Dallas **15.30** Kroppen **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** En luksuriøs togreise **18.00** Friidrett: Diamond League **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Pressa **21.05** Kveldsnytt **21.20** Vår aktive hjerne **21.50** Rebus **23.00** Munter mat **23.30** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.30** Golf. Scandinavian Masters **15.25** Vinnarna **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Grön glädje **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Mitt i naturen **18.30** Djursjukhuset **19.00** Himmelblå **19.45** Undercover Boss **20.30** Golf: Scandinavian Masters **21.15** The Seventies **21.45** Allsång på Skansen **22.45** Uppdrag Granskning **23.45** Om Stig Petrés hemlighet


ÚTSALAN
HEFST Í DAG 50% AFSLÁTTUR



ORGINAL
SMÁRALIND

## SUMARFRÍIÐ



*„Ég er búinn að fara í eitt sumarfrí með fjölskyldunni. Við vorum í fjóra daga í sumarbústað norður í Skagafirði. Síðan ætlum við til Stokkhólms í byrjun september í fimm daga.“*

Hjalti Rúnar Sigurðsson hjá fyrirtækinu Kikali Designers Agency.

# Söfnuðu aðeins 50 þúsund fyrir Borgríki

„Ég held að fólk hafi margt betra að gera við peningana sína þessa dagana,“ segir leikstjórinn Ólafur Jóhannesson.

Aðeins um fimmtíu þúsund krónur söfnuðust í fjáröflun sem framleiðendur kvikmyndarinnar Borgríki stóðu fyrir á Netinu. Upphaflega stóð til að safna einni milljón og sá peningur átti að renna til leikara og annars starfsfólks myndarinnar. Hugmyndin var einnig sú að þeir sem gæfu mestan pening gætu keypt sér lítið hlutverk í myndinni en það kom aldrei til þess. „Þetta var bara tilraun. Það þarf að venja fólk á þetta,“ segir Ólafur.

Leikstjórinn útskýrir að fólkið í kringum myndina hafi ekki verið að treysta á þessa milljón sem lagt var upp með. „Það skófu allir vel af laununum sínum og lögðust á eitt um að gera þetta,“ segir hann. „Það var búið að eyrnarmerkja þetta starfsfólkinu, þannig að þessi peningur færi ekki inn í fyrirtækið. Þessi fimmtíu þúsund kall fer þangað. Þetta er ein dietkók,“ segir hann og hlær, en hátt í fimmtíu manns unnu við myndina.

Tökum á Borgríki lauk í síðasta mánuði og stóðu þær yfir í þrjá mánuði. Myndin gerist á einum mánuði í Reykjavík, þegar erlend glæpasamtök ákveða að taka yfir eiturlyfjamarkaðinn á Íslandi. Fylgst er með fjórum ólíkum einstaklingum sem munu tortíma hver öðrum. Með aðalhlutverk fara Ágústa Eva Erlendsdóttir og Ingvar E. Sigurðsson. Borgríki verður frumsýnd á næsta ári. - fb



**BORGRÍKI** Aðeins um fimmtíu þúsund krónur söfnuðust í fjáröflun fyrir kvikmyndina Borgríki.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** gá, **6.** eftir hádegi, **8.** kopar, **9.** tala, **11.** golf áhald, **12.** afhending, **14.** spergill, **16.** pípa, **17.** umfram, **18.** fát, **20.** átt, **21.** auma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** erfðavísa, **3.** tveir eins, **4.** dauflegur, **5.** þrí, **7.** kenndur, **10.** suss, **13.** stæla, **15.** geð, **16.** iðka, **19.** tvö þúsund.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. gelt, 6. eh, 8. eir, 9. níu, 11. tí, 12. afsal, 14. aspas, 16. æð, 17. auk, 18. fum, 20. sa, 21. arma.
**LÓÐRÉTT:** 1. gena, 3. ee, 4. lítilaus, 5. trí, 7. hífaður, 10. uss, 13. apa, 15. skap, 16. æfa, 19. mm.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Landsvirkjun.
2. Robyn.
3. Hallbera Guðný Gísladóttir.








**Í HLJÓÐVERINU** Agent Fresco í Orgelsmiðjunni þar sem nýja platan er tekin upp. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

### ARNÓR DAN ARNARSSON: ÉG ER VIRKILEGA SPENNTUR FYRIR PLÖTUNNI

# Agent Fresco tekur upp fimmtán laga konseptplötu

„Ég er virkilega spenntur fyrir plötunni og er ánægður með útkomuna eins og þetta lítur út núna,“ segir Arnór Dan Arnarson, söngvari Agent Fresco.

Hljómsveitin er byrjuð að taka upp fyrstu breiðskífu sína í hljóðverinu Orgelsmiðjunni. Upptökurnar áttu að hefjast formlega í ágúst en þeim hefur verið flýtt lítillega. „Þetta kostar ógeðslega mikinn næturtíma en þetta verður vel þess virði,“ segir Arnór Dan. Fimmtán lög verða á plötunni þar sem ákveðin heildarmynd verður í gangi. Slíkar plötur kallast konseptplötur á ensku, en Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band með Bítlunum og Animals með Pink Floyd eru á meðal þekktari plötum í þeim flokki. „Lögin tengjast pínulítið en aðallega textarnir,“ segir söngvarinn.

> Þetta kostar ógeðslega mikinn næturtíma en þetta verður vel þess virði.
>
> **ARNÓR DAN ARNARSSON**
> SÖNGVARI AGENT FRESCO

Agent Fresco hefur verið ein mest spennandi hljómsveit landsins frá því að hún vann Músiktilraunir árið 2008. Hljómsveitin var sigursæl það ár og vann einnig íslensku undankeppnina fyrir alþjóðlegu hljómsveitakeppnina Global Battle of the Bands.

Enn á eftir að ráða nýjan bassaleikara í Agent Fresco. Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðasta mánuði hætti Borgþór Jónsson, einn af stofnendum sveitarinnar. Vignir úr Ultra Mega Technobandinu Stefáni og Helgi Eyjólfsson úr Fjallabræðrum koma til greina í hans stað og hafa þeir eitthvað spilað með sveitinni að undanförnu. Í hljóðverinu hefur gítarleikarinn Þórarinn Guðnason séð um að taka upp flesta grunnbassana en ef sveitin þarf á kontrabassaleikara að halda eru aðrir kallaðir til leiks.

Nýja platan er væntanleg í búðir í október eða nóvember og bíða íslenskir rokkunnendur óþreyjufullir eftir henni. Tvö ár eru liðin síðan EP-plata sveitarinnar, Lightbulb Universe, kom út.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Rúnar Kristinsson** og lærisveinar hans í KR lentu í Lviv í Úkraínu í gær og mæta liðinu FC Karpaty í kvöld. Það er á brattann að sækja fyrir KR, sem tapaði illa fyrir úkraínska liðinu á heimavelli á dögunum. Móttökurnar í Úkraínu voru þó afar blíðar – reyndar svo blíðar að íslensku fótboltakapparnir skildu hvorki upp né niður í þeim. Fjöldi fjölmiðlamanna elti þá á röndum með sjónvarpsmyndavélar á lofti og fólk á flugvellinum vildi fá mynd af sér með þeim eins og um alþjóðlegar fótboltastórstjörnur væri að ræða …



Máttur Facebook-samskiptasíðunnar kom berlega í ljós í gær þegar **Vala Grand** tilkynnti að hún væri á lausu. Ekki liðu nema nokkrar mínútur þar til fjölmargir vefir höfðu flutt fréttina og netnotendur létu skoðun sína í ljós hreinlega úti um allt. Þeir sem vilja nánari upplýsingar um sambandsslit Völu og Baldvins þurfa þó væntanlega að bíða aðeins því hún segist ekki ætla að tjá sig um sambandsslitin við fjölmiðla.



Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær er sænska poppstjarnan Robyn á leiðinni til landsins í október til að spila á Iceland Airwaves-hátíðinni. Hún er þessa dagana stödd í Los Angeles þar sem hún kom fram á tónleikum í gær. Á meðal gesta voru **Steinunn** og stúlkurnar í stjörnuborginni við upptökur á stuttskífu. Eftir tónleika Robyn héldu þær á staðinn Drai's í sérstakt eftirpartí fyrir söngkonuna Rihönnu. Drai's er með fínni stöðum í Hollywood. Þar eru til að mynda strangar reglur um klæðaburð og mega gestir hvorki vera með hatta né í pokalegum fötum … - afb



# Raggi Bjarna syngur á Innipúkanum

„Ég ætla bara að vera ég sjálfur,“ segir söngvarinn ástsæli Raggi Bjarna en hann kemur fram á tónlistarhátíðinni Innipúkanum sem verður haldin í níunda sinn í Reykjavík um verslunarmannahelgina.

„Mér líst ótrúlega vel á þetta. Ég var með Dr. Spock í Vestmannaeyjum á Þjóðhátíð fyrir nokkrum árum, þannig að ég er vel undir þetta búinn,“ segir Raggi og hlakkar til að skemmta sér með unga fólkinu. „Ég ætla að syngja eitthvað af þessu fiftís-rokki. Síðan verður þetta eitthvert samkurl og ég syng kannski eitthvað með öðrum.“

Raggi fylgir þar með í fótspor ekki ómerkari manna en Ómars Ragnarssonar, Gylfa Ægissonar, Bjartmars Guðlaugssonar og Megasar sem hafa allir sungið á Innipúkanum undanfarin ár.

Auk Ragga Bjarna koma fram á Innipúkanum í ár flytjendurnir Árstíðir, Berndsen, Jan Mayen, Markús & the Diversion Sessions, Me, the Slumbering Napoleon, Mr. Silla, Nóra, Nóló, Ojba Rasta, Retro Stefson, Retron og Snorri Helgason.

Líkt og í fyrra stendur Innipúkinn yfir í þrjá daga; hefst föstudaginn 30. júlí og lýkur 1. ágúst. Heimili Innipúkans í ár eru tónleikastaðirnir Sódóma og Venue, sem standa hlið við hlið á Tryggvagötunni, auk Naustsins milli Tryggvagötu og Hafnarstrætis, sem verður lokað fyrir bílaumferð. Miðaverð á Innipúkann er 2.900 kr. fyrir alla þrjá dagana og hefst miðasala á Midi.is í dag.

Næst á dagskrá hjá Ragga Bjarna áður en að Innipúkanum kemur er spilamennska í Allanum á Siglufirði á föstudagskvöld og í Kántríbæ á Skagaströnd á laugardagskvöld. - fb



**RAGGI BJARNA** Raggi Bjarna syngur á Innipúkanum sem verður haldinn í níunda sinn um verslunarmannahelgina.



**ÁRSTÍÐIR** Hljómsveitin Árstíðir spilar á Innipúkanum í ár.




GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8




WWW.GULAHUSID.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Dísa gefur út plötu



Von er á nýrri plötu með söngkonunni **Bryndísi Jakobsdóttur** snemma á næsta ári. Dísa gaf síðast út plötu árið 2008 en hefur undanfarið búið og unnið í Danmörku. Þar hefur hún samið lög með danska tónlistarmanninum Mads Mouritz undir nafninu Song for Wendy. Þau hafa nýlokið við að taka upp ein fimm lög, sem væntanlega verða á nýju plötunni. Dísa og Mads eru nú á leið til landsins og ætla að spila á tónleikum á Akureyri annað kvöld. Þar ætla þau að leggja hljómsveitinni Moses Hightower lið, en fjórmenningarnir eru að fylgja eftir nýútkominni plötu sinni, Búum til börn.

### Fær hjálp vina við að komast upp vinsældalista

Tónlistar- og knattspyrnumaðurinn **Jón Ragnar Jónsson** var í byrjunarliði FH í gærkvöldi þegar þeir öttu kappi við BATE Borisov frá Hvíta-Rússlandi. Jón stendur einnig í ströngu í tónlistinni þessa dagana, en lag hans Kiss in the Morning er sem stendur í þrettánda sæti vinsældalista Rásar 2. Þetta er annað lag Jóns sem kemst í þrettánda sæti listans, en hugurinn stefnir hærra. Jón notaði því lausa stund kvöldið fyrir leik og sendi Facebook-vinum sínum póst þar sem hann minnti á lagið og hvatti vinina til þess að kjósa í kosningum um uppröðun listans á heimasíðu Ríkisútvarpsins.



**- þeb**

## Mest lesið vísir.is

1. Risastjarna myndi stytta árið á jörðinni í þrjár vikur
2. Fundu óhreyfða gröf Maya-konungs í Guatemala
3. Éttu og haltu kjafti
4. Yfir 30 slösuðust um borð í Boeing
5. Íslandskynning bönnuð börnum
6. Flugfreyja stal frá sofandi farþegum







